

# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

## Fundargerð

**43. fundur** hreppsnefndar Rangárþings ytra kjörtímabilið 2002 - 2006, haldinn að Laugalandi í Holtum, þriðjudaginn 28. desember 2004, kl. 13:30.

Mætt: Sigurbjartur Pálsson, Valtýr Valtýsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Engilbert Olgeirsson, Viðar H. Steinarsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Þröstur Sigurðsson, varamaður Eggerts V. Guðmundssonar, Guðfinna Þorvaldsdóttir, varamaður Lúðvíks Bergmanns og Sigrún Sveinbjarnardóttir, sem ritar fundargerð.

Oddviti setti fund og stjórnáði honum.

### 1. Tillaga að fjárhagsáætlun 2005 - síðari umræða:

Lögð fram tillaga að fjárhagsáætlun Rangárþings ytra fyrir árið 2005 til síðari umræðu.

Helstu fjárhæðir í fjárhagsáætlun samstæðu Rangárþings ytra fyrir árið 2005 eru:

#### Rekstur:

Heildartekjur eru áætlaðar kr. 615.338 þús.

þ.a. skatttekjur kr. 482.000 þús.

Heildargjöld án fjármagnsliða eru áætluð kr. 569.762 þús.

Tekjuafgangur fyrir fjármagnsliði er áætlaður kr. 45.576 þús.

Fjármagnsliðir eru áætlaðir kr. 34.486 þús.

#### Efnahagur:

Eigið fé er áætlað kr. 455.416 þús.

Lífeyrisskuldbindingar eru áætlaðar kr. 13.001 þús.

Fastafjármunir eru áætlaðir kr. 940.898 þús.

Veltufjármunir eru áætlaðir kr. 99.963 þús.

Eignir samtals eru áætlaðar kr. 1.040.860 þús. Langtímaskuldir eru áætlaðar kr. 486.750 þús.

Skuldir og eigið fé samtals er áætlað kr. 1.040.860 þús.

Samþykkt með 5 atkvæðum, 3 sitja hjá (V.H.S., Þ.S. og G.Þ.).

Bókun vegna fjárhagsáætlunar 2005 fyrir Rangárþing ytra:

*Markmið meirihluta sveitarstjórnar Rangárþings ytra um rekstur sveitarsjóðs eru metnaðarlítil eins og þeim er list í fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun fyrir árið 2005.*

*Þó er gert ráð fyrir bata frá fyrra ári þegar rekstrarhalli var um 12% miðað við tekjur en nú er gert ráð fyrir 2% rekstrarafgangi á árinu 2005. Þessum bata á að mestu að ná upp með reiknuðum vöxtum og verðbótum á eigin sjóði og fyrirhugaðri sölu á landi til Sorpstöðvar Rangárvallasýslu. Landsölu sem ekki er búð að ganga frá formlega.*

*Ekki er gert ráð fyrir að fara út í sérstakar hagræðingaraðgerðir eða sparnað að öðru leyti en getið er um í greinargerð sveitarstjóra þar sem kveðið er á um að beitt verði virku aðhaldi í rekstrarkostnaði stofnana þannig að hann hækki ekki umfram 2% milli ára. Tíminn mun leiða í ljós hvort þessi lágstemmdu markmið náist en það er álit undirritaðra að allt of skammt sé gengið við sparnað og hagræðingu til að koma rekstri sveitarfélagsins í viðunandi horf.*

*Fulltrúar Ó- og K- lista hafa lagt fram ýmsar hugmyndir og tillögur varðandi hagræðingu í rekstri sveitarfélagsins og má í því efni nefna tillögur okkar varðandi fræðslunál, eignaumsjón, fyrirkomulag stjórnsýslu, sölu eigna, útboð verkefna og fleira. Þessar tillögur hafa því miður ekki fengið nægan hljómgrunn hjá þeim sem skipa meirihluta sveitarstjórnar Rangárþings ytra. Til að markmið um viðunandi rekstur megi lita dagsins ljós*

verður að ganga mun lengra í átt að því sem við höfum lagt til um rekstur og stjórnun sveitarfélagsins. Það verður þó ekki gert af núverandi meirihluta ef marka má þá reynslu sem komin er og því verða íbúar Rangárþings ytra að taka til sinna ráða um næstu kosningar og skipta um menn í brúnni.

Með hliðsjón af framansögðu þá sjáum við undirritaðir fulltrúar minnihlutans okkur ekki fært að samþykka fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun Rangárþings ytra fyrir árið 2005 og sitjum hjá.

Undirritaðir: Þröstur Sigurðsson og Viðar H. Steinarsson.

Bókun fulltrúa D lista í tilefni af bókun fulltrúa K og Ó lista við síðari umræðu og afgreiðslu á tillögu að fjárhagsáætlun Rangárþings ytra fyrir árið 2005, lögð fram á fundi hreppsnefndar Rangárþings ytra þ. 28. desember 2004:

Fulltrúar K og Ó lista eru enn við sama heygardshornið þegar helstu hagsmunamál sveitarfélagsins eru annars vegar eins og afgreiðsla á fjárhagsáætlun hvers árs er. Rætt er um metnað eða meint metnaðarleysi á afar hæpnum forsendum. Reyndin er sú, að þegar meirihluti sveitarfélaga landsins er að berjast við að ná hallalausum rekstri, telja fulltrúar K og Ó lista það metnaðarlítið hjá Rangárþingi ytra að reksturinn verði með afgangi á næsta ári. Mikill metnaður er í því fölginn, sem góða samstöðu þarf til að náist, en það kalla fulltrúar K og Ó lista lágstemmd markmið. Svona málf lutningur dæmir sig sjálfur og þarf ekki að bæta miklu við í því efni.

Tillöguflutningur K og Ó lista hefur ekki verið þannig að sjá megi beinan rekstrarlegan sparnað eða hagræðingu í þeim í brád. Engar sérstakar framfarir hafa verið augljósar í tillögum frá fulltrúunum enn sem komið er. Það væri til bóta ef þeir hefðu fram að færa tillögur til framfara en miðað við fyrri reynslu er slíkt ólíklegt.

Draumar þeirra um eigin framgang í næstu kosningum eru afar ólíklegir til að rætast.

Undirritaðir: Sigurbjartur Pálsson, Valtýr Valtýsson, Engilbert Olgeirsson, Ingvar P. Guðbjörnsson og Guðmundur I. Gunnlaugsson.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:00.  
Sigrún Sveinbjarnardóttir, ritari.

Sigurbjartur Pálsson  
Valtýr Valtýsson  
Engilbert Olgeirsson  
Ingvar P. Guðbjörnsson  
Guðmundur I. Gunnlaugsson  
Sigrún Sveinbjarnardóttir

# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

## Fundargerð

**42. fundur** hreppsnefndar Rangárþings ytra kjörtímabilið 2002 - 2006, haldinn að Laugalandi í Holtum, fimmtudaginn 16. desember 2004, kl. 13:30.

Mætt: Sigurbjartur Pálsson, Valtýr Valtýsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Engilbert Olgeirsson, Viðar H. Steinarsson, Sigrún Ólafsdóttir, varamaður Ingvars Péturs Guðbjörnssonar, Þröstur Sigurðsson, varamaður Eggerts V. Guðmundssonar, Heimir Hafsteinsson, Lúðvík Bergmann og Sigrún Sveinbjarnardóttir, sem ritar fundargerð.

Oddviti setti fund og stjórnaði honum.

### 1. Fundargerðir hreppsráðs:

1.1 Lögð fram fundargerð 57. fundar hreppsráðs - 9/12'04, sem er í 14 liðum.

Samþykkt samhljóða.

### 2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til staðfestingar:

Engar fundargerðir liggja fyrir.

### 3. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til kynningar:

3.1 Samráðsnefnd sveitarstjórna Rangárþings ytra og Ásahrepps - 9. fundur 9/12'04, sem er í 3 liðum.

### 4. Tillaga að fjárhagsáætlun 2005 - fyrri umræða:

Lögð fram tillaga að fjárhagsáætlun Rangárþings ytra 2005.

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, sveitarstjóri lagði fram og skýrði tillögu að fjárhagsáætlun, samstæðureikninga og yfirlit fyrir árið 2005.

Vísað til síðari umræðu.

### 5. Frá fulltrúum K og Ó lista:

5.1 Fyrirspurn um afgreiðslu á Lokaskýrslu Ferðamálaaverkefnis vesturhluta Rangárvallasýslu. Spurt um hvað liður afgreiðslu atvinnu- og ferðamálanefndar Rangárþings ytra og atvinnu- og ferðamálaaverkefnis Rangárþings og Mýrdals á samþykkt hreppsnefndar um að vísa Lokaskýrslu FÍVR til þeirra til umsagnar.

Lagt fram bréf frá formanni atvinnu- og ferðamálanefndar Rangárþings ytra, dagsett 14/12'04, þar sem fram kemur að umsögn nefndarinnar hafi verið lögð fram á fundi hreppsráðs þ. 22. júlí 2004 og hafi verið samþykkt þar samhljóða.

Heimir lætur bóka eftirfarandi; "að eðlilegt sé að svör við stjórnsýsluerindum sem beint er til nefnda frá hreppsnefnd berist beint til hreppsnefndar aftur".

5.2 Tillaga um sölu á hlutabréfum í eigu Rangárþings ytra.

Sigurbjartur Pálsson tekur ekki þátt í umræðum né atkvæðagreiðslu á lið 5.2 í fundargerðinni og vikur af fundi.

Varaoddviti, Engilbert Olgeirsson, tekur við stjórn fundar.

Lögð fram tillaga um sölu hlutabréfa í eigu Rangárþings ytra:

*Undirritaðir fulltrúar Ó- og K- lista í sveitarstjórn Rangárþings ytra leggja til að hlutabréfaeign sveitarfélagsins í Kartöfluverksmiðjunni í Þykkvabæ og Burðarás (Eimskip) verði seld.*

**Greinagerð:**

*Það er mat undirritaðra að rétt sé að losa þá fjármuni sem þarna eru bundnir, í ljósi þeirrar stöðu sem rekstur sveitarfélagsins er í.*

*Benda má á að það var ætlan fyrrum eigenda þessara hlutabréfa, Djúparhrepps, að losa þessa fjármuni og nýta til endanlegrar fjármögnunar íþróttahúss í Þykkvabæ.*

*Undirritaðir fulltrúar Ó- og K-lista: Heimir Hafsteinsson, Þróstur Sigurðsson, Viðar H. Steinarsson.*

Lögð fram tillaga um að sveitarstjóra verði falið að lista upp söluhæfar eignir Rangárþings ytra ásamt áætluðu markaðsvirði þeirra og leggja fyrir sveitarstjórnina.

Samþykkt samhljóða.

Oddviti tekur aftur við stjórn fundarins.

#### **6. Óbyggðanefnd 10. desember 2004:**

6.1 Úrskurður um Holtamannafrétt, mál nr. 1/2003.

Frekari umfjöllun og afgreiðslu á úrskurði Óbyggðanefndar frestað, þar til álit lögmanna liggur fyrir.

6.2 Úrskurður um Landmannafrétt, mál nr. 2/2003.

Frekari umfjöllun og afgreiðslu á úrskurði Óbyggðanefndar frestað, þar til álit lögmanna liggur fyrir.

6.3 Úrskurður um Rangárvallafrétt og aðliggjandi svæði, mál nr. 3/2003.

Frekari umfjöllun og afgreiðslu á úrskurði Óbyggðanefndar frestað, þar til álit lögmanna liggur fyrir.

#### **7. Fundarboð, námskeið, ráðstefnur, þjónusta og umsóknir um styrki:**

Engin erindi hafa borist.

#### **8. Annað efni til kynningar:**

8.1 Samband íslenskra sveitarfélaga 9/12'04 - um skyldu eða ekki skyldu til kennslu í 170 daga í kjölfar verkfalls.

8.2 UST 9/12'04 - um skerðingu á hlutfalli endurgreiðslu á kostnaði við refaveiðar.

8.3 UST 9/12'04 - um skerðingu á hlutfalli endurgreiðslu á kostnaði við minkaveiðar.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra harmar það ofbeldi sem felst í skerðingu framlaga ríkisins á móti kostnaði við eyðingu refa og minka. Verkefnið er lögbundið hlutverk ríkis og sveitarfélaga og óþolandi er að annar aðilinn beiti valdi sínu til þess að færa kostnaðarhlutföllin á óeðlilegan hátt á milli aðila. Gerð er krafa um að endurgreiðsluhlutfall ríkisins verði leiðrétt án tafar og fært í 50%.

8.4 Félagsmálaráðuneytið 8/12'04 - um breytingu á lögum um húsnæðismál, veitingu viðbótarlána hætt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16.00.

Sigrún Sveinbjarnardóttir, ritari.

Sigrún Sveinbjarnardóttir  
Hannífa Stefánsdóttir  
Egill S. Gunnlaugsson  
Agneta Sveinsson  
Sigrún Þrápaldsdóttir  
Lúðvík

Viðar Steinarson  
Fréttur Þjónsson  
Sigrún Sveinbjarnardóttir  
Stefur Stefánsson

# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

## Fundargerð

**41. fundur** hreppsnefndar Rangárþings ytra kjörtímabilið 2002 - 2006, haldinn að Laugalandi í Holtum, miðvikudaginn 1. desember 2004, kl. 16:00.

Mætt: Sigurbjartur Pálsson, Valtýr Valtýsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Engilbert Olgeirsson, Halldóra Guðlaug Helgadóttir, varamaður Viðars H. Steinarssonar, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Þröstur Sigurðsson, varamaður Eggerts V. Guðmundssonar, Heimir Hafsteinsson, Lúðvík Bergmann og Sigrún Sveinbjarnardóttir, sem ritar fundargerð.

Oddviti setti fund og stjórnaði honum.

Lögð fram breyting á dagskrá: nýr 12. liður bætist við og færast aðrir liðir aftur sem því nemur. Samþykkt samhljóða.

### 1. Fundargerðir hreppsráðs:

1.1 Lögð fram fundargerð 55. fundar hreppsráðs, 11/11'04, sem er í 13 liðum.

Samþykkt samhljóða.

1.2 Lögð fram fundargerð 56. fundar hreppsráðs, 25/11'04, sem er í 11 liðum.

Samþykkt samhljóða.

### 2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til staðfestingar:

2.1 Félagsmálanefnd - 34 fundur 24/11'04, sem er í 4 liðum.

Samþykkt samhljóða.

2.2 Samráðsnefnd sveitarstjórnar Rangárþings ytra og Ásahrepps - 8. fundur 29/11 2004, sem er í 7 liðum.

5. liður fundargerðarinnar tekinn fyrir sérstaklega: Ákvæði um álagningarreglur fjallskila vegna Holtamannaafréttar verða þannig: 1% af jarðarþúsundi og kr. 125 fyrir hverja fullorðna kind sem rekin er á afrétt.

Það er sérstaklega áréttað að reglum um álagningu fjallskilagjalda verði breytt fyrir upprekstur árið 2005 að kröfu sveitarstjórnar Rangárþings ytra.

Samhliða eru teknir fyrir 3. og 4. liðir í fundargerð 8. fundar samráðsnefndar Holtamannaafréttar sem frestað var á fundi hreppsnefndar Rangárþings ytra þ. 15. september 2004. 3. liðurinn verður óbreyttur en ákvæðum 4. liðar um álagningarreglur er breytt samkvæmt framansögðu.

Þessir þættir samþykktir með 8 atkvæðum, einn situr hjá (IPG).

Vegna 6. liðar er áréttað að ekki hefur verið lögð fram tillaga í sveitarstjórn Rangárþings ytra um gjaldskrá fyrir búfjárefirlit.

Fundargerðin samþykkt samhljóða að öðru leyti.

2.3 Bókasafnsnefnd bókasafnsins á Laugalandi - 24/11 2004, sem er í 4 liðum.

2. og 4. lið fundargerðarinnar er vísað til fjárhagsáætlunar 2005 en fundargerðin samþykkt samhljóða að öðru leyti.

2.4 Stjórn Eignaumsjónar - 16. fundur 24/11 2004, sem er í 8 liðum.

2. lið fundargerðarinnar er vísað til fjárhagsáætlunar 2005. Samþykkt samhljóða.

5. liður borinn upp sérstaklega og samþykktur samhljóða.

6. liður a. samþykktur með 7 atkvæðum, 1 situr hjá (H.H.).

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson tekur ekki þátt í umræðu eða afgreiðslu á þessum lið.

6. liður b. borinn upp sérstaklega og samþykktur samhljóða.

8. liður borinn upp sérstaklega samþykktur með 7 atkvæðum, 2 á móti (H.H. og H.G.H.)

Fundargerðin samþykkt að öðru leyti með 8 atkvæðum, 1 situr hjá (H.H.).

Bókun vegna 7. liðar í fundargerð stjórnar Eignaumsjónar frá 24. nóvember 2004.

*Undirritaðir harma að framkvæmdir við heimilisfræðistofu og mótuneyti grunnskólans á Hellu voru ekki boðnar út. Gera má ráð fyrir því að veruleg kostnaðarlækkun hefði náðst fram með útboði, ásamt því að verulegur dráttur varð á því að framkvæmdir hæfust, sem væntanlega jók kostnað framkvæmdanna verulega.*

*Undirritaðir: Heimir Hafsteinsson, Þröstur Sigurðsson og Halldóra G. Helgadóttir.*

Bókun vegna 8. liðar í fundargerðar stjórnar Eignaumsjónar frá 24. nóvember 2004:

*Undirritaðir mótmæla harðlega 18 - 19% launahækkun starfsmanns eignaumsjónar Rangárþings ytra og Ásahrepps. Með tilliti til þess að starfsmat vegna starfsmanna sveitarfélagsins liggur nú fyrir og einnig vegna viðkvæmrar stöðu launamála annarra lykilstarfsmanna sveitarfélagsins lýsum við því yfir að einhliða og óútskýrð hækkun launa þessa eina starfsmanns sveitarfélagsins er á allan hátt til þess fallin að skapa óánægju meðal annarra starfsmanna Rangárþings ytra.*

*Undirrituð: Halldóra G. Helgadóttir og Heimir Hafsteinsson.*

Bókun fulltrúa D og B lista í sveitarstjórn Rangárþings ytra vegna bókunar fulltrúa K og Ó lista um 7. lið 16. fundargerðar stjórnar Eignaumsjónar dagsett 24/11 '04, lögð fram á fundi hreppsnefndar Rangárþings ytra þ. 1. desember 2004.

*Það er beinlínis rangt sem haldið er fram í bókun K og Ó lista að framkvæmdir hafi ekki að öllu leyti verið boðnar út. Leitað var tilboða í smíði og frágang innréttinga hjá nokkrum aðilum við framkvæmdir í heimilisfræðastofu.*

*Við ákvörðun um framkvæmdir við mótuneyti Grunnskólans á Hellu var ákveðið að semja við einstaka verktaka um framkvæmd verksins í samvinnu við Eignaumsjón frekar en að fara með það í útboð sem hefði tafið verkefnið enn frekar. Undirbúningsvinnu við hönnun og fleira var ekki lokið fyrr en í lok september s.l. og hófust framkvæmdir þegar að henni lokinni. Ekki var raunhæft að byrja fyrr en t.d. hönnun burðarþols byggingarinnar eftir áformaðar breytingar var að fullu lokið.*

*Engin fyrirbyggjandi gögn eru til um það að kostnaður hafi orðið meiri en við útboð framkvæmdanna. Ályktanir í þá veru eru ótímabærar og ályktun um að útboð hefði flýtt fyrir framkvæmdum með tilheyrandi sparnaði er óraunhæf.*

*Undirritaðir: Sigurbjartur Pálsson, Valtýr Valtýsson, Guðmundur I. Gunnlaugsson, Ingvar P. Guðbjörnsson, Engilbert Olgeirsson og Lúðvík Bergmann.*

Bókun fulltrúa D og B lista í sveitarstjórn Rangárþings ytra vegna bókunar fulltrúa K og Ó lista um 8. lið 16. fundargerðar stjórnar Eignaumsjónar dagsett 24/11 '04, lögð fram á fundi hreppsnefndar Rangárþings ytra þ. 1. desember 2004.

*Lýst er yfir undrun á skilningi fulltrúa K og Ó lista varðandi launahækkun starfsmanns Eignaumsjónar. Hið rétta er að samþykkt var hækkun launa um einn launaflokk skv. kjarasamningi FOSS sem er langt frá því að gefa starfsmanni 18 - 19% launahækkun. Starfsmat skv. kjarasamningi FOSS lá ekki fyrir á þeim tíma sem stjórn Eignaumsjónar tók þessa ákvörðun. Starfsmat mun leiða í ljós réttmæti launaflokkaöðunar sem ákvörðuð var á sínum tíma við ráðningu starfsmannsins.*

*Undirritaðir: Valtýr Valtýsson, Sigurbjartur Pálsson, Engilbert Olgeirsson, Ingvar P. Guðbjörnsson, Lúðvík Bergmann og Guðmundur I. Gunnlaugsson.*

### **3. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórnna til kynningar:**

3.1 Samband íslenskra sveitarfélaga - 719. fundur 19/11'04.

### **4. Tillaga að endurskoðun fjárhagsáætlunar 2004:**

Lögð fram tillaga að breytingu á fjárhagsáætlun Rangárþings ytra 2004:

Eftirfarandi eru helstu breytingar sem verða á áætluninni:

Fjármagnsliðir og afskriftir breytast vegna aukinnar verðbólgu frá því sem gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun 2004. Gert er ráð fyrir 3% verðbólgu í stað 2% í upphaflegri áætlun.

Fjárfestingar hjá Eignasjóði hækka um kr. 10.700 þús., félagslegar íbúðir bæta við kr. 1.600 þús. en fyrirhuguð fjárfesting í fráveitu er lækkuð um kr. 9.000 þús., aðrir liðir eru óbreyttir. Heildarhækkun fjárfestinga er kr. 3.300 þús.

Húsakynni bs. koma inn í samtæðureikning og breyta eignastöðu og langtímalánnum. Rekstrarkostnaður aðalsjóðs hækkar um kr. 17.968 þús., þar af eru kr. 15.348 þús. vegna aukins framlags til leiguíbúða.

Gert er ráð fyrir aukinni lántöku um kr. 62.000 þús. frá upphaflegri áætlun, að mestu vegna skuldbreytingar.

Bókun vegna endurskoðunar fjárhagsáætlunar 2004.

*Það vekur athygli nú í breyttri fjárhagsáætlun að gert er ráð fyrir auknum halla á A og B hluta sveitarsjóðs samantekið, miðað við niðurstöðu ársins 2003 og fyrri áætlun. Hallinn eykst sem nemur u.þ.b. 14% miðað við raunniðurstöðu ársins 2003. Svipaða sögu má segja um skuldir sveitarfélagsins. Ný fjárhagsáætlun ársins 2004 gerir ráð fyrir að skuldir sveitarfélagsins pr. íbúa sé kr. 392.000,- og hækki um 7,5% miðað við raunverulega niðurstöðu ársins 2003.*

*Þetta er raunveruleikinn þrátt fyrir fögur fyrirheit og fallegar bókanir fulltrúa meirihlutans um ábyrgar aðgerir. Við auglýsum hér og nú eftir hinum ábyrgu aðgerðum því ekki virðast þær vera komnar til framkvæmda enn þrátt fyrir að langt sé liðið á kjörtímabilið og valdatíð meirihluta D- og B- lista í sveitarstjórn Rangárþings ytra. Undirritaðir fulltrúar Ó- og K- lista í sveitarstjórn Rangárþings ytra vísa að öðru leyti í fyrri bókanir um framgang fjármálastjórnunar meirihlutans.*

*Undirrituð: Þröstur Sigurðsson, Heimir Hafsteinsson og Halldóra Guðlaug Helgadóttir.*

Bókun frá fulltrúum D og B lista í hreppsnefnd Rangárþings ytra sem svar við bókun fulltrúa K og Ó lista um endurskoðun á fjárhagsáætlun yfirstandandi árs á fundi hreppsnefndar Rangárþings ytra þ. 1. desember 2004:

*Þó að fulltrúar K og Ó lista láti sem þeir viti ekki um ástæður þess að lagt er til að halli verði meiri en upphaflega var gert ráð fyrir, er þeim fullkomlega ljóst að meginorsök þessa er sölutap af leiguíbúðum sem áður hefur verið samþykkt í hreppsnefndinni auk annarra þátta sem flest var samþykkt áður í sveitarstjórninni. Niðurstæða rekstrarreiknings aðalsjóðs breytist mjög óverulega fyrir utan það að gert er ráð fyrir framlagi til leiguíbúða vegna framangreinds sölutaps. Breytingin fyrir utan framlag til leiguíbúða er aðeins innan við 1/2 prósent af áætlunum heildartekjum.*

*Aukin lántaka er að mestu vegna þess að byggðasamlagið Húsakynni bs. er fært inn í samtæðureikning sveitarfélagsins en hefur ekki verið þar fyrir. Inn í stöðu langtímalána kemur skuldastaða Húsakynna bs. sem er að langmestu leyti við Íbúðalánasjóð vegna leiguíbúða og hefur áhrif til hækkunar á þessari stöðu í efnahagsreikningi samtæðu.*

*Undirritaðir: Sigurbjartur Pálsson, Valtýr Valtýsson, Guðmundur I. Gunnlaugsson, Engilbert Olgeirsson, Ingvar P. Guðbjörnsson og Lúðvík Bergmann.*

Tillagan er samþykkt með 6 atkvæðum, 3 sitja hjá (H.H., Þ.S. og H.G.H.).

### **5. Atvinnu- og ferðamálanefnd:**

Lögð fram fundargerð 19. fundar atvinnu- og ferðamálanefndar 9/9 2004, sem er í 1 lið.

Einnig er lagt fram minnisblað nefndarinnar vegna afgreiðslu á umsóknum úr Atvinnuefningarsjóði sveitarfélagsins.

Samþykkt samhljóða að fresta afgreiðslu á f) lið fundargerðarinnar og formanni atvinnu- og ferðamálanefndar er falið að kanna stöðu þess umsækjanda nánar.

Fundargerðin samþykkt samhljóða að öðru leyti.

Lögð fram umsókn um styrk frá Oddhóli ferðaþjónustu ehf., dagsett 8/11 2004, sem frestað var á 55. fundi hreppsráðs.

Samþykkt samhljóða að fresta afgreiðslu á umsókninni.

#### **6. Fiskeldisstöðin í Fellsmúla ehf.:**

Lögð fram fundargerð stjórnar Fiskeldisstöðvarinnar í Fellsmúla ehf., dagsett 13/10 2004.  
Lögð fram drög að kaupsamningi um rekstur og eignir Fiskeldisstöðvarinnar í Fellsmúla ehf.  
Lögð fram umsögn Óskars Sigurðssonar hdl., dagsett 27/10 2004 og umsögn Valgarðs Sigurðssonar, hrl., dagsett 11/11 2004, um ákvæði kaupsamningsins.  
Lögð fram yfirlýsing kaupenda og seljanda vegna ýmissa ákvæða í kaupsamningum.

Lúðvík vikur af fundi og tekur ekki þátt í umræðu um þennan lið.

Til kynningar.

Lúðvík tekur aftur sæti á fundinum.

#### **7. Skipan starfshóps um hugsanlega notkun húsnæðis fyrrum Þykkvabæjarskóla og framtíðarlausn á húsnæðismálum fyrir stjórnsvslu sveitarfélagsins:**

Lögð fram tillaga um að Sigurbjartur Pálsson, Valtýr Valtýsson og Þröstur Sigurðsson verði aðalmenn í starfshópnum og varamenn verði Engilbert Olgeirsson, Lúðvík Bergmann og Viðar H. Steinarsson.

Samþykkt samhljóða.

#### **8. Kjarasamningur Kennarasambands Íslands og Launanefndar sveitarfélaga:**

- 8.1 Meginefni nýs kjarasamnings LN og KÍ og bráðabirgðamat á kostnaðaráhrifum hans.
- 8.2 LN 19/11'04 - Um afgreiðslu LN á nýjum kjarasamningi og framkvæmd hans.

Til kynningar.

#### **9. Landnot ehf.:**

Lagt fram tilboð frá Landnotum ehf., dagsett 23/11'04, um gerð uppdráttar með jarðamörkum innan sveitarfélagsins og uppdráttar sem sýna stærð jarða.

Lagt er til að afgreiðslu erindisins verði frestað þar til ný lög um landsskrá fasteigna liggja fyrir og skipulags- og bygginganefnd hefur fjallað um málið og gert tillögu um afgreiðslu tilboðsins.

Samþykkt samhljóða.

#### **10. Menntamálaráðuneytið - beiðni um upplýsingar um skipulag skólalags:**

Lagt fram bréf frá menntamálaráðuneytinu, dagsett 22/11 2004, þar sem óskað er eftir upplýsingum um með hvaða hætti skólalag verði skipulagt út skólaárið í kjölfar verkfalls grunnskólakennara.

Lögð fram tillaga um að afgreiðslu á erindinu verði frestað þar til skólastjórar grunnskólanna hafa haft samráð um málið og lagt fram tillögu um fjölda kennsludaga á skólaárinu 2004-2005.

Samþykkt samhljóða.

**11. Grétar H. Guðmundsson - reikningur vegna kostnaðar við umsókn:**

Lagður fram reikningur frá Grétari H. Guðmundssyni, móttækinn 24/11 2004, vegna kostnaðar við umsókn um verktöku við akstur skólabíls á Þykkvabæjarleið. Meðfylgjandi er sundurliðun kostnaðar.

Lögð fram tillaga um að boðin verði greiðsla fyrir vinnu við umsóknina samanber samþykkt hreppsnefndar frá 3. nóvember s.l. og að greitt verði tímakaup skv. taxta hópferðabílstjóra auk launatengdra gjalda.

Oddvita og sveitarstjóra falið að eiga viðræður við Grétar og koma þessari samþykkt á framfæri við hann skriflega.

Samþykkt með 4 atkvæðum, 5 sitja hjá (L.B., Þ.S., H.G.H., H.H. og G.I.G.)

**12. Kosning varamanns í atvinnu- og ferðamálanefnd:**

Lögð fram tillaga um að Gísli Stefánsson verði kjörinn varamaður í atvinnu- og ferðamálanefnd í stað Gústavs Stolzenwald sem fluttur er úr sveitarfélaginu.

Samþykkt samhljóða.

**13. Fundir hreppsnefndar í desember.**

Lögð fram áætlun um að fundir verði í hreppsnefndinni 15. desember og á milli jóla og nýárs. Fyrirvari er um að tillaga að fjárhagsáætlun fyrir árið 2005 verði tilbúin í tæka tíð.

Samþykkt samhljóða.

**14. Fundarboð, námskeið, ráðstefnur, þjónusta og umsóknir um styrki:**

14.1 Fræðslunet Suðurlands, boð á hátíðarfund 10/12'04, kl. 17:00.

Til kynningar.

**15. Annað efni til kynningar:**

Ekkert efni hefur borist.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10.30.

Sigrún Sveinbjarnardóttir, ritari.

# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

## Fundargerð

**40. fundur** hreppsnefndar Rangárþings ytra kjörtímabilið 2002 - 2006, haldinn að Laugalandi í Holtum, miðvikudaginn 3. nóvember 2004, kl. 16:00.

Mætt: Sigurbjartur Pálsson, Valtýr Valtýsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Engilbert Olgeirsson, Viðar H. Steinarsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Þröstur Sigurðsson, varamaður Heimis Hafsteinssonar, Eggert V. Guðmundsson, Lúðvík Bergmann og Sigrún Sveinbjarnardóttir, sem ritar fundargerð.

Oddviti setti fund og stjórnaði honum.

### 1. Fundargerðir hreppsráðs:

1.1 Lögð fram fundargerð 53. fundar hreppsráðs, 14/10'04, sem er í 12 liðum.

Samþykkt samhljóða.

1.2 Lögð fram fundargerð 54. fundar hreppsráðs, 28/10'04, sem er í 13 liðum.

Samþykkt samhljóða.

### 2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til staðfestingar:

2.1 Fræðslunefnd - 37. fundur 25/10'04, sem er í 5 liðum.

Samþykkt samhljóða.

### 3. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til kynningar:

3.1 Stjórn Húsakynna bs. - fundur 27/10'04, sem er í 5 liðum.

### 4. Tillaga að álagningarprósentum, afsláttum og gjaldskráum fyrir árið 2005:

Tillaga að álagningarprósentum, afsláttum og gjaldskráum fyrir árið 2005:

1. Útsvar; 12,99%.
2. Fasteignaskattur;  
*A - 0,36% af fasteignamati á íbúðarhúsnæði, bilageymslur, geymsluhúsnæði, lönd og útihús í landbúnaði og sumarhús, allt með tilh. lóðum.*  
*B - 1,32% af fasteignamati allra annarra fasteigna með tilh. lóðum, þó að undanskildum fasteignum í 0 flokki.*
3. Lóðarleiga; 0,9% af fasteignamati lóða í eigu sveitarfélagsins. Þó getur sveitarstjórn ákveðið annað leiguhlutfall eða álagningu í krónutölu á hvern fermetra lóðar við sérstakar aðstæður.
4. Vatnsgjald; 0,23% af fasteignamati eigna sem tengst geta vatnsveitum sveitarfélagsins eða í sameign þess og annarra sveitarfélaga sbr. ákv. 7. gr. laga nr. 81/1991 m. br. skv. ákv. 3. gr. laga nr. 149/1995.
5. Aukavatnsgjald hjá stórnotendum (s. s. sláturhúsum og kartöfluverksmiðjum) skal vera kr. 16,90 fyrir hvern notaðan rúmmetra af vatni sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 421/1992 m.v. byggingavísitölu í nóv. 2004; 303,9. Gjaldldagi er útgáfudagur reiknings og eindagi 30 dögum síðar.
- 6a. Lágmarksheimæðargjald (jafnaðargjald) vatnsveitu á Hellu, í Þykkvabæ, Rauðalæk og að Laugalandi sbr. reglugerð nr. 421/1992, 175/1994 og 614/1996 er kr. 173.357 m.v. 32mm þvermál og allt að 25 metra lengd heimæðar. Heimæðargjaldið hækkar í samræmi við aukinn sverleika og/eða lengd heimæðar. Gjaldið breytist um sama hlutfall og byggingarvísitala í nóv. 2004; 303,9.  
*Heimilt er að dreifa greiðslum heimæðargjalda skv. þessari grein á allt að 2 ár.*
- 6b. Lágmarksheimæðargjald fyrir býli þar sem aðeins íbúðarhúsnæði er tengt veitu með að hámarki 32mm inntaki er kr. 260.036. Lágmarksheimæðargjald (jafnaðargjald) fyrir býli og atvinnustarfsemi í dreifbýli er kr. 520.109 m.v. þvermál heimæðar allt að 63mm.

Heimæðargjald fyrir tvíbyli eða fleirbyli er kr. 693.426 m.v. að þvermál heimæðar að hverju býli fari ekki yfir 63mm og skal skipta heimæðargjaldinu jafnt á milli viðkomandi býla eða með öðrum hætti ef ábúendur eða eigendur óska eftir því. Heimæðargjald sumar- bústaða á sama svæði skal vera kr. 260.036 og þvermál heimæða skal ekki vera meira en 32mm. Heimæðargjöldin hækka í samræmi við aukinn sverleika heimæðar. Gjaldið breytist um sama hlutfall og byggingarvísitala í nóv. 2004; 303,9.

Heimilt er að dreifa greiðslum heimæðargjalda býla með fullt gjald á allt að 5 ár og býla þar sem íbúðarhús eitt er tengt og sumarbústaða á allt að 3 ár.

Gjalddagi liða nr. 6a og 6b er tengidagur og eindagi 30 dögum síðar.

6c. Tengigjöld í Holtaveitu eru samkvæmt sérstakri gjaldskrá.

7a. Holræisgjald á Hellu; 0,25% af fasteignamatí húss og tilh. lóðar.

7b. Gjöld fyrir tæmingu rotþróa eru samkvæmt sérstakri gjaldskrá.

8. Sorphirðu- og sorpeyðingargjöld skv. sérstakri gjaldskrá.

Gjalddagar liða nr. 2, 3, 4, 7 og 8 eru 1/2, 1/3, 1/4, 1/5, 1/6 og 1/7 2005. Þar sem fasteignagjöld verða samtals kr. 6.999 eða lægri skal þó aðeins vera einn gjalddagi þ. 1. maí 2005. Eindagar eru 30 dögum eftir gjalddaga.

Fasteignaeigendum 67 ára og eldri og öryrkjum 75% og meira, sem búa í eigin íbúðarhúsnæði, skal veittur afsláttur af fasteignaskatti og holræisgjaldi af viðkomandi íbúðarhúsnæði skv. reglum samþ. af sveitarstjórn.

9. Hundaleyfisgjald er samkvæmt sérstakri gjaldskrá.

Gjalddagi hundaleyfisgjalds er 1. mars og eindagi 31. mars fyrir hunda sem eru á skrá um áramót.

Gjalddagi vegna hunda sem skráðir verða á árinu er skráningardagur og eindagi 30 dögum síðar.

10. Byggingarleyfisgjöld, afgreiðslu-, úttekta og mælingagjöld skipulags- og bygginganefndar og skipulags- og byggingafulltrúa leggjast á skv. sérstakri gjaldskrá.

Gjalddagar eru dags. reikninga og eindagar 30 dögum síðar.

Að öðru leyti gilda lög um tekjustofna sveitarfélaga og gjaldskrár um viðkomandi tekjuliði.

Samþykkt þessi um álagningarprósentur, afslætti og gjaldskrár skal birt á hefðbundnum auglýsingastað ákvarðana sveitarstjórnar, þ.e. á töflu í afgreiðslu Rangárþings ytra.

Samþykkt með 6 atkvæðum, 3 sitja hjá (V.H. S., E.V.G., Þ.S.).

#### **5. Atlantsólía hf. - umsókn um lóð fyrir sunnan Þjóðveg 1:**

Lagt fram bréf frá Atlantsólíu hf., dagsett 22/9'04, þar sem sótt er um lóð sunnan Þjóðveg 1 á Hellu, undir sjálfsafgreiðslustöð fyrir bensín og olíur á Hellu.

Einnig er lögð fram fundargerð skipulags- og bygginganefndar frá 18/10'04, sjá lið 192-2004 til upplýsingar.

Lögð fram tillaga um að oddviti, sveitarstjóri og skipulags- og byggingafulltrúi ræði við fulltrúa Atlantsólíu hf. um möguleika varðandi lóð undir sjálfsafgreiðslustöð fyrir bensín og olíur á Hellu.

Samþykkt samhljóða.

#### **6. Grétar H. Guðmundsson - vegna skólaakstur á Þykkvabæjarleið:**

Lagt fram bréf frá Grétari H. Guðmunssyni, dagsett 21/9'04, varðandi ráðningu í starf skólabílstjóra á Þykkvabæjarleið.

Einnig er lagt fram bréf frá sveitarstjóra Rangárþings ytra, dagsett 27/10'04, til Grétars H.

Guðmundssonar og bréf sveitarstjóra Rangárþings ytra, dagsett 28/9'04, til

Málflutningsskrifstofunnar ehf. varðandi ráðningu verktaka í skólaakstri á Þykkvabæjarleið.

Lagt fram bréf frá Málflutningsskrifstofunni ehf., dagsett 4/10'04, varðandi val á verktaka við skólaskur frá Þykkvabæ.

Bókun vegna erindis Grétars H. Guðmundssonar, varðandi skólaakstur á Þykkvabæjarleið.

Undirritaðir fulltrúar K- og Ó-lista í sveitarstjórn Rangárþings ytra vísa til bókunar um sama mál á 37. fundi sveitarstjórnar þann 1. september sl. þar sem meðferð málsins var gagnrýnd harðlega. Undir þessa gagnrýni tekur Óskar Sigurðsson hdl. í álitinu sínu. Að öllum líkindum verður sveitarfélagið fyrir fjárhagslegum skaða vegna þessara vinnubragða og ber að harma það.

Undirritaðir hvetja til þess að hlutadeigandi aðilar fari vel yfir þetta mál og að þetta megi verða þeim víti til varnaðar. Viðar H. Steinarsson, Eggert V. Guðmundsson og Þröstur Sigurðsson.

Lögð fram tillaga í samræmi við álit Málflutningsstofunnar ehf., um að þeim sem sóttu um að annast verktöku í skólaakstri á Þykkvabæjarleið, verði gefinn kostur á að að fá sannanlegan kostnað við umsóknir sínar greiddan

Samþykkt með 8 atkvæðum 1 situr hjá (E.V.G.).

### **7. Nefnd um sameiningu sveitarfélaga:**

Lagt fram bréf frá nefnd um sameiningu sveitarfélaga, móttakið 6/10'04, um tillögur sameiningarnefndar um breytingar á sveitarfélagaskipan.

Einnig lagðar fram tillögur og greinagerð verkefnisstjórnar um eflingu sveitarstjórnarstigsins varðandi breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Til kynningar.

### **8. Frá fulltrúum K og Ó lista:**

8.1 Ýmsar fyrirspurnir og hugleiðingar; - störf nefnda - nýtt skipurit - húsnæði Þykkvabæjarskóla - tilfærsla gámavallar á Hellu.

8.2 Fyrirspurnir um afdrif mála; - útboð á snjómokstri og hálkuvörnum - kaup á léni - umsókn Eikaráss ehf. um 20 lóðir.

Sveitarstjóri svaraði fyrirspurnunum.

Eggert V. Guðmundsson áréttaði að æskilegra hefði verið að svör við fyrirspurnum hefðu verið skrifleg.

8.3 Tillögur K og Ó lista; um kaup á Dynskálum 8 - um að úttekt verði gerð á þeim kosti að sameina allt skólahald Rangárþings ytra á einn stað og undir eina stjórn á Hellu.

Lögð fram tillaga um að á næsta fundi hreppsnefndar verði skipaður vinnuhópur um hugsanlega notkun á húsnæði Þykkvabæjarskóla og sem hugi einnig að framtíðarlausnum á húsnæðismálum fyrir stjórnarsýslu Rangárþings ytra.

Samþykkt samhljóða.

Lögð fram tillaga um að fela fræðslunefnd og stjórn Eignaumsjónar að taka til umfjöllunar tillögu um framtíðarfyrirkomulag stjórnunar og húsnæðismála grunnskóla í Rangárþingi ytra.

Samþykkt samhljóða.

### **9. Fundarboð, námskeið, ráðstefnur, þjónusta og umsóknir um styrki:**

9.1 Samband íslenskra sveitarfélaga 27/10'04 - ráðstefna um aðgengi fatlaðra 18/11'04.

Til kynningar.

9.2 GHR 27/10'04 - umsókn um styrk.

Afgreiðslu frestað.

Íþrótt- og æskulýðsnefnd falið að skoða málið með það að leiðarljósi að gera sambærilegan samning við GHR og gerðir hafa verið við önnur íþróttafélaög.

## **10. Annað efni til kynningar:**

10.1 Afrit af bréfi frá sveitarstjóra til þingmanna Suðurkjördæmis um brú yfir Eystri-Rangá 26/10'04.

10.2 Almannaþingarnefnd Rangárvallasýslu 26/10'04 - um hættumat vegna eldgosa og hlaupa frá Eyjafjallajökli og vesturhluta Mýrdalsjökuls.

## **11. Eggert V. Guðmundsson - breyting á búsetu.**

Eggert skýrði frá því að á næstunni myndi hann og fjölskylda hans flytjast búferlum á Selfoss og lagði fram eftirfarandi bókun:

*Vegna þess að ég og fjölskylda mín höfum ákveðið að flytjast búferlum í annað sveitarfélag á næstunni og eins með tilliti til þess að ég hef ekki tök á að mæta á næsta reglulega fund sveitarstjórnar langar mig að þakka sveitarstjórn og starfsfólki Rangárbings ytra samstarfið á undanförunum árum, einnig vil ég nota tækifærið og óska sveitarstjórn og öllu starfsfólki Rangárbings ytra alls hins besta og velfarnaðar í störfum sínum í framtíðinni.  
Eggert V. Guðmundsson.*

Oddviti þakkaði Eggert fyrir gott samstarf í hreppsnefndinni og óskaði honum og fjölskyldu hans velfarnaðar í framtíðinni. Aðrir hreppsnefndamenn tóku undir þessar óskir.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:00.

Sigrún Sveinbjarnardóttir, ritari.

# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

## Fundargerð

**39. fundur** hreppsnefndar Rangárþings ytra kjörtímabilið 2002 - 2006, haldinn að Laugalandi í Holtum, miðvikudaginn 6. október 2004, kl. 16:00.

Mætt: Sigurbjartur Pálsson, Valtýr Valtýsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Engilbert Olgeirsson, Viðar H. Steinarsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Þröstur Sigurðsson, varamaður Heimis Hafsteinssonar, Eggert V. Guðmundsson, Lúðvík Bergmann og Sigrún Sveinbjarnardóttir, sem ritar fundargerð.

Sigurbjartur setti fund og stjórnaði honum.

### 1. Fundargerðir hreppsráðs:

1.1 Lögð fram fundargerð 52. fundar hreppsráðs, 21/9'04, sem er í 11 liðum.

Samþykkt samhljóða.

### 2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til staðfestingar:

2.1 Atvinnu- og ferðamálanefnd - 19. fundur 9/9'04, sem er í 1 lið.

Afgreiðslu fundargerðarinnar frestað.

2.2 Fræðslunefnd - 35. fundur 16/9'04, sem er í 7 liðum.

Samþykkt samhljóða.

### 3. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til kynningar:

3.1 Samráðsnefnd um uppbyggingu leikskóla - 1. fundur 16/8'04, sem er í 1 lið og 2. fundur 6/9'04, sem er í 1 lið.

Bókun vegna fundargerða samráðsnefndar um uppbyggingu leikskóla í Rangárþingi ytra og Ásahreppi.

*Undirritaðir leggja áherslu á að byggður verði nýr leikskóli á Hellu. Leikskólahúsnæði sem leysir alla þá þörf sem fyrir hendi er nú og í námustu framtíð. Hið eldra húsnæði getur leyst hluta af þeim húsnæðisvanda sem Grunnskólinn á Hellu glímir við í dag.*

*Undirritaðir leggja jafnframt áherslu á nú sem áður að skoðað verði í fullri alvöru sá möguleiki að nýta það húsnæði sem til er á Laugalandi fyrir leikskóla þar.*

*Jafnframt bendum við á, ef til nýbyggingar kemur, að hlutfall barna á leikskólaaldri sem búsett eru í Ásahreppi hefur farið vaxandi og með tilliti til þess leggjum við til að Ásahreppur taki í auknu hlutfalli en áður, þátt í þeim kostnaði sem hlýst af byggingu nýs leikskóla á Laugalandi.*

*Undirritaðir : Viðar H. Steinarsson, Eggert V. Guðmundsson og Þröstur Sigurðsson.*

Bókun fulltrúa D lista vegna bókunar fulltrúa K og Ó lista um málefni húsnæðis leikskóla í Rangárþingi ytra, lögð fram á fundi hreppsnefndar Rangárþings ytra, þ. 6. október 2004:

*Sú leið að byggja einn stóran leikskóla fyrir Hellu og nágrenni hefur þegar verið í skoðun hjá undirbúningshópi að tillögugerð Eignaumsjónar og fræðslunefndar Rangárþings ytra og Ásahrepps og ekkert nýtt í þeirri bókun K og Ó lista.*

*Það breytir ekki því að um fyrirsjáanlega framtíð er full þörf fyrir leikskólafsemsi að Laugalandi vegna fjarlægðar frá býlum í Holtum og í Landsveit.*

*Sú leið sem undirbúningsnefndin hefur bent á varðandi það að skoða byggingar þessara húsa í einkaframkvæmd er mjög athyglisverð og er hópurinn hvattur til þess að skoða hana til þrautar.*

*Sigurbjartur Pálsson, Valtýr Valtýsson, Engilbert Olgeirsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson.*

- 3.2 Stjórn Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. - 89. fundur 28/09'04, sem er í 8 liðum.
- 3.3 Stjórn Brunavarna Rangárvallasýslu bs. - 3. fundur 28/9'04, sem er í 3 liðum.
- 3.4 Stjórn Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands - 242. fundur 17/9'04, sem er í 7 liðum.
- 3.5 Stjórn Skólaskrifstofu Suðurlands - 76. fundur 22/9'04, sem er í 5 liðum.
- 3.6 Byggingarnefnd íþróttahúss FSu. - 21. fundur 14/9'04, sem er í 3 liðum.
- 3.7 Húsakynni bs. - fundargerð aukaaðalfundar - 30/9'04, sem er í 1 lið.

#### **4. Tillaga að 3ja ára áætlun fyrir tímabilið 2005 - 2007 - síðari umræða:**

Tillaga að þriggja ára áætlun fyrir tímabilið 2005 - 2007 lögð fram til síðari umræðu.

Bókun vegna afgreiðslu á tillögu að þriggja ára fjárhagsáætlun fyrir Rangárþing ytra tímabilið 2005-2007.

*Meirihluti sveitarstjórnar Rangárþings ytra leggur nú fram þriggja ára fjárhagsáætlun fyrir tímabilið 2005-2007. Fjárhagsáætlun sem á margan hátt virðist byggja á skjaborgum og örökstuddum aðgerðum. Margar illa grundaðar forsendur liggja að baki, t.d. er gert ráð fyrir 3% hækkun launa á ári miðað við fjárhagsáætlun 2004. Vafasamt er í meira lagi að treysta því að launahækkanir verði ekki meiri á milli ára þegar verkfall kennara stendur sem hæst og samningar starfsfólks sveitarfélaga lausir snemma á árinu 2005. Einnig má minnast á ófrágengið starfsmat starfsfólks sveitarfélaga sem verður afturvirk þegar að því kemur að því starfi lýkur. Þriggja ára fjárhagsáætlun Rangárþings ytra gerir ráð fyrir nýjlfárfestingum á tímabilinu fyrir 176 milljónir kr, meðal annars með aðaláherslu á uppbyggingu leikskólahúsnæðis, fráveituframkvæmdir ofl. Markmið meirihlutans er að fjármagna þessar framkvæmdir með sölu eigna fyrir 45 milljónir kr, að auki er gert ráð fyrir lántöku fyrir 79 milljónir kr. og síðast en ekki síst er markmiðið að ná fram " aukinni fjármunamyndun í rekstri" sem útleggst væntanlega sem hagræðing í rekstri fyrir 52 milljónir kr. Allt er þetta gott og blessað en skortur er á nánari útskýringum á því hvernig ná á þessum markmiðum þ.e. hvað á að selja og með hvaða hætti á að hagræða í rekstri sveitarfélagsins eða þýðir þessi hagræðing kannski að auka eigi álögur á íbúa sveitarfélagsins umfram það sem meirihlutinn hefur þegar gert ?*

*Ennfremur má ekki gleymast að samkvæmt ársreikningi fyrir árið 2003 þá átti sveitarfélagið ekki fyrir afborgunum á þeim skuldbindingum sem þá þegar var búið að stofna til þannig að miðað við þau áform sem nú eru uppi þá er greinilegt að meirihluti D lista hefur fundið gullnámu til reksturs sveitarfélagsins. Við undirritaðir fulltrúar í sveitarstjórn Rangárþings ytra teljum að framlögð fjárhagsáætlun sé ekki trúverðug, ekki til þess fallin að koma rekstri sveitarfélagsins í ásættanlegt horf og enn síður líkleg til að koma sveitarfélaginu af valista félagsmálaráðuneytisins. Þvert á móti virðist þessi fjárhagsáætlun eingöngu vera lögð fram formsins vegna. Með tilliti til þessa sitjum við hjá við afgreiðslu þriggja ára fjárhagsáætlunar Rangárþings ytra.*

*Undirritaðir: Viðar H. Steinarsson, Eggert V. Guðmundsson og Þröstur Sigurðsson.*

Bókun fulltrúa D lista vegna bókunar fulltrúa K og Ó lista um tillögu að 3ja ára áætlun fyrir árin 2005 – 2007, lögð fram á fundi hreppsnefndar Rangárþings ytra þ. 6. október 2004.

"Allt er þetta gott og blessað" er það skásta í bókun K og Ó listans, en þar með er upp talið það sem hægt er að taka undir.

Gert er ráð fyrir að kostnaðarauki vegna launa verði allt að 3% á ári. Þetta er ekki það sama og að segja, að launataxtar geti ekki hækkað meira, heldur er vísað í það, að ef launahækkanir verði meiri, þurfi að skoða reksturinn með tilliti til þessa markmiðs.

Hvergi kemur fram í tillögu að 3ja ára áætlun að stefnt sé að auknum álögum á íbúana. Gert er ráð fyrir að tekjur geti aukist um allt að 4% sem er í samræmi við hagvaxtarspár fyrir áætlunartímabilið.

"Gullnáman" sem fulltrúar K og Ó listans tala um er innifalinn í rekstri sveitarfélagsins og birtist í því að aukinni hagræðingu verði náð og að sveitarstjórnin sem heild horfist í augu við staðreyndir og standi saman um nauðsynlegar aðgerðir til þess að ná hallalausum rekstri. Það er einnig hægt að neita að horfast í augu við staðreyndir og láta sem önnur staða sé en raunin er, eins og fulltrúar K og Ó lista kappkosta að gera. Sigurbjartur Pálsson. Valtýr Valtýsson. Engilbert Olgeirsson. Ingvar Pétur Guðbjörnsson. Guðmundur I. Gunnlaugsson.

Tillagan samþykkt með 6 atkvæðum, 3 sitja hjá (V.S., E.V.G., Þ.S.).

#### **5. Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga 7/9'04 - fyrirspurn um þróun í fjármálum:**

Lagt fram bréf frá Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga, dagsett 7/9'04, þar sem óskað er eftir greinargerð um þróun fjármála sveitarfélagsins á árinu 2004 og viðbrögðum sveitarstjórnar við halla á rekstri sveitarfélagsins.

Lögð fram tillaga að svari til eftirlitsnefndarinnar.

**Bókun vegna bréfs eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga frá 7. september sl og tillögu að svari frá sveitarstjóra við því bréfi.**

*Í bréfi frá eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga frá 7. september sl þar sem gerð er athugasemd við fjármálastjórn Rangárþings ytra átelur nefndin sveitarstjórn m.a. fyrir að hafa samþykkt fjárhagsáætlun fyrir árið 2004 "þar sem áfram er gert ráð fyrir halla á rekstri sveitarsjóðs".*

*Undirritaðir taka undir með nefndinni hvað þetta varðar en vilja taka skýrt fram að þeir greiddu umræddri fjárhagsáætlun ekki atkvæði og bera þar með ekki ábyrgð á þeim gjörning. Þá ábyrgð bera þeir fulltrúar D lista sem lögðu hana fram og samþykktu ásamt fulltrúa Framsóknar í sveitarstjórn Rangárþings ytra sem greiddi áætluninni atkvæði sitt.*

*Við teljum að sú tillaga, sem liggur fyrir, að svari til eftirlitsnefndarinnar sé ekki byggð á nægjanlega traustum grunni og vísun á bug vangaveltum um að nýjar reikningsskilavenjur sveitarfélaga séu helsta orsök þeirra vandamála sem uppi eru, sem og að sameining sveitarfélaganna þriggja þ.e. Rangárvallahrepps, Djúparhrepps og Holta- og Landsveitar valdi þeirri óstjórn á fjármálum sveitarfélagsins sem eftirlitsnefndin bendir réttilega á í áðurnefndu bréfi sínu dags 7. sept 2004. Ef þetta væru haldbærar ástæður fyrir ógöngum okkar sveitarfélags þá ætti það sama að gilda um önnur sambærileg sveitarfélög, nærtakast er að miða okkar sveitarfélag við Rangárþing eystra sem er sambærilegt sveitarfélag um marga hluti þó svo að það byggi á grunni sex eldri sveitarfélaga.*

*Að öðru leiti vísun við til bókunar okkar varðandi þriggja ára áætlun sveitarfélagsins fyrir árin 2005-2007. Undirritaðir fulltrúar í sveitarstjórn harma að sú nóturlega staðreynd sé komin upp að hið nýja "öflug" sveitarfélag í vestanverðri Rangárvallarsýslu sé nú komin í sömu stöðu og Rangárvallahreppur gamli var í þegar sameiningin tók gildi. Kemur þó ekki alfarið á óvart enda sömu vinnubrögð viðhöfð við stjórn fjármála hjá Rangárþingi ytra og var hjá Rangárvallahreppi hinum gamla. Þessi óheppilega staða telst algjörlega á ábyrgð meirihluta D lista í sveitarstjórn Rangárþings ytra.*

*Undirritaðir: Viðar H. Steinarsson, Eggert V. Guðmundsson, Þröstur Sigurðsson.*

Bókun fulltrúa D og B lista vegna bókunar fulltrúa K og Ó lista um erindi Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga til sveitarstjórnar Rangárþings ytra og tillögu að svari til nefndarinnar, lögð fram á fundi hreppsnefndar Rangárþings ytra þ. 6. október 2004.

*Öll bókun fulltrúa K og Ó lista ber með sér að þeir virðast ekki vilja horfast í augu við staðreyndir. Inn í sameininguna árið 2002 komu þrjú sveitarfélög með miklar nýjar fjárfestingar sem mynda stóran afskriftastofn, mikinn fjármagnskostnað vegna skulda og þungan rekstur m.a. vegna dreifðra rekstrareininga með ónóg verkefni en mikinn kostnað. Meirihluti sveitarstjórnar ásamt fulltrúa B lista hafa unnið markvisst að því að taka á þessum málum með ábyrgum hætti. Sama verður ekki sagt um fulltrúa K og Ó lista sem einungis leggja fram bókunir úr takti við þann raunveruleika sem við blasir. Ekki væri björgulegt að leggja fjármálastjórn sveitarfélagsins undir þeirra ráð.*

*Fróðlegt er að sjá bókun frá fulltrúum K og Ó lista þar sem farið er hvössum orðum um fjármálastjórn í fyrrum Rangárvallahreppi. Tveir af þremur sem skrifuðu undir bókun þessara lista áttu sæti í hreppsnefnd Rangárvallahrepps og fer ekki sögum af því, að þeir hafi barist á móti stórum fjárfestingum þar eins og nýju íþróttahúsi eða skólabyggingu.*

*Tillaga að svari til Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga er gerð í samræmi við þann raunveruleika sem við er að eiga og lýsir þeim ábyrgu aðgerðum sem þegar hefur verið gripið til.*

*Sigurbjartur Pálsson. Valtýr Valtýsson. Ingvar Pétur Guðbjörnsson. Engilbert Olgeirsson. Guðmundur Ingi Gunnlaugsson. Lúdvík Bergmann.*

Tillagan samþykkt með 6 atkvæðum, 3 sitja hjá (V.S., E.V.G., Þ.S.).

## **6. Atlantsólía hf. - umsókn um lóð fyrir sjálfsafgreiðslustöð fyrir eldsneyti:**

Lagt fram bréf frá Atlantsólíu hf., dagsett 22/9'04, þar sen sótt er um lóð sunnan Þjóðveggar 1 á Hellu undir sjálfsafgreiðslustöð fyrir bensín og olíur á Hellu.

Samþykkt samhljóða að vísa umsókninni til skipulags- og bygginganefndar til skoðunar og tillögugerðar.

## **7. Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri Grunnskólans á Hellu - umsögn um tillögu um rekstur og starfsemi félagsmiðstöðvar:**

Lagt fram bréf frá skólastjóra og aðstoðarskólastjóra Grunnskólans á Hellu, dagsett 28/9'04, þar sem gefin er umsögn og rædd framtíðarsýn skólastjórnenda Grunnskólans á Hellu um rekstur og starfssemi félagsmiðstöðvar á Hellu.

Lögð fram tillaga um að vísa umsögn skólastjórnanna til íþróttá- og æskulýðsnefndar og að fara fram á að hún vinni áfram að lausn á húsnæðismálum félagsmiðstöðvarinnar.

Samþykkt samhljóða.

**8. Kjör fulltrúa og varafultrúa á landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga:**

Lögð fram tillaga um að Sigurbjartur Pálsson verði aðalfulltrúi í stað Valtýs Valtýssonar og Viðar H. Steinarsson verði varamaður í stað Elísabetar St. Jóhannsdóttur.

Samþykkt samhljóða.

**9. Fundarboð, námskeið, ráðstefnur, þjónusta og umsóknir um styrki:**

9.1 Sveitarfélagið Ölfus 24/9'04 - boðun fundar um aðgerðir vegna starfsemi Sorpstöðvar Suðurlands bs.

Til kynningar.

9.2 Sorpstöð Rangárvallasýslu bs. og Brunavarnir Rangárvallasýslu bs. - boðun aðalfunda 12/10'04.

Til kynningar.

Samþykkt samhljóða að umhverfisnefnd verði boðuð á aðalfund Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. og skipulags- og bygginganefnd á aðalfund Brunavarna Rangárvallasýslu bs.

9.3 Vottunarstofan Tún ehf., aðalfundarboð 15/10'04.

Til kynningar.

9.4 Samband íslenskra sveitarfélaga 21/9'04 - boðun 23. landsþings 26/11'04.

Til kynningar.

9.5 Blindrafélagið 20/9'04 - umsókn um styrk.

Hreppsnefnd sér sér ekki fært að verða við umsókninni.

9.6 SÁÁ 20/9'04 - umsókn um styrk.

Hreppsnefnd sér sér ekki fært að verða við umsókninni.

9.7 Barnaheill 16/9'04 - umsókn um styrk.

Lögð fram tillaga um styrk kr. 10.000.-.

Samþykkt samhljóða.

9.8 Kjartan Björnsson 21/9'04 - umsókn um styrk.

Hreppsnefnd sér sér ekki fært að verða við umsókninni.





# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

## Fundargerð

**38. fundur** hreppsnefndar Rangárþings ytra kjörtímabilið 2002 - 2006, haldinn að Laugalandi í Holtum, miðvikudaginn 15. september 2004, kl. 18:00.

Mætt: Sigurbjartur Pálsson, Valtýr Valtýsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Engilbert Olgeirsson, Viðar H. Steinarsson, Heimir Hafsteinsson, Eggert V. Guðmundsson, Lúðvík Bergmann, Sigrún Ólafsdóttir, varamaður fyrir Ingvar P. Guðbjörnsson og Ingibjörg Gunnarsdóttir, sem ritar fundargerð.

Þórhallur J. Svavarsson, kom inn sem varamaður fyrir Valtý Valtýsson kl. 19:15.

Sigurbjartur setti fund og stjórnaði honum.

### 1. Fundargerðir hreppsráðs:

1.1 Lögð fram fundargerð 51. fundar hreppsráðs, 9/9'04, sem er í 12 liðum. Samþykkt samhljóða.

### 2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til staðfestingar:

2.1 Fjallskilanefnd Rangárvallaafréttar, 3. fundur 6/9/2004 sem er í 8 liðum. Samþykkt samhljóða.

2.2 Samráðsnefnd um Holtamannaafrétt, 8. fundur 1/9/2004 sem er í 6 liðum. Samþykkt samhljóða að fresta afgreiðslu á fundargerðinni og fara fram á viðræður við hreppsnefnd Ásahrepps um kostnað og álagningu fjallskilagjalda vegna fjallskila af Holtamannaafrétti.

Valtýr vék af fundi kl. 19:00.

2.3 Íþróttá- og æskulýðsnefnd, 21. fundur 8/9/2004 sem er í 2 liðum. Samþykkt samhljóða að fresta afgreiðslu annars liðar fundargerðarinnar og fara fram á umsögn skólastjórnenda um málið. Fundargerðin að öðru leyti samþykkt samhljóða.

### 3. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til kynningar:

3.1 Fræðslunefnd, 34. fundur 7/9/2004 sem er í 7 liðum.

3.2 Heilbrigðisnefnd Suðurlands, 67. fundur 7/9/2004 sem er í 5 liðum.

### 4. Tillaga að breytingu á fjárhagsáætlun 2004.

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, sveitarstjóri, lagði fram og kynnti tillögu að breytingu á fjárhagsáætlun 2004. Meginefni breytingartillögunnar er vegna væntanlegrar sölu á leiguíbúðum við Giljatanga að Laugalandi (4 íbúðir) og Tjarnarbakka, Tjarnarflöt og Kirkjuhvol í Þykkvabæ til byggðasamlagsins Húsakynna og afskrifta af kostnaðarverði íbúðanna.

Tillagan samþykkt með sex atkvæðum, þrjú sitja hjá (VHS. EVG. HH).

### 5. Tillaga að 3ja ára áætlun fyrir tímabilið 2005 - 2007 - fyrri umræða.

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, sveitarstjóri, lagði fram tillögu að 3ja ára fjárhagsáætlun fyrir tímabilið 2005-2007 ásamt greinargerð til fyrri umræðu.

Tillögunni vísað til síðari umræðu.

**6. Atlantsolía hf. - umsókn um lóð fyrir bensínstöð.**

Lagður fram tölvupóstur frá Stefáni Kjærnested, framkvæmdastjóra f.h. Atlantsolíu, dagsettur 2. september 2004 þar sem óskað er eftir lóð við gatnamót Suðurlandsveggar og Miðvangs undir sjálfsafgreiðslubensínstöð.

Samþykkt samhljóða að vísa umsókninni til umsagnar hjá skipulags- og bygginganefnd.

**7. Gyða Guðmundsdóttir og Jón Baldvinsson, umsókn um lóð fyrir einbýlishús.**

Lagt fram bréf frá Gyðu Guðmundsdóttur og Jóni I. Baldvinssyni, dagsett 26. ágúst 2004 með umsókn um lóð undir einbýlishús.

Samþykkt samhljóða að vísa umsókninni til skipulags- og bygginganefnar til skoðunar og tillögugerðar.

**8. Vígsla rétta í Áfangagili 23/9/2004.**

Stefnt er að vígslu nýrrar réttar fyrir Landmannaafrétt í Áfangagili á réttadegi eftir fyrstu leit 2004 þ. 23. september n.k. Lagt er til að formaður hreppsráðs og fjallkóngur á Landmannaafrétti sjái um formlega vígslu réttanna og að Rangárþing ytra bjóði upp á kaffi og safa við það tilefni. Lagt er til að kvenfélögin verði fengin til að sjá um veitingarnar.

Samþykkt samhljóða.

**9. Fundarboð, námskeið, ráðstefnur, þjónusta og umsóknir um styrki:**

9.1 Drög að dagskrá fyrirhugaðrar kynnisferðar með Landgræðslu ríkisins til Hekluskóga 1/10/2004.

Óskað er eftir að umhverfisnefnd Rangárþings ytra taki þátt í ferðinni og að hún hefjist kl. 13:00.

9.2 Sunnlenska bókaútgáfan 27/8/2004 - umsókn um styrk vegna vinnslu á filmum Helga Hannessonar.

Samþykkt samhljóða að verða við umsókninni og veita styrk að upphæð kr. 300.000.- í verkefnið.

Vísað til fjárhagsáætlunar 2005 undir liðinn menningarmál.

**10. Annað efni til kynningar:**

10.1 Samband íslenskra sveitarfélaga, 3/9/2004 - um fjármálaráðstefnu sveitarfélaga 1. og 2/11 2004.

10.2 Samband íslenskra sveitarfélaga, 7/9/2004 - minnisblað varðandi framkvæmd hugsanlegs verkfalls kennara.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 22:00.

Ingibjörg Gunnarsdóttir, ritari.

*Ingibjörg Gunnarsdóttir*

*Ólafur Ólafsson*

*Sigrún Ólafsdóttir*

*Victor Steinarsson*

*Páll Guðmundsson*

*Ólafur Ólafsson*

D:\Rangárþing ytra\Sveitarstjórn\38. fundur 15-09-04.doc

*Ingibjörg Gunnarsdóttir*

# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

## Fundargerð

**37. fundur** hreppsnefndar Rangárþings ytra kjörtímabilið 2002 - 2006, haldinn að Laugalandi í Holtum, miðvikudaginn 1. september 2004, kl. 16:00.

Mætt: Sigurbjartur Pálsson, Valtýr Valtýsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Engilbert Olgeirsson, Viðar H. Steinarsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Pröstur Sigurðsson, varamaður Heimis Hafsteinssonar, Eggert V. Guðmundsson, Lúðvík Bergmann og Sigrún Sveinbjarnardóttir, sem ritar fundargerð.

Sigurbjartur setti fund og stjórnaði honum.

Lögð fram tillaga að breytingu á dagskrá; nýr 9. liður bættist við og færast aðrir liðir aftur sem því nemur.

Samþykkt samhljóða.

### 1. Fundargerðir hreppsráðs:

1.1 Lögð fram fundargerð 48. fundar hreppsráðs, 22/7'04, sem er í 13 liðum.

Samþykkt samhljóða.

1.2 Lögð fram fundargerð 49. fundar hreppsráðs, 4/8'04, sem er í 14 liðum.

Samþykkt samhljóða.

1.3 Lögð fram fundargerð 50. fundar hreppsráðs, 25/8'04, sem er í 16 liðum.

Bókun vegna 3. liðar í fundargerð hreppsráðs R.y. frá 25. ágúst 2004. Varðar mötuneyti Grunnskólans á Hellu.

*Undirritaðir fulltrúar minnihlutans átella harðlega þá tilhögun sem meirihluti sveitarstjórnar ætlar sér að hafa á rekstri mötuneytis Grunnskólans á Hellu skólaárið 2004-2005.*

*Þó liggja fyrir bókun sveitarstjóra um að allar mögulegrar hagkvæmni hafi verið gætt til að halda kostnaði í lágmarki þykir ljóst að valin hafi verið sú leið sem við teljum óhagkvæmust af öllum þeim leiðum sem til greina komu.*

*Ekki voru kannaðir aðrir kostir s.s. að leita tilboða í verð á aðkeyptum mat eins og víða er að ryðja sér til rúms hjá fyrirtækjum, sveitarfélögum og stofnunum. Ekki virðist heldur hafa verið skoðaður sá möguleiki að samnýta mötuneyti sem sveitarfélagið rekur nú þegar á Laugalandi.*

*Eftir 35. fund sveitarstjórnar Rangárþings ytra dags. 16. júní 2004 lá fyrir formleg ákvörðun um að koma mötuneyti Grunnskólans á Hellu fyrir í tengibyggingu Íþróttahússins á Hellu. Fjárveiting samkvæmt framlagðri kostnaðaráætlun uppá 7-8 millj. kr. var samþykkt á sama fundi sveitarstjórnar. Ákvörðun þessari fylgdi að framkvæmdir skyldu fara fram sumarið 2004 og vera lokið fyrir skólaárið 2004-2005. Undrun vekur að nú í upphafi umrædds skólaárs hefur ekkert af áætluðum framkvæmdum litið dagsins ljós.*

*Sú bráðabirgðalausn sem valin hefur verið nú til að geta tekið á móti mötuneyti Grunnskólans veldur verulegum aukakostnaði og sýnir enn og aftur metnaðarleysi og stjórnleysi meirihluta sveitarstjórnar Rangárþings ytra. Undirritaðir : Viðar H. Steinarsson, Eggert V. Guðmundsson, Pröstur Sigurðsson.*

Bókun fulltrúa D-lista í hreppsnefnd Rangárþings ytra í tilefni af bókun fulltrúa K og Ó lista um málefni mötuneytis Grunnskólans á Hellu á fundi hreppsnefndar 1. september 2004:

*Fulltrúar D-lista harma að fulltrúar K og Ó lista skulu gagnrýna hvernig mötuneytið við Grunnskólann á Hellu fer af stað í nýjum húsakynnum, áður en nokkur reynsla er fengin af starfrækslu þess.*

*Vegna orða um að ekki hafi verið valin hagkvæmasta leiðin varðandi rekstur mötuneytisins er tekið fram, að engin reynsla er fengin af rekstrinum ennþá og langt í frá tímabært að fella dóma.*

Varðandi kaup á búnaði og framkvæmdir í tengibyggingu íþróttahússins á Hellu er það áréttað, að vegna sumarleyfa sem brostin voru á þegar ákvörðun var tekin í sveitarstjórn, fást nauðsynleg tæki ekki afgreidd fyrir en á haustmánuðum.

Varðandi útboð á matargerðinni er það áréttað, að vel kemur til greina að sú leið verði farin í framtíðinni, en við þær aðstæður sem nú eru, þ.e. ekki ljóst hvenær allur skólinn verður kominn í mótuneytið, var talið farsælla að skólinn ræki sjálfur eldhús þennan vetur.

Varðandi það að kaupa mat frá eldhúsinu að Laugalandi gilda að mörgu leyti sömu rök og varðandi almennu útboði. Minnt er á, að Laugalandsskóli og tilheyrandi mótuneyti eru í sameign Rangárþings ytra og Ásahrepps og þ.a.l. hefði aðeins verið um kaup á vöru og þjónustu að ræða sem ber að skoða í ljósi almennra leikreglna á markaði, en ekki rekstur á vegum Grunnskólans á Hellu.

Vísað er á bug að orðum um metnaðarleysi og stjórnleysi meirihlutans. Umrædd framkvæmd er sýnir einmitt hið gagnstæða, enda flykkjast börnin í Grunnskólanum á Hellu í mótuneytið, jafnvel í meira mæli en gert var ráð fyrir í byrjun.

Undirritaðir: Sigurbjartur Pálsson, Engilbert Olgeirsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Valtýr Valtýsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson.

Lúðvík situr hjá við afgreiðslu á 4. lið fundargerðarinnar.

Fundargerðin að öðru leyti samþykkt samhljóða.

## **2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórnna til staðfestingar:**

2.1 Skipulags- og bygginganefnd - 26. fundur 23/8'04, sem er í liðunum nr. 164-2004 til 185-2004.

Samþykkt samhljóða.

2.2 Samgöngunefnd - 10. fundur 20/8'04, sem er í 6 liðum.

Samþykkt samhljóða.

## **3. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórnna til kynningar:**

3.1 Stjórn Sorpstöðvar Suðurlands bs. - 116. fundur 24/8'04, sem er í 2 liðum.

3.2 Stjórn Skólaskrifstofu Suðurlands - 75. fundur 25/8'04, sem er í 5 liðum.

## **4. Eignaumsjón - umsókn um auknar fjárheimildir vegna Þrúðvangs 31:**

Lagt fram bréf frá Eignaumsjón Rangárþings ytra og Ásahrepps, dagsett 26/8'04, þar sem sótt er um auknar fjárheimildir á árinu 2004 vegna Þrúðvangs 31.

Lögð fram tillaga um aukafjárheimild kr. 1.600.000.- vegna viðhalds utanhúss og aðgengis fatlaðra í Þrúðvangi 31 á árinu 2004.

Vísað til endurskoðunar fjárhagsáætlunar fyrir árið 2004.

Samþykkt samhljóða.

## **5. Eikarás ehf. - umsókn um lóðir:**

Lagt fram bréf frá Eikarási ehf., móttakið 20/8'04, þar sem sótt er um allt að 20 lóðir undir einbýlishús á Hellu.

Lagt er til að afgreiðslu á umsókninni verði frestað og oddvita og sveitarstjóra falið að ræða við umsækjanda.

Lagt er til að vinnuhópur geri tillögu að úthlutunarreglum fyrir íbúðahúsaloðir. Vinnuhópin skipi: Sigurbjartur Pálsson, Heimir Hafsteinsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson og Ólafur Elvar Júlíusson.

Samþykkt samhljóða.

## **6. Skólaakstur:**

Lagt fram yfirlit frá Valgerði Guðjónsdóttur, aðstoðarskólalagastjóra, yfir aðdraganda þess að leitað var eftir viðbótarbíl á Þykkvabæjarleið og rök fyrir því hver var valinn sem annar skólabílstjóri á leiðina veturinn 2004-2005, dagsett 31/8'04.

Bókun vegna vinnubragða við auglýsingu og val á bílstjóra vegna viðbótarskólaaksturs frá Þykkvabæ til Grunnskólans á Hellu.

*Undirritaðir fulltrúar minnihlutans gagnrýna harðlega gerð auglýsingar þar sem óskað var eftir aðila til að sinna skólaakstri úr Þykkvabæ og einnig gagnrýnum við harðlega hvernig staðið var að vali úr hópi umsækjenda. Í 31. töl. Búköllu frá 2004 birtist auglýsing frá Grunnskólanum á Hellu þar sem auglýst er eftir áhugasömum umsækjendum til að sinna skólaakstri úr Þykkvabæ. Ekkert var tiltekið um þær kröfur sem viðkomandi þarf að uppfylla, hvorki hvað varðar tilskilin réttindi né ökutæki.*

*Við val úr hópi umsækjenda virðist ekkert tillit hafa verið tekið til réttinda og reynslu umsækjenda því sá sem valinn var hafði ekki öðlast tilskilin réttindi til skólaaksturs þegar hann var ráðinn í starfið.*

*Almenna reglan hefur verið sú að skólabílstjórar hafa verið ráðnir beint af framkvæmdastjóra sveitarfélagsins. Vegna tengsla eins af umsækjendum við skólalagastjóra, en sá umsækjandi var síðan ráðinn, hefði sú vinnuregla betur verið viðhöfð í þetta skiptið.*

*Þau vinnubrögð sem hér hafa verið viðhöfð eiga, að okkar mati, ekki að þekkjast í opinberri stjórnsýslu. Undirritaðir : Viðar Steinarsson, Eggert V. Guðmundsson, Þröstur Sigurðsson.*

*Fulltrúar D-lista áréttu að samkvæmt ákvæðum grunnskólalaga, sjá skólalagastjórar grunnskóla að öllu leyti um rekstur þeirra og þar á meðal ráðningu verktaka til þess að annast skólaakstur.*

## **7. Yfirdýralæknir - tilmæli um óbreytta tilhögun á smölun:**

Lagt fram bréf frá embætti yfirdýralæknis, dagsett 24/8'04, þar sem lagt er til að óbreytt tilhögun verði á smölun á Rangárvalla- og Skaftárafréttum.

Samþykkt samhljóða.

## **8. Aðalheiður Sigurðardóttir - umsókn um launað leyfi vegna náms:**

Lagt fram bréf frá Aðalheiði Sigurðardóttur, dagsett 17/8'04, þar sem sótt um að fá greidd laun í leyfi vegna náms, veturinn 2004-2005, alls 10-12 daga.

Samþykkt samhljóða.

## **9. Atvinnu- og ferðamálafulltrúi - dagskrá fyrir sænsku konungshjónin:**

Lagt fram erindi frá atvinnu- og ferðamálafulltrúa Rangárþings og Mýrdals, dagsett 1/9'04, þar sem óskað er eftir kr. 200.000.- framlagi sveitarfélaga í Rangárvallasýslu og Mýrdalshreppi, fyrir móttöku til heiðurs sænsku konungshjónunum og fylgdarliði þeirra, föstudaginn 10. september, að Hótel Rangá.

Samþykkt samhljóða og kostnaði vegna hlutar Rangárþings ytra vísað til liðarins "kynning sveitarfélagins", í fjárhagsáætlun 2004.

## **10. Fundarboð, námskeið, ráðstefnur, þjónusta og umsóknir um styrki:**

10.1 Landgræðsla ríkisins 17/8'04 - tilmæli um sameiginlega kynnisferð til Land- og Árskóga, föstudaginn 10/9'04.

Samþykkt samhljóða að fara í ferðina, en mælst til að ferðin verði farin 1/10'04.

10.2 Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri o.fl. - boð á málþing um "Skjól - skóg - skipulag" 3/9'04.

Til kynningar.

10.3 SASS 23/8'04 - tilkynning um aðalfund SASS þ. 13.-14/11'04 í Vestmannaeyjum.

Til kynningar.

10.4 Rauði kross Íslands 25/8'04 - umsókn um styrk.

Lögð fram tillaga um styrk kr. 15.000,-.

Samþykkt samhljóða.

**11. Annað efni til kynningar:**

11.1 Skýrsla nefndar um mat á framkvæmd viðbótarlána 23/8'04.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 20:00.

Sigrún Sveinbjarnardóttir, ritari.

Sigrún Sveinbjarnardóttir  
Sigrún Sveinbjarnardóttir  
Sigrún Sveinbjarnardóttir  
Sigrún Sveinbjarnardóttir  
Sigrún Sveinbjarnardóttir

Vidar Sleinavall  
Vidar Sleinavall  
Vidar Sleinavall  
Vidar Sleinavall  
Vidar Sleinavall  
Vidar Sleinavall  
Vidar Sleinavall

# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

## Fundargerð

**36. fundur** hreppsnefndar Rangárþings ytra kjörtímabilið 2002 - 2006, haldinn að Laugalandi í Holtum, miðvikudaginn 7. júlí 2004, kl. 16:00.

Mætt: Sigurbjartur Pálsson, Valtýr Valtýsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Engilbert Olgeirsson, Viðar H. Steinarsson, Fjóla Runólfsdóttir, varamaður Ingvars Péturs Guðbjörnssonar, Heimir Hafsteinsson, Eggert V. Guðmundsson, Lúðvík Bergmann, Sigrún Ólafsdóttir situr fundinn eftir afgreiðslu 4. og 5. liðar sem varamaður Engilberts Olgeirssonar og Sigrún Sveinbjarnardóttir, sem ritar fundargerð.

Sigurbjartur setti fund og stjórnaði honum.

Lögð fram tillaga að breytingu á dagskrá: Nýr 2.2 liður bætist við, nafn á lið 5 breytist í "Fræðslunefnd, 33. fundur" og liðir 5.1 og 5.2 bætist við. Einnig bætast við liðirnir 10.2, 10.3 og 14 og færast aðrir liðir aftur sem þessu nemur.

Samþykkt með 8 atkvæðum 1 situr hjá (E.V.G.).

Eggert V. Guðmundsson tekur fram að sér finnist of mikið bætast við dagskrá fundarins sem ekki var í fundarboði og því sitji hann hjá.

Samþykkt samhljóða að liðir nr. 4 og 5 verði ræddir á undan lið nr. 1 þar sem Engilbert viku af fundi að afgreiðslu á þeim loknum.

### **1. Fundargerðir hreppsráðs:**

1.1 Lögð fram fundargerð 47. fundar hreppsráðs, 24/6'04, sem er í 15 liðum.

Samþykkt samhljóða.

### **2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til staðfestingar:**

2.1 Fræðslunefnd - fundargerð 32. fundar 24/6'04, flutt í 4. efnislið.

2.2 Fræðslunefnd - fundargerð 33. fundar 6/7'04, flutt í 5. efnislið.

2.3 Samráðsnefnd Rangárþings ytra og Ásahrepps - 7. fundur 28/6'04, sem er í 4 liðum. Samþykkt samhljóða.

### **3. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til kynningar:**

Stjórn Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands - 241. fundur 25/6'04, sem er í 5 liðum.

### **4. Fræðslunefnd - fundargerð 32. fundar:**

Fræðslunefnd - fundargerð 32. fundar 24/6'04, sem er í 6 liðum, lögð fram.

4.1 Úrvinnsla úr viðhorfakönnun meðal foreldra í júní 2004.

Til kynningar.

4.2 Bréf frá Hafdísí Garðarsdóttur, dagsett 11/6'04.

Til kynningar.

4.3 Ákvörðun um skipulag skólastarfs Grunnskólans á Hellu, skólaárið 2004 - 2005.

Í samræmi við bókun í 3. lið fundargerðar fræðslunefndar frá 24/6'04 er lagt til að öll kennsla í skólahverfi Grunnskólans á Hellu verði á Hellu skólaárið 2004 - 2005.

Samþykkt með 5 atkvæðum, 4 sitja hjá (H.H., E.V.G., V.H.S, L.B.)

Bókun vegna afgreiðslu fundargerðar 32. fundar fræðslunefndar Rangárþings ytra:

*Undirritaðir hafa lagt áherslu á að byggður verði upp einn skóli í sveitarfélaginu á Hellu. Á tilteknu tímabili væri unnið að uppbyggingu eins grunnskóla í sveitarfélaginu og að Þykkvabæjarskóli og Laugalandsskóli væri nýttir á meðan gerðar væru ráðstafanir og framtíðarplön um skólahald á Hellu. Þessi ráðstöfun nú að ekki verði um frekara skólahald að ræða í Þykkvabæ samræmist ekki þeim hugmyndum sem lagðar hafa verið fram af hálfu undirritaðra og það að ekki skuli horft til skólahverfisins að Laugalandi í hagræðingarskyni vekur enn og aftur furðu.*

*Undirritaðir leggja áherslu á að allt skólahald sveitarfélagsins veri tekið til endurskoðunar og unnið verði að því á næstu árum að sameina allt skólahald sveitarfélagsins á Hellu og að þá verði farið í þá vinnu að finna Þykkvabæjarskóla og Laugalandsskóla hlutverk við hæfi.*

*Undirritaðir: Eggert V. Guðmundsson, Viðar H. Steinarsson, Heimir Hafsteinsson.*

Engilbert Olgeirsson vikur af fundi kl. 17:00 og Sigrún Ólafsdóttir tekur sæti hans.

### **5. Fræðslunefnd - fundargerð 33. fundar:**

Fræðslunefnd - fundargerð 33. fundar, 6/7'04, sem er í 5 liðum, lögð fram.

5.1 Grunnskólinn Hellu 30/6'04 - umsókn um fjölgun sérkennslustunda, fjölgun stunda vegna nýbúafraeðslu og um viðbótarstöðu stuðningsfulltrúa.

Samþykkt með 8 atkvæðum 1 situr hjá (E.V.G.) og kostnaðarauka vísað til endurskoðunar á fjárhagsáætlun 2004.

5.2 Laugalandsskóli 7/7'04 - umsókn um vikulegan kennslustundafjölda skólaárið 2004 - 2005.

Samþykkt með 6 atkvæðum 3 sitja hjá (H.H., E.V.G., V.V.)

Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum, 2 sitja hjá (V.V., E.V.G.).

### **6. Landbúnaðarráðuneytið - samþykki við byggingabréfi um Þjóðólfshaga 2:**

Lagt fram bréf frá landbúnaðarráðuneytinu, dagsett 23/6'04, þar sem óskað er eftir samþykki við byggingabréfi um Þjóðólfshaga 2. Leigutaki er Stefán Þór Sigurðsson, kt. 010771-3909 og leigusali er Landbúnaðarráðherra, f.h. jarðardeildar landbúnaðarráðuneytisins. Samþykkt samhljóða.

### **7. Fasteignamiðstöðin - afstaða til sölu á spildu úr Stóru-Völlum:**

Lagt fram bréf frá Fasteignamiðstöðinni, dagsett 10/6'04, þar sem óskað er eftir samþykki við sölu á spildu úr jörðinni Stóru-Völlum.

Kaupendur eru Gunnar Bjarnason, kt. 150849-0049 og Vilmar Þór Kristinsson, kt. 050648-4439 og seljandi er Óðinn Pálsson, kt. 070227-4289.

Hreppsnefnd gerir ekki athugasemd við söluna og fallið er frá forkaupsrétti.

### **8. Lax-á ehf. - afstaða til sölu á spildu úr landi Rangár:**

Lagt fram bréf frá Lax-á ehf., móttakið 29/6'04, þar sem óskað er eftir samþykki við sölu á spildu úr jörðinni Rangá.

Seljandi er Þór Pálsson, kt. 070227-3989 og Kaupandi er Lax-á ehf., kt. 690589-1419.

Hreppsnefnd gerir ekki athugasemd við söluna og fallið er frá forkaupsrétti.

### **9. Gunnar Örn Gunnarsson - afstaða til sölu á spildu úr Háfshjáleigu:**

Lagt fram bréf frá Gunnari Erni Gunnarssyni, 200258-3209, dagsett 25/6'04, þar sem óskað er eftir samþykki við kaupum hans á spildu úr Háfshjáleigu. Seljandi er Vorland ehf., kt. 481096-2279.

Hreppsnefnd gerir ekki athugasemd við söluna og fallið er frá forkaupsrétti.

### **10. Sýslumaður á Hvolsvelli:**

10.1 Lagt fram bréf frá Sýslumanninum á Hvolsvelli, dagsett 29/6'04, þar sem óskað er eftir afstöðu til umsóknar um veitingaleyfi fyrir Árhús ehf.

Hreppsnefnd gerir ekki athugasemd við leyfisveitinguna með fyrirvara um jákvæðar umsagnir annarra umsagnaðila.

10.2 Lagt fram bréf frá Sýslumanninum á Hvolsvelli, dagsett 2/7'04, þar sem óskað er eftir afstöðu til umsóknar um gistileyfi fyrir Norðurver-Fet.

Hreppsnefnd gerir ekki athugasemd við leyfisveitinguna með fyrirvara um jákvæðar umsagnir annarra umsagnaðila.

10.3 Lagt fram bréf frá Sýslumanninum á Hvolsvelli, dagsett 5/7'04, þar sem óskað er eftir starfsleyfi vegna Bindindismótsins í Galtalækjarskógi 30/7-2/8'04.

Hreppsnefnd gerir ekki athugasemd við leyfisveitinguna með fyrirvara um jákvæðar umsagnir annarra umsagnaðila.

Lagt er til að sveitarstjóra verði falið að afgreiða beiðnir um umsagnir um veitinga- og gistileyfi og aðrar sambærilegar umsagnir, milli funda sveitarstjórna og þær verði síðan lagðar fyrir sveitarstjórn til staðfestingar.

Samþykkt samhljóða.

### **11. Kvikmyndatökur í Þykkvabæ og á Hellu haustið 2004:**

Lagt fram bréf frá Little trip ehf., dagsett 1/7'04, þar sem sagt er frá hugmynd að taka upp hluta af kvikmynd í Þykkvabæ og á Hellu haustið 2004 og óskað eftir stuðningi sveitarstjórnar við framkvæmdir og tukur kvikmyndarinnar.

Sveitarstjórn fagnar hugmyndum um verkefnið og gerir ekki athugasemd við framkvæmdina með fyrirvara um samþykki umráðaaðila lands og fasteigna.

### **12. Umboð til hreppsráð til þess að ljúka afgreiðslu mála í sumarfrí hreppsnefndar:**

Lagt er til að næsti reglulegi fundur hreppsnefndar verði 1/9'04 og hreppsráð verði falið að ljúka afgreiðslu mála í sumarfrí hreppsnefndar.

Samþykkt samhljóða.

### **13. EBÍ hf. - um styrkveitingar og frest til að sækja um styrki 2004:**

Lagt fram bréf frá Brunabótafélagi Íslands, dagsett 24/6'04, þar sem sagt er frá úthlutun úr styrktarsjóði EBÍ.

Lagt er til að vísa erindinu til umhverfisnefndar, atvinnu- og ferðamálanefndar og menningarmálanefndar.

Samþykkt samhljóða.

**14. Vegagerðin - úthlutun á styrkvegafé og heimild til útborgunar til RHS ehf.:**

Lagt fram bréf frá Vegagerðinni, dagsett 2/7'04, þar sem fram kemur að Rangárþingi ytra hafi verið úthlutað kr. 3.500.000.-, til endurbóta á styrkvegum í sveitarfélaginu árið 2004.

Lagt er til að sveitarstjóra verði heimilað að greiða kr. 1.900.000.- til Rangárbakka Hestamiðstöðvar Suðurlands ehf., sem er væntanlegur hlutur þess fyrirtækis af framangreindum styrk vegna styrkvega á Gaddstaðafötum.

Að öðru leyti er ráðstöfun fjárins vísað til samgöngunefndar.

Samþykkt samhljóða

**15. Starfsmannamál.**

Lagt fram erindi frá skipulags- og byggingafulltrúa, varðandi rekstur á bíl fyrir embætti skipulags- og byggingafulltrúa, sem vísað var til hreppsnefndar á síðasta fundi hreppsráðs.

Lagt er til að erindinu verði frestað og oddvita og sveitarstjóra verði falið að ræða við skipulags- og byggingafulltrúa um bifreiðamál embættisins.

Samþykkt samhljóða.

**16. Fundarboð, námskeið, ráðstefnur, þjónusta og umsóknir um styrki:**

16.1 Klúbburinn Strókur 14/6'04 - umsókn um styrk.

Lagt er til að erindinu verði frestað og frekari upplýsinga aflað.

Samþykkt samhljóða.

16.2 Landsmót UMFÍ 25/6'04 - umsókn um styrk.

Samþykkt samhljóða að veita styrk að upphæð kr. 25.000.-.

**17. Annað efni til kynningar:**

17.1 Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga 23/6'04 - umburðabréf vegna fjárhagsáætlana fyrir árið 2004.

17.2 Orlof húsmæðra 20/6'04 - ársskýrsla og ársreikningur fyrir árið 2003.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 20:00.

Sigrún Sveinbjarnardóttir, ritari.

# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

## Fundargerð

**35. fundur** hreppsnefndar Rangárþings ytra kjörtímabilið 2002 - 2006, haldinn að Laugalandi í Holtum, miðvikudaginn 16. júní 2004, kl. 18:00.

Mætt: Valtýr Valtýsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Engilbert Olgeirsson, Viðar H. Steinarsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Eggert V. Guðmundsson, Sigurbjartur Pálsson, Lúðvík Bergmann og Ingibjörg Gunnarsdóttir, sem ritar fundargerð.

Valtýr setti fund og stjórnaði honum.

### 1. Kosning oddvita og varaoddvita til eins árs:

1.1 Lögð fram tillaga um að Sigurbjartur Pálsson verði oddviti og Engilbert Olgeirsson verði varaoddviti til eins árs.

**Samþykkt með 5 atkvæðum, 4 sitja hjá.**

**Nýr oddviti, Sigurbjartur Pálsson tekur við fundinum.**

1.2. Lögð fram tillaga um að Sigurbjartur Pálsson og Ingvar Pétur Guðbjörnsson verði aðalmenn í hreppsráði af hálfu meirihluta hreppsnefndar og varamenn verði Valtýr Valtýsson og Engilbert Olgeirsson til eins árs.

Heimir Hafsteinsson leggur fram tillögu um að Viðar H. Steinarsson verði aðalmaður í hreppsráði af hálfu minnihluta hreppsnefndar og Heimir Hafsteinsson verði varamaður til eins árs.

**Samþykkt með 8 atkvæðum, 1 situr hjá.**

1.3 Tillaga lögð fram um að Ingvar Pétur Guðbjörnsson verði formaður og Sigurbjartur Pálsson verði varaformaður.

**Samþykkt með 5 atkvæðum, 4 sitja hjá.**

### 2. Fundargerðir hreppsráðs:

2.1 Lögð fram fundargerð 45. fundar hreppsráðs, 27/5'04, sem er í 14. liðum.

**Fundargerðin samþykkt samhljóða.**

2.2. Lögð fram fundargerð 46. fundar hreppsráðs, 10/6'04, sem er í 10 liðum.

**Fundargerðin samþykkt samhljóða.**

### 3. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til staðfestingar:

3.1 Eignaumsjón - 14. fundur 21/5'04, sem er í 9 liðum.

3.1.1 Lagt fram bréf frá Eignaumsjón, dagsett 25/5'04, þar sem sagt er frá drögum að samningi við Húsakynni bs. um kaup á 7 íbúðum í eigu Eignaumsjónar.

**Liður 3.1.1 samþykktur með 6 atkvæðum, 3 sitja hjá (HH, VHS, EVG).**

3.1.2 Kynning á tillögu um nýtt mötuneyti fyrir Grunnskólann á Hellu.  
Liður 3.1.2 samþykktur með 6 atkvæðum, 3 sitja hjá (EVG, VHS, HH).

3.1.3 Framkvæmdir á Laugalandi, götur og plön, búningsklefar, sundlaug.  
Liður 3.1.3 samþykktur með 6 atkvæðum, 3 sitja hjá (EVG, HH, VHS).

**Fundargerðin staðfest með 5 atkvæðum, 3 sitja hjá (EVG, HH, VHS) 1 fjarverandi (LB).**

**5 samþykkja að mæta þessum fjárútlátum með lánveitingu, 3 sitja hjá (EVG, HH, VHS)  
1 fjarverandi (LB).**

Bókun fulltrúa K og Ó lista.

Bókun vegna fjárútláta utan samþykkrar fjárhagsáætlunar að upphæð c.a. 12-14 milljóna króna. Undirritaðir undra sig á að meirhluti sveitarstjórnar ásamt fulltrúa framsóknarflokksins skuli á miðju fjárhagsári samþykkja aukin útgjöld með tilheyrandi lántökum. Hluti áðurnefndra útgjalda er greinilega bráðabirgðalausn vegna aflagnar skólahalds í Þykkvabæ en að öðru leiti vegna skorts á fyrirhyggju. Með tilliti til fjárhagsstöðu sveitarsjóðs getum við undirritaðir fulltrúar minnihlutans ekki samþykkt þessi auknu útgjöld og skuldaaukningu.  
Viðar H. Steinarsson, Heimir Hafsteinsson og Eggert V. Guðmundsson.

Bókun fulltrúa D og B-lista vegna bókunar fulltrúa af K og Ó-listum um fjárútlát, lögð fram á fundi hreppsnefndar Rangárþings ytra þ. 16. júní 2004:

Aukin útgjöld eru eingöngu vegna óhjákvæmilegra aðgerða til að bæta aðstöðu Grunnskólans á Hellu og íþróttamiðstöðvarinnar. Einnig til þess að ljúka fyrsta verkáfangi við götur, plön og opin svæði á Laugalandi sem þegar var byrjað á. Tillögur um þessar framkvæmdir var ekki unnt að afgangi með fjárhagsáætlun fyrir árið 2004, þar sem ekki var búið að móta tillögur um aðgerðir og svæðið á Laugalandi var í höndum verkataka sem átti eftir að semja við um verklok.

Engin tengsl eru á milli þessara framkvæmda og sameiningar skólahverfa eins og fullyrt er ranglega í bókun K og Ó-lista.

Framkvæmdir í tengibyggingu á milli sundlaugar og íþróttahúss eru hluti af frágangi tengibyggingarinnar sem hefur beðið frá því að íþróttahúsið var tekið í notkun. Þessar framkvæmdir nýtast mötuneyti skólans jafnframt því að vera nauðsynlegar vegna samkoma sem haldnar eru í íþróttahúsinu.

Full fyrirhyggja er varðandi þessar framkvæmdir og gát er höfð á fjárhagsstöðu sveitarsjóðs samhliða því að horfast verður í augu við óhjákvæmilegar framkvæmdir.

Sigurbjartur Pálsson  
Guðmundur Ingi Gunnlaugsson  
Valtýr Valtýsson  
Engilbert Olgeirsson  
Ingvar Pétur Guðbjörnsson  
Lúðvík Bergmann

#### 4. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til kynningar:

Engin fundargerð liggur fyrir.

#### 5. Íþrótt- og æskulýðsnefnd - húsnæði fyrir félagsmiðstöð:

Lagt fram bréf frá Íþrótt- og æskulýðsnefnd Rangárþings ytra, dagsett 7/6'04, þar sem óskað er eftir afstöðu sveitarstjórnar um húsnæði fyrir félagsmiðstöð.

**Lagt er til að hafna tilboði um leigu að Dynskálum 8.**

**Íþrótt- og æskulýðsnefnd falið að halda áfram að kanna aðstöðu fyrir félagsmiðstöðina í samstarfi við starfsmenn félagsmiðstöðvarinnar og skólastjórnendur.**

## **6. Gjaldskrár, starfsreglur og samþykktir:**

6.1 Drög að gjaldskrá um gatnagerðargjöld í Rangárþingi ytra - síðari umræða.  
Umsögn skipulags- og bygginganefndar um drög að gjaldskrá um gatnagerðargjöld, 26/5'04.

**Drögin samþykkt með 7 atkvæðum 1 á móti (HH) 1 situr hjá (VHS).**

6.2 Tillaga að breytingum á starfsreglum Rangárþings ytra um veitingu viðbótarlána - síðari umræða.

**Tillagan samþykkt samhljóða.**

6.3 Tillaga að samþykkt um holræsi og holræsagjöld í Rangárþingi ytra - síðari umræða.

**Tillagan samþykkt með 8 atkvæðum, 1 situr hjá (HH).**

6.4 Tillaga að samþykkt Rangárþings ytra um hreinsun fráveituvatns og reglubundna losun, vinnslu eða förgun seyru - síðari umræða.

**Tillagan samþykkt samhljóða.**

6.5 Tillaga að samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Rangárþingi ytra - síðari umræða.

**Tillagan samþykkt samhljóða með áorðnum breytingum.**

6.6 Umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands um tillögur að samþykktum skv. liðnum 6.3, 6.4 og 6.5, 11/5'04.

**Haft verður samband við Heilbrigðiseftirlitið vegna smávægilegra breytinga í tillögu 6.5.**

6.7 Tillaga um samþykkt um hundahald í Rangárþingi ytra - síðari umræða.  
Umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands um tillögu að samþykkt um hundahald, 11/5'04.

**Tillagan samþykkt samhljóða sem áorðnum breytingum.**

Haft verður samband við Heilbrigðiseftirlitið vegna smávægilegra breytinga.

## **7. Grunnskólinn Hellu - umhverfisverkefni nemenda:**

Lagt fram bréf frá Grunnskólanum á Hellu, móttakið 9/6'04 þar sem rætt er um umhverfisverkefni nemenda skólans. Einnig er óskað eftir að léttum sorpgámi verði komið fyrir við skólahúsið með það fyrir augum að taka megí upp sorpflokkun.

**Samþykkt samhljóða að ræða við skólastjórnendur og forstöðumann íþróttahúss um gáamálin.**

## **8. Grunnskólinn Hellu - afmörkun skólalóðar:**

Lagt fram bréf frá Grunnskólanum á Hellu, móttakið 9/6'04, þar sem ræddar eru hugmyndir um afmörkun og girðingu skólalóðarinnar.

**Samþykkt samhljóða að vísa erindinu til starfsmanns eignaumsjónar og skólastjórnenda til úrvinnslu og tillögugerðar.**

## **9. Sigrún og Pálína - nafn á fjölnotahúsið í Þykkvabæ:**

Lagt fram bréf frá Sigrúnu húsverði og Pálínu föstru, dagsett 24/5'04, þar sem sagt er frá hugmynd um nafngift á fjölnotahúsinu í Þykkvabæ.

**Samþykkt samhljóða að vísa bréfinu til fræðslu- og æskulýðsnefndar til úrvinnslu.**

**10. Skipulags- og byggingarfulltrúi - yfirbyggt tamningagerði:**

Lagt fram bréf frá skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra, dagsett 7/6'04, vegna umsóknar um að fá að reisa tamningagerði og um framtíð núverandi hesthúsahverfis á Hellu.

**Samþykkt að fresta afgreiðslu umsóknar um byggingu tamningagerðis meðan unnið er að framtíð hesthúsahverfis.**

**Samþykkt að Sigurbjartur Pálsson, Ingvar P. Guðbjörnsson og Viðar H. Steinarrson myndi vinnuhóp um framtíð hesthúsahverfis.**

**11. Landsvirkjun - Norðlingaöldulón og aðalskipulag Rangárþings ytra 2004-2014:**

Lagt fram bréf frá Landsvirkjun, dagsett 4/6'04, vegna aðalskipulags Rangárþings ytra 2003-2014 með tilliti til fyrirhugaðrar Norðlingaölduveitu.

**Samþykkt samhljóða að senda bréfið til samráðsnefndar Holtamannaafrettar.**

**12. Lilja G. Gunnarsdóttir - stofnun nýbýlis "Grásteinn 2":**

Lagt fram bréf frá Lilju G. Gunnarsdóttur, dagsett 8/6'04, þar sem óskað er eftir afstöðu sveitarstjórnar til stofnunar nýbýlis að "Grásteini 2".

**Samþykkt samhljóða.**

**13. Kjörskrá fyrir forsetakosningar 2004:**

Lögð fram kjörskrá Rangárþings ytra vegna forsetakosninga 2004.

**Samþykkt samhljóða.**

**14. Fundarboð, námskeið, ráðstefnur, þjónusta og umsóknir um styrki:**

Ekkert liggur fyrir undir þessum lið.

**15. Annað efni til kynningar:**

15.1 Hekla handverkshópur 8/6'04 - umsókn um styrk úr Atvinnuefningarsjóði (áframsent til Atvinnuefningarsjóðs).

15.2 Dagskrá heimsóknar íþróttanefndar ríkisins á sambandsvæði HSK 22/6'04.

15.3 Félagsmálaráðuneytið 4/6'04 - staðfesting á breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Rangárþings ytra.

15.4 Samband íslenskra sveitarfélaga 8/6'04 - kynning á norrænu hugmyndahefti um Staðardagskrá 21.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.

Ingibjörg Gunnarsdóttir, ritari.

# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

## Fundargerð

**34. fundur** hreppsnefndar Rangárþings ytra kjörtímabilið 2002 - 2006, haldinn að Laugalandi í Holtum, miðvikudaginn 19. maí 2004, kl. 16:00.

Mætt: Valtýr Valtýsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Engilbert Olgeirsson, Viðar H. Steinarsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Heimir Hafsteinsson, Þröstur Sigurðsson, varamaður Eggerts V. Guðmundssonar, Sigurbjartur Pálsson, Lúðvík Bergmann og Sigrún Sveinbjarnardóttir, sem ritar fundargerð.

Valtýr setti fund og stjórnáði honum.

Lögð fram tillaga að breytingu á dagskrá: Nýr 12. liður bætist við og færast aðrir liðir aftur sem því nemur.

Samþykkt samhljóða.

### 1. Ársreikningar Rangárþings ytra og tengdra stofnana fyrir árið 2003 - síðari umræða:

Ársreikningur Rangárþings ytra, menningarmiðstöðvarinnar að Laugalandi, leikskólans Lauglandi, leiguíbúða að Laugalandi og eignasjóðs Laugalandsskóla fyrir árið 2003 - lagðir fram til síðari umræðu.

Ársreikningarnir samþykktir með 6 atkvæðum, 3 sitja hjá (H.H., V.H.S., Þ.S.).

*Bókun vegna Ársreikninga 2003 fyrir Rangárþing ytra og stofnanir í sameiginlegri eigu Rangárþings ytra og Ásahrepps.*

*Nú liggur fyrir fyrsta samanburðarhæfa uppgjörið í hinu sameinaða sveitarfélagi Rangárþingi ytra. Við samanburð á afkomu og rekstri samantekins A og B hluta sveitarsjóðs kemur eftirfarandi í ljós :*

	2002	2003	Mism. kr.	Hlutf.br. %
<b>Heildartekjur A og B hluta</b>	495,1	539,1	44,0	8,89%
<b>Rekstrargjöld m. fjárm.liðum</b>	533,0	596,7	63,7	11,95%
<b>Rekstrarniðurstaða (neikvæð)</b>	(37,9)	(57,6)	-19,7	51,98%
<b>Rekstrargj. í hlutf. af rekstrartekj.</b>	107,7%	110,7%		
<b>Heildareignir A og B hluta</b>	1.109,4	1.033,9	-75,5	-6,81%
<b>Skuldir og skuldbind. A og B hluta</b>	554,1	535,3	-18,8	-3,39%
<b>Samant. eigið fé A og B hluta</b>	555,3	497,6	-57,7	-10,39%
<b>Veltufé frá/(til) rekstri/ar A og B hl.</b>	2,9	(8,0)	(10,9)	
<b>Fjárfestingar A og B hluta</b>	174,7	17,4	-157,3	

*Eins og að ofan greinir þá hækka tekjur um 44 millj. kr. á meðan gjöld hækka um tæplega 64 millj. kr. milli ára. Veltufé frá rekstri sveiflast niður um tæplega 11 milljónir kr. Fjárhæð sem rekja má til ýmissa gæluverkefna meirihluta sveitarstjórnar á árinu 2003 samanber ákvörðun meirihlutans um að ráða oddvita sveitarfélagsins til lítt skilgreindra verkefna.*

*Endurskoðendur sveitarfélagsins hafa sett fram alvarlegar ábendingar og athugasemdir við gerð ársreikninga 2002 og 2003. Í endurskoðunarskýrslu vegna ársreiknings 2002 kemur fram að það vanti árlega 20,8 milljónir kr. til að standa við afborganir langtímalána sveitarfélagsins að óbreyttum försendum um tekjur og*

rekstrargjöld. Bent er á nauðsyn þess að yfirfara tekjur og gjöld allra stofnana og gæta hagkvæmni svo snúa megi af þessari braut. Í endurskoðunarskýrslu vegna ársreiknings 2003 er enn fastara kveðið að orði, þar sem ýtrekuð eru tilmæli vegna ársins 2002 og jafnframt "að rekstrartekjur, ársins 2003, duga ekki til greiðslu rekstrargjalda og því ekki svigrúm til afborgana lána né fjárfestinga nema tilkomi frekari lántökur. Ljóst er að náist ekki árangur á því sviði, þ.e. yfirfara rekstrartekjur og -gjöld, mun sveitarfélagið lenda í verulegum rekstrar- og greiðsluferfiðleikum".

Eins og áður hefur komið fram þá er hér fast að orði kveðið og augljóst að fjárhagsstaða sveitarfélagsins er alvarleg og versnar á milli ára, þrátt fyrir hækkaðar álögur á íbúa. Rekstrargjöldin halda áfram að hækka og miðað við framgöngu meirihluta sveitarstjórnar það sem af er yfirstandandi rekstrarári þá eru horfurnar ekki góðar. Rekstur sveitarfélagsins er kominn í ákveðinn vítahring sem þarf að rjúfa.

Í aðdraganda sameiningar sveitarfélaganna þriggja sem mynda nú Rangárþing ytra var oft og einatt talað um hagkvæmni við að sameina þessi sveitarfélög, hið ofnotaða orðskrípi samlegðaráhrif kemur upp í hugann. Niðurstöður ársreikningsins segja okkur að samlegðaráhrifin koma ekki af sjálfu sér og þá kemur annað orð upp í hugann en það er þyrnirósarsvefn, því það er augljóst að það fyrirbæri hrjáir meirihluta sveitarstjórnar Rangárþings ytra. Það er orðið tímabært að fara að horfa á rekstur þessa sveitarfélags sem eina heild og marka stefnu til framtíðar. Hvar á að halda úti þjónustu og þá hvaða þjónustu? Á að byggja upp marga kjarna í sveitarfélaginu? Það eru fjöldamörg grundvallaratriði sem verður að fara að taka á. Kallað er eftir stefnu meirihluta sveitarstjórnar Rangárþings ytra.

Undirritaðir fulltrúar minnihluta sveitarstjórnar Rangárþings ytra hafa lagt fram hugmyndir er lúta að fræðslumálum, málefnum grunnskólanna og leikskólanna. Lagðar hafa verið fram tillögur varðandi fyrirkomulag viðhalds fasteigna og verkefna á vegum sveitarfélagsins. Tillögur sem lúta að aukinni hagkvæmni í rekstri og eru stefnumarkandi að mörgu leyti.

Sú stund er upp runnin að taka verður á rekstri þessa sveitarfélags, álögur hafa verið auknar en ekkert hefur verið aðhafst hvað varðar hagkvæmni í rekstrargjöldum. Staðreyndirnar blasa við, að öllu óbreyttu stefnir þetta nýja sveitarfélag á fornar slóðir eins forvera síns, á **Válista Félagsmálaráðuneytisins**.

Undirritaðir : Heimir Hafsteinson, Viðar H. Steinarsson, Þröstur Sigurðsson.

**Bókun fulltrúa D-lista í hreppsnefnd Rangárþings ytra vegna bókunar fulltrúa K og Ó lista um ársreikning Rangárþings ytra fyrir árið 2003, lögð fram á fundi hreppsnefndar Rangárþings ytra þ. 19. maí 2004.**

Undirritaðir fulltrúar D-lista í hreppsnefnd Rangárþings ytra áréttu eftirfarandi atriði vegna ársreiknings sveitarfélagsins fyrir árið 2003:

Fram kemur í bókun K og Ó lista að veltufé frá rekstri hafi lækkað um kr. 10,9 mkr. Ástæða er til þess að benda á, að handbært fé frá rekstri sýnir bata um 33 mkr.

Fulltrúar K og Ó lista benda á lækkun í fjárfestingu milli árána 2002 og 2003. Fyrri sveitarfélög, Djúparhreppur og Holta- og Landsveit, voru í mjög stórum fjárfestingum á síðustu árum sínum í rekstri. Eðlilegt er að fjárfestingar minnki nokkuð í kjölfar slíkra átaka sem reyna mjög á fjárhagslega getu sveitarfélagsins, annað væri ábyrgðarleysi.

Fulltrúar K og Ó lista ræða um "auknar álögur á íbúa". Á árinu 2003 voru álögur á íbúa þvert á móti lækkaðar frá því sem gilti að meðaltali í fyrrverandi sveitarfélögum sem sameinuðust í Rangárþingi ytra.

Tekið er undir það, að ástæða er til þess að fara í saumana á rekstri sveitarfélagsins og skoða alla möguleika til hagræðingar og bata í rekstrarafkomu. Fulltrúar D-lista hafa með tillöguslutningi í sveitarstjórninni einmitt hafið markvissa vinnu á því sviði og má t.d. nefna eftirfarandi þætti; álagningarprósentum hefur verið breytt fyrir yfirstandandi ár, verið er að taka skref í rekstri grunnskóla sveitarfélagsins til hagræðingar og tekið verður upp aukið aðhald gagnvart rekstri stofnana sveitarfélagsins, þannig að hann verði innan samþykkrá rammaáætlana.

Fulltrúar K og Ó lista ræða um Þyrnirósarsvefn og kalla eftir stefnumörkun D-lista. Vísað er til stefnumörkunar með fjárhagsáætlun fyrir árið 2004, þar sem fram kemur að unnið er markvisst að bættri afkomu sveitarsjóðs. Valtýr Valtýsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Sigurbjartur Pálsson, Engilbert Olgeirsson og Ingvar Pétur Guðbjörnsson.

## **2. Fundargerðir hreppsráðs:**

2.1 Lögð fram fundargerð 44. fundar hreppsráðs, 13/5'04, sem er í 14 liðum.

Samþykkt samhljóða.

## **3. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórnna til staðfestingar:**

3.1 Umhverfisnefnd - 24. fundur 13/5'04, sem er í 9 liðum.

Hreppsnefnd tekur undir þau sjónarmið er fram koma í 8. lið fundargerðarinnar og vísar þeim til fræðslunefndar og stjórnenda grunnskólanna til skoðunar.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

Aðrar fundargerðir eru settar í sérliði á dagskránni.

#### **4. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til kynningar:**

4.1 Stjórn Hitaveitu Rangæinga - 15. fundur 11/5'04, sem er í 9 liðum.

#### **5. Samráðsnefnd Rangárþings ytra og Ásahrepps og samþykktir um rekstur og eignir á Lauglandi - frestað á 33. fundi hreppsnefndar:**

5.1 Fundargerð 5. fundar samráðsnefndar sveitarstjórna Rangárþings ytra og Ásahrepps, 26/4'04, sem er í 4 liðum.

5.2 Lögð fram tillaga að "Samþykkt um rekstur sameiginlegra eigna og stofnana Rangárþings ytra og Ásahrepps á Lauglandi".

Tillagan samþykkt með 5 atkvæðum, 4 sitja hjá (G.I.G., H.H., V.H.S., Þ.S.).

Fundargerðin samþykkt að öðru leyti með 6 atkvæðum, 3 sitja hjá (H.H., V.H.S., Þ.S.).

Lögð fram eftirfarandi bókun:

*Bókun 19. maí 2004 vegna fundargerðar 5. fundar samráðsnefndar Rangárþings ytra og Ásahrepps og tillögu að samþykkt um rekstur sameiginlegra eigna og stofnana Rangárþings ytra og Ásahrepps á Lauglandi.*

*Undirritaðir fulltrúar minnihluta sveitarstjórnar Rangárþings ytra mótmæla því stjórnunarlega framsali sem hér virðist eiga að fara fram. Veltum upp þeirri spurningu hvort gjörningur sem þessi fær staðist lög og teljum rétt að það verði kannað áður en lengra er haldið.*

*Undirritaðir telja það algjörlega óviðunandi að rekstur stofnana á Lauglandi skuli vera með þeim hætti sem nú er og leggjum það til að núverandi rekstrarfyrirkomulagi verði breytt og að samið verði við Ásahrepp um að rekstur þessara stofnana verði alfarið í höndum Rangárþings ytra.  
Viðar Steinarsson, Þróstur Sigurðsson, Heimir Hafsteinsson.*

#### **6. Atvinnu- og ferðamálanefnd - umsögn um erindi Gunnars Þorgilssonar frá 2/2'04, frestuð mál frá 28. og 33. fundum hreppsnefndar:**

6.1 2. töluliður fundargerðar 17. fundar atvinnu- og ferðamálanefndar 19/4'04 um fjallskilagjöld á Holtamannaafrétti.

6.2 Lögð fram umsögn atvinnu- og ferðamálanefndar, dagsett 20/4'04, um erindi Gunnars Þorgilssonar, frá 2/2'04, um álagningu fjallskilagjalda vegna Holtamannaafréttar og um tillögu fulltrúa K og Ó lista um að ekki skuli lögð fjallskilagjöld vegna Holtamannaafréttar.

6.3 Lögð fram bókun fulltrúa í minnihluta sveitarstjórnar Rangárþings ytra vegna fundargerðar 17. fundar atvinnu- og ferðamálanefndar.

6.4 Lagt fram erindi Gunnars Þorgilssonar frá 2/2'04, um álagningu fjallskilagjalda vegna Holtamannaafréttar.

6.5 Lögð fram tillaga frá fulltrúum K og Ó lista um að ekki verði innheimt fjallskilagjöld vegna Holtamannafréttar.

Lögð fram eftirfarandi tillaga um afgreiðslu 6. liðar á dagskrá fundar sveitarstjórnar Rangárþings ytra haldinn á Laugalandi 19. maí 2004.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkir að vísa öllum efnisliðum 6. liðar á dagskrá fundarins til samráðsnefndar um Holtamannafrétt til umfjöllunar. Jafnframt er óskað eftir rökstuddri greinargerð um fyrirkomulag álagningar fjallskila fyrir Holtamannafrétt með tilliti til fjallskilareglugerðar Rangárvallasýslu. Sveitarstjórn fer fram á það við samráðsnefnd Holtamannafréttar að hún standi fyrir almennum fundi í fjallskiladeild Holtamannafréttar, þar sem allir nýttjaréttahafar hafa tækifæri til að koma og ræða málefni Holtamannafréttar og fyrirkomulag fjallskila. Að lokum hvetur sveitarstjórn Rangárþings ytra til þess að endurskoðunarnefnd fjallskilareglugerðar, sem starfar á vegum Héraðsnefndar Rangæinga, skili inn tillögum sínum um endurskoðaða fjallskilareglugerð sem allra fyrst svo hægt verði að birta nýja og samþykktu fjallskilareglugerð í markaskrá sem fyrirhugað er að gefa út seinni hluta sumars í ár.  
Valtýr Valtýsson

Tillagan samþykkt samhljóða.

### 7. Frá íþróttta- og æskulýðsnefnd:

Lagt fram bréf frá formanni íþróttta- og æskulýðsnefndar, dagsett 11/5'05,

7.1 Drög að samstarfssamningi við Ungmannafélagið Heklu.

7.2 Drög að samstarfssamningi við Ungmennafélagið Framtíðina.

7.3 Drög að samstarfssamningi við Íþróttafélagið Garp.

Framangreind drög samþykkt samhljóða með lítills háttar breytingum á 3. og 4. lið sem íþróttta- og æskulýðsnefnd er falið að útfæra.

### 8. Ferðamálaverkefni í vesturhluta Rangárvallasýslu - lokaskýrsla:

Lagt fram bréf frá Atvinnuþróunarsjóði Suðurlands, dagsett 28/4'04, um lokaskýrslu vegna ferðamálaverkefnis í vesturhluta Rangárvallasýslu. Meðfylgjandi er lokaskýrslan.

Bókun vegna framlagningar lokaskýrslu ferðamálaverkefnis vesturhluta Rangárvallasýslu.

Undirritaðir fulltrúar minnihluta sveitarstjórnar Rangárþings ytra fagna að loks skuli vera komin fram lokaskýrsla umrædds verkefnis eftir 4 ára bið. Um efni þessarar skýrslu er ekki mikið að segja, ekkert nýtt kemur fram og ljóst að skýrslan er eingöngu samansafn tölulegra staðreynda sem hægt var að nálgast annarsstaðar. Í ljósi þess að til þessa verkefnis var varið u.þ.b. 6,4 milljónum kr. af opinberu fé hlýtur afrakstur verkefnisins að valda vonbrigðum.

Viðar H. Steinarsson, Þróstur Sigurðsson, Heimir Hafsteinsson.

Lögð fram eftirfarandi tillaga:

Undirritaðir leggja til að þessari skýrslu verði vísað til Atvinnu- og ferðamálanefndar og stjórnar ferðamálaverkefnis Rangárþings ytra, Ásahrepps og Mýrdalshrepps til umfjöllunar.  
Heimir Hafsteinsson, Þróstur Sigurðsson og Viðar H. Steinarsson.

Samþykkt með 7 atkvæðum, 2 sitja hjá (L.B., I.P.G.).

### 9. Götusmiðjan - umsókn um aðgengi að íþróttamannvirkjum fyrir nemendur Götusmiðjunnar:

Lagt fram bréf frá Götusmiðjunni, dagsett 2/5'04, þar sem óskað er eftir afnotum af íþróttahúsi og sundlaug fyrir nemendur Götusmiðjunnar á Akurhóli.

Tekið er jákvætt í erindið og samþykkt samhljóða að vísa því til umsjónarmanns íþróttamannvirkja til útfærslu og tillögugerðar til sveitarstjórnar.

**10. Fannar Ólafsson, f.h. Vorlands ehf. - skipting úr jörðinni Háfshjáleigu:**

Lagt fram bréf frá Fannari Ólafssyni, 310853-5189 dagsett 12/5'04, þar sem óskað er eftir afstöðu sveitarstjórnar til skiptingar á spildu út úr jörðinni Háfshjáleigu.

Sigurbjartur og Heimir tóku ekki þátt í umræðu og véku af fundi.

Lagt er til að afgreiðslu erindisins verði frestað og byggingafulltrúa falið að kanna hvort tilgreind landamerki Háfshjáleigu á meðfylgjandi teikningu að aðliggjandi jörðum séu rétt og ágreiningslaus.

Samþykkt samhljóða.

**11. Ferðabjónusta Rangárþings - sala á lóðum úr jörðinni Leirubakka:**

Lagt fram bréf, dagsett 8/5'04, þar sem óskað er eftir afstöðu sveitarstjórnar til sölu á 3 lóðum úr landi Leirubakka. Seljandi er Ferðabjónusta Rangárþings, kt. 681002-3750 og kaupendur Jón Steinar Gunnlaugsson, kt. 270947-4179 og Karl Axelsson, kt. 100562-4219.

Samþykkt samhljóða og fallið er frá forkaupsrétti.

**12. Ágústa K. Hjaltadóttir - umsókn um framkvæmdaleyfi vegna vegagerðar:**

Lagt fram bréf frá Ágústu K. Hjaltadóttur, dagsett 17/5'04, þar sem sótt er um framkvæmdaleyfi vegna vegagerðar að íbúðarhúsalóð í landi Haga, "Hnakkholti".

Samþykkt samhljóða.

**13. Fundarboð, námskeið, ráðstefnur, bjónusta og umsóknir um styrki:**

13.1 Veidifélag Ytri-Rangár 13/5'04 - aðalfundur 22/5'04, kl. 13:30 í Árhúsum ehf.

Lögð fram tillaga um að fela Steinþóri Runólfssyni að fara með atkvæði Rangárþings ytra vegna Gaddstaða og Engilbert Olgeirssyni vegna Réttarness og Merkihvols.

Samþykkt samhljóða.

13.2 Umhverfisstofnun 7/5'04 - kynning á skýrslu um viðbúnað og viðbrögð vegna Vikartinds.


**14. Annað efni til kynningar:**

14.1 Félagsmálaráðuneytið 11/5'04 - umburðabréf um skil á ársreikningum og fjárhagsáætlunum sveitarfélaga.

Heimir vék af fundi kl. 19:00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 20:30.

Sigrún Sveinbjarnardóttir, ritari.

A collection of handwritten signatures in black ink, including names like Sigrún Sveinbjarnardóttir, Heimir, and others, written over the printed text of the document.

# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

## Fundargerð

**33. fundur** hreppsnefndar Rangárþings ytra kjörtímabilið 2002 - 2006, haldinn að Laugalandi í Holtum, miðvikudaginn 5. maí 2004, kl. 16:00.

Mætt: Valtýr Valtýsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Engilbert Olgeirsson, Viðar H. Steinarsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Heimir Hafsteinsson, Eggert V. Guðmundsson, Sigurbjartur Pálsson, Lúðvík Bergmann og Sigrún Sveinbjarnardóttir, sem ritar fundargerð.

Valtýr setti fund og stjórnaði honum.

### 1. Ársreikningar Rangárþings ytra og tengdra stofnana fyrir árið 2003 - lagðir fram til fyrri umræðu:

Sveitarstjóri lagði fram ársreikninga fyrir Rangárþing ytra ásamt sundurliðun. Einnig eru lagðir fram ársreikningar fyrir Menningarmiðstöðina að Laugalandi, Leikskólann Laugalandi, leiguíbúðir að Laugalandi og eignarsjóð Laugalandsskóla.

Einar Sveinbjörnsson, frá KPMG Endurskoðun hf. mætti á fundinn og skýrði ársreikningana.

Helstu niðurstöður úr rekstrar- og efnahagsreikningi samstæðu sveitarfélagsins:

#### **Rekstrarreikningur:**

Rekstrartekjur	kr. 539.075.445
Rekstrargjöld	kr. (565.105.238)
Fjármagnsgjöld	kr. (31.585.238)
Rekstrarniðurstaða:	kr. (57.614.923)

#### **Efnahagsreikningur:**

##### **Eignir:**

Fastafjármunir	kr. 823.138.796
Áhættufjármunir og langtímakröfur	kr. 104.325.164
Veltufjármunir	kr. 105.463.573
Eignir samtals:	kr. 1.032.927.533

##### **Skuldir og eigið fé:**

Eiginfjárreikningur	kr. 497.651.025
Lífeyrisskuldbindingar	kr. 12.254.723
Langtímaskuldir	kr. 390.717.862
Skammtímaskuldir	kr. 132.303.923
Eigið fé og skuldir samtals:	kr. 1.032.927.533

Einar Sveinbjörnsson vék síðan af fundi.

Samþykkt samhljóða að vísa ársreikningunum til síðari umræðu.

### 2. Fundargerðir hreppsráðs:

2.1 Lögð fram fundargerð 42. fundar hreppsráðs, 15/4'04, sem er í 9 liðum.

Samþykkt samhljóða.

2.2 Lögð fram fundargerð 43. fundar hreppsráðs, 28/4'04, sem er í 11 liðum.

Viðar vakti athygli á lið nr. 3 í fundargerðinni varðandi erindi frá KSÍ um sparkvelli og að umsóknarfrestur til að taka þátt í verkefni KSÍ um gerð sparkvalla renni út 10. maí n.k.

Lagt er til að sótt verði um samning við KSÍ um uppbyggingu þriggja sparkvalla, skv. drögum sem kynnt hafa verið þar um.

Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

### **3. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórnna til staðfestingar:**

Fyrirliggjandi fundargerðir eru settar í sérliði á dagskránni.

### **4. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórnna til kynningar:**

4.1 Heilbrigðisnefnd Suðurlands, 64. fundur 21/4'04, sem er í 8 liðum.

4.2 Stjórn Sorpstöðvar Suðurlands bs. 113. fundur 20/4'04, sem er í 4 liðum.

### **5. Fræðslunefnd, fundargerð 29. fundar - frestað á 32. fundi hreppsnefndar:**

Lögð fram fundargerð 29. fundar fræðslunefndar, dagsett 26/4'04, sem er í 6 liðum.

5.1 Lögð fram umsögn fræðslunefndar um tillögur í skýrslu RHA um skólarekstur í Rangárþingi ytra:

*Fræðslunefnd leggur til að skólahverfi Grunnskólans á Hellu og Þykkvabæjarskóla verði sameinuð frá og með næsta hausti, þ.e. farin verði leið 2 í skýrslu RHA. Eftirleiðis verði rekinn einn skóli, "Helluskóli" með starfsstöðvar á Hellu og e.t.v. í Þykkvabæ að hluta. Lagt er til að kennslu í Þykkvabæjarskóla verði hætt í núverandi mynd, en forráðamönnum Helluskóla og fræðslunefnd verði falið að móta tillögur um hugsanlega nýtingu húsnæðisins í Þykkvabæ fyrir skólalald Helluskóla ef möguleiki er fyrir því.*

Lögð fram eftirfarandi tillaga:

Tillaga v. fundargerðar 29. fundar Fræðslunefndar Rangárþings ytra.

*Undirritaðir fulltrúar í minnihluta sveitarstjórnar Rangárþings ytra taka undir hugmyndir Þrastar Sigurðssonar í fundargerð Fræðslunefndar Rangárþings ytra frá 26. apríl sl. Það er í okkar huga algjört grundvallaratriði þegar verið er að fjalla um jafn viðkvæman og viðamikinn málaflökk eins og fræðslumálin að stigið sé varlega til jarðar og málin séu greind með tilliti til heildarhagsmuna þ.e. út frá samfélagslegum, atvinnulegum og ekki síst búsetulegum skilyrðum. Það er að okkar mati grundvallaratriði að byrja á leið 1. (RHA mars 2004) þ.e. að sameina yfirstjórn fræðslumála í Rangárþingi ytra. Síðan er eðlilegt að sveitarstjórn Rangárþings ytra móti sér framtíðarstefnu í fræðslumálum, án afskipta sveitarstjórna nágranna sveitarfélaga, með það að markmiði að allt skólalald í sveitarfélaginu verði undir sama þaki og undir einni stjórn. Heimir Hafsteinsson, Eggert V. Guðmundsson, Viðar H. Steinarsson.*

Lagt er til að vísa tillögunni til fræðslunefndar til umfjöllunar.

Samþykkt með 8 atkvæðum, 1 situr hjá (V.H.S.).

Tillaga að afgreiðslu á umsögn og tillögu fræðslunefndar Rangárþings ytra og Ásahrepps um sameiningu skólahverfa Grunnskólans á Hellu og Þykkvabæjarskóla, lögð fram á fundi hreppsnefndar Rangárþings ytra þ. 5. maí 2004.

*Undirritaðir fulltrúar D-lista í hreppsnefnd Rangárþings ytra leggja til, að tillaga fræðslunefndar Rangárþings ytra og Ásahrepps í 3. tölulið fundargerðar 29. fundar þ. 26/4'04, verði samþykkt. Lagt er til, að skólahverfi Grunnskólans á Hellu og Þykkvabæjarskóla verði sameinuð í eitt frá og með skólaárinu 2004 –2005 og að kennsla verði á vegum Grunnskólans á Hellu eftirleiðis. Lagt er til að fræðslunefnd verði falið að móta tillögu til sveitarstjórnar í samráði við stjórnendur Grunnskólans á Hellu um að hluti af kennslu þess skóla verði í núverandi húsnæði Þykkvabæjarskóla. Með þessu verði stefnt að nýtingu húsnæðis Þykkvabæjarskóla áfram sem skólalúsnæðis.*

Undirritaðir fulltrúar D-lista leggja áherslu á, að fræðslunefnd skoði frekari þróun í skólastarfi í samræmi við tillögur sem fram hafa komið.

Valtýr Valtýsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Sigurbjartur Pálsson, Engilbert Olgeirsson og Ingvar Pétur Guðbjörnsson.

Samþykkt með 5 atkvæðum, 3 á móti (H.H., V.H.S., E.V.G.), 1 situr hjá (L.B.).

Fundargerðin samþykkt að öðru leyti með 6 atkvæðum, 3 sitja hjá (H.H., E.V.G., V.H.S.).

Lögð fram eftirfarandi bókun:

Vegna tillögu D-lista um að fella Þykkvabæjarskóla undir grunnskólann á Hellu, vill fulltrúi B-lista koma því á framsæri aðer um margt sammála þeim tillögum sem fram hafa komið og stuðla að hagræðingu í skólakerfinu en telur full geyst farið í þeim málum. Leggja hefði þurft meiri vinnu í hugmyndirnar í samvinnu við starfsfólk skólanna, foreldra og íbúa áður en ákvörðun var tekin. Lúðvík Bergmann.

Lögð fram eftirfarandi bókun:

Vegna afgreiðslu á tillögu meirihluta sveitarstjórnar um að leggja af Þykkvabæjarskóla frá og með skólaárinu 2004-2005. Við undirritaðir fulltrúar í sveitarstjórn Rangárþings ytra mótmælum harðlega þeirri ákvörðun meirihluta sveitarstjórnar Rangárþings ytra að leggja niður Þykkvabæjarskóla næsta haust. Við teljum að ekki hafi farið fram nægjanleg umræða í sveitarstjórn, hjá starfsfólki skólanna og foreldrum barna sem og hjá almenningsi í sveitarfélaginu um málið. Þetta mun að okkar áliti verða til þess að ekki muni nást fram sú sátt um málið sem nauðsynleg er til að markmið um fjárhagslegan, faglegan og félagslega ávinning náist. Að öðru leyti vísum við í tillögu þá sem við lögðum fram um málið og vísað var til umsagnar hjá fræðslunefnd. Þar kom fram að við teljum að ekki skuli gera breytingu á skólahaldi næsta skólaár en nota tímamót til að móta heildstæða tillögu um framtíðarfyrikomulag skólamála í Rangárþingi ytra og nái um það almennri sátt. Viðar H. Steinarsson, Eggert, V. Guðmundsson, Heimir Hafsteinsson.

Lögð fram eftirfarandi bókun:

Fulltrúar D-lista benda á, vegna ummæla um að ekki hafi gefist nægur tími til umfjöllunar um málið, að haldnir voru kynningarfundir með foreldrum og starfsmönnum skólanna þar sem skýrsla og tillögur RHA voru rækilega kynntar. Skýrslan var sérstaklega kynnt fyrir sveitarstjórn Rangárþings ytra, fræðslunefnd, skólastjórnendum og fulltrúum kennara og foreldra. Málið hefur verið til umfjöllunar hjá fræðslunefnd sem skilað hefur tillögu sinni um afgreiðslu málsins. Vegna hagsmuna allra sem að málinu standa, er nauðsynlegt að taka ákvörðun um framtíð skólahalds í Þykkvabæ og draga það ekki á langinn.

Með þessari ákvörðun er framvínda málsins til úrvinnslu hjá skólastjórnendum og fræðslunefnd sem hafa munu samráð við alla hagsmunaaðila.

Valtýr Valtýsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Sigurbjartur Pálsson, Engilbert Olgeirsson og Ingvar Pétur Guðbjörnsson.

## **6. Samráðsnefnd sveitarstjórna Rangárþings ytra og Ásahrepps - fundargerð 5. fundar :**

Lögð fram fundargerð 5. fundar samráðsnefndar Rangárþings ytra og Ásahrepps, dagsett 19/4'04, sem er í 4 liðum.

Samþykkt samhljóða að fresta afgreiðslu á 6. lið til næsta fundar hreppsnefndar.

## **7. Atvinnu- og ferðamálanefnd - fundargerð 17. fundar:**

Lögð fram fundargerð 17. fundar atvinnu- og ferðamálanefndar, dagsett 19/4'04, sem er í 10 liðum.

7.1 Lögð fram tillaga atvinnu- og ferðamálanefndar að framkvæmd úthlutunar úr Atvinnuefingarsjóði Rangárþings ytra árið 2004.

Samþykkt með 6 atkvæðum, 3 sitja hjá (H.H., E.V.G., V.H.S.).

7.2 Lögð fram umsögn atvinnu- og ferðamálanefndar um erindi Gunnars Þorgilssonar og tillögu Heimis Hafsteinssonar, Eggerts Guðmundssonar, og Viðars H. Steinarssonar, varðandi álagningu fjallskilgjalda vegna Holtamannaafrettar.

7.3 Tekið fyrir erindi Gunnars Þorgilssonar og tillaga Heimis Hafsteinssonar, Viðars H. Steinarssonar og Eggert V. Guðmundssonar um fjallskil vegna Holtamannaafreittar.

Samþykkt samhljóða að fresta liðunum 7.2 og 7.3 til næsta fundar hreppsnefndar.

Fundargerðin samþykkt utan 1. töluliðar sem borinn var upp sérstaklega og 2. töluliðar (frestað sbr. 7.2 og 7.3) með 8 atkvæðum, 1 situr hjá (H.H.).

#### **8. Málflutningsskrifstofan 2/4'04 - umsögn um erindi Magnúsar Klemenssonar:**

Lagt fram bréf frá Málflutningsskrifstofunni, dagsett 2/4'04, þar sem fram kemur álit Málflutningsskrifstofunnar varðandi kaup á jörðunum, Fossi og Árbæ á Rangárvöllum á 9. áratug síðustu aldar.

Lögð fram tillaga um að kynna Magnúsi Klemenssyni álit Málflutningsskrifstofunnar og gefa honum tækifæri til að gera athugasemdir.

#### **9. Nefndarkjör:**

9.1 Lögð fram tillaga um að Fjóla Runólfsdóttir komi inn sem aðalmaður í umhverfisnefnd Rangárþings ytra í stað Hafðisar Sigurðardóttur, sem flyst búferlum úr sveitarfélaginu og að Páll Viðarsson, verði varamaður í nefndinni.

Samþykkt með 7 atkvæðum, 2 sitja hjá (H.H., E.V.G.).

9.2 Lögð fram tillaga um Sigrúnu Leifsdóttur og Halldóru Gunnarsdóttur sem varamenn í fræðslunefnd Rangárþings ytra og Ásahrepps í stað Jóhönnu Lilju Þrúðmarsdóttur og Regulu V. Rudin, sem eru starfsmenn skóla og því vanhæfir vegna þeirra starfa.

Samþykkt samhljóða.

#### **10. Landgræðsla ríkisins - upplýsingar varðandi leigukjör og leigutíma landsspildna:**

Lagt fram bréf frá Landgræðslu ríkisins, dagsett 23/4'04, þar sem fram koma upplýsingar varðandi leigukjör og leigutíma landsspildna sbr. ósk hreppsnefndar á 31. fundi hreppsnefndar 7/4'04.

10.1 Lagt er til að hreppsnefnd samþykki fyrir sitt leyti leigusamning milli Haraldar Einarssonar og Súsönnu Jónsdóttur annarsvegar og Landgræðslunnar hinsvegar um spildu úr landi Gunnarsholts. Frestað á 31. fundi hreppsnefndar 7/4'04.

Samþykkt samhljóða.

#### **11. SASS - tillaga um stofnkostnaðarþátttöku í Íþróttamiðstöð Íslands, Laugarvatni:**

Lagt fram bréf frá SASS, dagsett 6/4'04, með tilmælum um þátttöku í stofnkostnaði sveitarfélaga á Suðurlandi í Íþróttamiðstöð Íslands á Laugarvatni.

Samþykkt samhljóða.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra fagnar fram kominni tillögu um uppbyggingu Íþrótt- og Ólympíumiðstöðvar Íslands að Laugarvatni og samþykkir það framlag sem farið er fram á. Sveitarstjórn Rangárþings ytra bendir á nauðsyn þess að sveitarfélög á Suðurlandi standi einhuga að öllum þeim málum sem stuðlað geta að markvissri uppbyggingu, hvort sem er í atvinnu- eða afþreyingarmálum, sem varða sameiginlega hagsmuni sveitarfélaga á Suðurlandi.

## 12. Þórhallur Ægir Þorgilsson - fjallskilagjöld vegna Holtamannaafrettar:

Lagt fram bréf frá Þórhalli Ægi Þorgilssyni, dagsett 12/4'04, þar sem fram koma fyrirspurnir um álagningu fjallskilagjalda vegna Holtamannaafrettar.

Lagt er til að afgreiðslu erindisins verði frestað og það sent til samráðsnefndar Rangárþings ytra og Ásahrepps til umsagnar.

Samþykkt samhljóða.

## 13. Fundarboð, námskeið, ráðstefnur, þjónusta og umsóknir um styrki:

13.1 Oddastefna, árleg ráðstefna Oddafélagsins 22/5'04, í Odda á Rangárvöllum.

## 14. Annað efni til kynningar:

14.1 Bæjarráð Árborgar 1/4'04 - um málefni hestamiðstöðvar á Rangárbökkum.

14.2 Félagsheimilið Brúarlundur - ársuppgjör fyrir árið 2003.

14.3 Ályktun fulltrúaráðs Sambands íslenskra sveitarfélaga 23/4'04, um eflingu sveitarstjórnarstigsins.

14.4 Tillögur að breytingu á lögum Sambands íslenskra sveitarfélaga - kynnt á fundi fulltrúaráðs 23/4'04.

14.5 Töflur um skipan fulltrúaráðs og skiptingu landsþingsfulltrúa eftir núgildandi lögum og einnig samkvæmt tillögum að breytingum á lögum Sambands íslenskra sveitarfélaga.

14.6 Tillögur og greinagerð verkefnisstjórnar um eflingu sveitarstjórnarstigsins 15/4'04 - flutningur verkefna á milli ríkis og sveitarfélaga og tímaáætlun - lagt fram á fundi fulltrúaráðs Sambands íslenskra sveitarfélaga 23/4'04.

14.7 Frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum nr. 45/1998, m.s.br. - kynnt á fundi fulltrúaráðs Sambands íslenskra sveitarfélaga 23/4'04.

14.8 Félagsmálastjóri Rangárvallasýslu og Mýrdalshrepps; tillögur um uppbyggingu félagsþjónustu Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu, 1. hluti félagslegrar heimaþjónustu.

14.9 Umhverfisráðuneytið 27/4'04 - úrskurður um mat á umhverfisáhrifum vegna virkjunar Þjórsár við Núp.


Vísað til umhverfisnefndar Rangárþings ytra til kynningar.

14.10 Umhverfisráðuneytið 27/4'04 - úrskurður um mat á umhverfisáhrifum vegna Urriðafossvirkjunar í Þjórsá.

Vísað til umhverfisnefndar Rangárþings ytra til kynningar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 22:30.

Sigrún Sveinbjarnardóttir, ritari.

  
D:\Rangárþing ytra\Sveitarstjórn\33. fundur 05.05.04.doc



# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

## Fundargerð

**32. fundur** hreppsnefndar Rangárþings ytra kjörtímabilið 2002 - 2006, haldinn að Laugalandi í Holtum, miðvikudaginn 27. apríl 2004, kl. 16:00.

Mætt: Valtýr Valtýsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Engilbert Olgeirsson, Viðar H. Steinarsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Heimir Hafsteinsson, Þróstur Sigurðsson, varamaður Eggerts V. Guðmundssonar, Sigurbjartur Pálsson, Lúðvík Bergmann og Sigrún Sveinbjarnardóttir, sem ritar fundargerð.

Valtýr setti fund og stjórnaði honum.

Lögð fram tillaga að breytingu á dagskrá; við bætast liðir 6.4 og 7.1 og færast aðrir liðir í 7. lið aftur sem því nemur og liðurinn 8.5 bætist við. Einnig að liður 2 verði liður 1, liður 3 verður liður 2 og liður 1 verði liður 3.

Samþykkt samhljóða.

### 1. Kynning á félagsmálastjóra Rangárvallasýslu og Mýrdalshrepps:

Marta Bergmann, félagsmálastjóri Rangárvallasýslu og Mýrdalshrepps mætti á fundinn, kynnti sig og sagði frá starfsferli sínum og verkefnum sem unnið er að í Rangárvallasýslu og Mýrdalshreppi.

Fundarmenn þökkðu Mörtu greinagóða kynningu á sér og stöfum sínum. Marta vék síðan af fundi.

### 2. Kynning á atvinnu- og ferðamálafulltrúa Rangárvallasýslu og Mýrdalshrepps:

Eymundur Gunnarsson, ferðamálafulltrúi Rangárvallasýslu og Mýrdalshrepps mætti á fundinn, kynnti sig og sagði frá starfsferli sínum og verkefnum sem unnið er að í Rangárvallasýslu og Mýrdalshreppi.

Fundarmenn þökkðu Eymundi greinagóða kynningu á sér og störfum sínum. Eymundur vék síðan af fundi.

### 3. Vegagerðin - hringtorg á Hellu og lega Þjóðavegar nr. 1:

Fulltrúar Vegagerðarinnar, þeir Erlingur Jensson, Baldur Grétarsson og Jón Helgason mættu á fundinn og kynntu athugun á mögulegu stæði fyrir hringtorg og legu Þjóðvegar nr. 1 um Hellu.

Fulltrúar Vegagerðarinnar viku síðan af fundi.

### 4. Fundargerðir hreppsráðs:

Engar fundargerðir liggja fyrir.

### 5. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til staðfestingar:

5.1 Fræðslunefnd - 29. fundur 26/4'04, sem er í 6 liðum.

5.2 Lögð fram niðurstaða og umsögn fræðslunefndar um tillögur um skipan skólamála í Rangárþingi ytra, sbr. tillögur í skýrslu Rannsóknarstofnunar Háskólans á Akureyri.

Að tilmælum Viðars H. Steinarssonar og Heimis Hafsteinssonar, með vísan í fundarsköp Rangárþings ytra, er lið 5 á dagskránni frestað til næsta fundar hreppsnefndar.

Lúðvík Bergmann vék af fundi kl. 19:15.

**6. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til kynningar:**

- 6.1 Íþróttá- og æskulýðsnefnd - 16. fundur 19/4'04, sem er í 4 liðum.
- 6.2 Fjallskilanefnd Rangárvallaafrettar - 2. fundur 19/4'04, sem er í 2 liðum.
- 6.3 Stjórn Strandarvallar ehf. - 8. fundur 5/4, sem er í 4 liðum.
- 6.4 Stjórn Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. - 87. fundur 36/4'04, sem er í 9 liðum.

**7. Fundarboð, námskeið, ráðstefnur, þjónusta og umsóknir um styrki:**


- 7.1 Kartöfluverksmiðja Þykkvabæjar hf. - aðalfundur 29/4'04.
- 7.2 Rangárbakkar Hestamiðstöð Suðurlands ehf. 15/4'04 - aðalfundur 29/4'04.
- 7.3 Sorpstöð Suðurlands bs., aðalfundur 4/5'04.
- 7.4 RARIK 13/4'04 - ársfundur 14/5'04.

**8. Annað efni til kynningar:**

- 8.1 Félagsmálaráðuneytið 15/4'04 - umburðarbréf um framlög Jöfnunarsjóðs sem tengjast sameiningu sveitarfélaga.
- 8.2 SASS 15/4'04 - greinagerð í tilefni af starfi nefndar um eflingu sveitarstjórnarstigsins "Sameining Sveitarfélaga á Suðurlandi".
- 8.3 Landgræðsla ríkisins 7/4'04 - ástand lands á Holtamannaafretti með tilliti til gæðastýringar í sauðfjárrækt.
- 8.4 Umhverfisstofnun 7/4'04 - "Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2004 - 2016" - fylgir með í sérhefti.
- 8.5 Þröstur Sigurðsson 21/4'04 - afrit af bréfi til stjórnar Hitaveitu Rangæinga vegna skoðunar á ársreikningi.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 20:00.

Sigrún Sveinbjarnardóttir, ritari.

  
Sigrún Sveinbjarnardóttir  
Hilmar Þorsteinsson  
Þórunn Sigmundsdóttir  
Véttur Slein  
Ingvarr Arnórsson  
Sveinbjörn Sveinbjörnsson  
Sigrún Sveinbjarnardóttir

# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

## Fundargerð

**31. fundur** hreppsnefndar Rangárþings ytra kjörtímabilið 2002 - 2006, haldinn að Laugalandi í Holtum, miðvikudaginn 7. apríl 2004, kl. 16:00.

Mætt: Valtýr Valtýsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Engilbert Olgeirsson, Viðar H. Steinarsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Heimir Hafsteinsson, Eggert V. Guðmundsson, Sigurbjartur Pálsson, Lúðvík Bergmann og Sigrún Sveinbjarnardóttir, sem ritar fundargerð.

Valtýr setti fund og stjórnaði honum.

Lögð fram tillaga að breytingu á dagskrá; nýr 7. liður og færast aðrir liðir aftur sem því nemur og við 19. lið bætist 19.2.

Samþykkt samhljóða.

**1. Fundargerð hreppsnefndarfundar 30. mars 2004, til afgreiðslu:**

Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 30. mars 2004, til afgreiðslu.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

**2. Kynning á skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra:**

Ólafur Elvar Júlíusson, skipulags- og byggingarfulltrúi Rangárþings mætir á fundinn, kynnti sig og sagði frá starfsferli sínum og framtíðarsýn sinni á verkefnum hjá Rangárþingi ytra.

Ólafur vék síðan af fundi.

**3. Fundargerðir hreppsráðs:**

Engar fundargerðir liggja fyrir.

**4. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til staðfestingar:**

4.1 Félagsmálanefnd - 27. fundur 31/3'04, sem er í 5 liðum.

Samþykkt samhljóða.

4.2 Búfjáreftirlitsnefnd Rangárvallasýslu - 9. fundur 15/3'04, sem er í 2 liðum.

Lagður fram til staðfestingar, nýr verksamningur við búfjáreftirlitmann, dagsettur 15/3'04.

Samþykkt samhljóða.

**5. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til kynningar:**

5.1 Þjónustuhópur aldraðra - fundargerðir frá 10/3'04 og 29/3'04.

5.2 Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga, - 712. fundur 19/3'04.

5.3 Heilbrigðisnefnd Suðurlands - 63. fundur 24/3'04.

5.3 Stjórn Sorpstöðvar Suðurlands bs. - 112. fundur 31/3'04.

5.4 Stjórn Skólaskrifstofu Suðurlands - 72. fundur 25/3'04.

5.5 Fræðslunefnd - 28. fundur 1/4'04, sem er í 5 liðum.

## **6. Fundargerð samráðsnefndar Ásahrepps og Rangárþings ytra og ráðning skólastjóra Laugalandsskóla til eins árs :**

Lögð fram fundargerð 4. fundar samráðsnefndar sveitarstjórna Rangárþings ytra og Ásahrepps 6/4'04. Meðfylgjandi er greinargerð nefndar sem skipuð var til að fara yfir umsóknir og ræða við umsækjendur um stöðu skólastjóra Laugalandsskóla til eins árs.

Valtýr Valtýsson vikur af fundi vegna vanhæfis og Fjóla Runólfsdóttir tekur sæti sem varamaður hans. Engilbert Olgeirsson, varaoddviti tekur við stjórn fundarins.

Fyrsti liður fundargerðarinnar borinn upp sérstaklega um ráðningu skólastjóra Laugalandsskóla til eins árs frá 1. ágúst 2004.

Samþykktur með 8 atkvæðum, 1 situr hjá (H.H.).

Viðar H. Steinarsson og Eggert V. Guðmundsson gera grein fyrir atkvæði sínu með vísan til þess að Valtýr greindi frá því í viðtali við nefndina sem skipuð var til að fara yfir umsóknirnar, 6. apríl, að hann myndi ekki gegna starfi oddvita né sitja í hreppsráði yrði hann ráðinn skólastjóri skólaárið 2004-2005. Hann myndi einnig gæta þess að þau fjölmörgu trúnaðarstörf sem hann gegnir fyrir sveitarfélagið og héraðsnefndina rækjust ekki á við skólastjórastarfið.

Lagt til að erindi verði sent til atvinnu- og ferðamálaferkefnisins og farið fram á að atvinnu- og ferðamálafulltrúi taki að sér að annast um framkvæmd Töðugjalda 2004.

Samþykkt samhljóða.

Eggert V. Guðmundsson óskar eftir að atvinnu- og ferðamálafulltrúa verði boðið á fund hreppsnefndar til að kynna sig og verkefni atvinnu- og ferðamálaferkefnis Rangárvallasýslu og Mýrdalshrepps.

Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin samþykkt að öðru leyti með 8 atkvæðum, 1 situr hjá (H.H.).

Valtýr mætir aftur á fundinn og tekur við stjórn hans.

## **7. Kosning skoðunarmanna vegna ársreiknings Hitaveitu Rangæinga:**

Lögð fram tillaga um að Þröstur Sigurðsson og Ingvar P. Guðbjörnsson verði skoðunarmenn Hitaveitu Rangæinga f.h. Rangárþings ytra á yfirstandandi kjörtímabili.

Samþykkt samhljóða.

## **8. Umsókn um að Rangárþing ytra kaupi hluta af Tjörvastöðum:**

Lagt fram álit lögmanna á Málflutningsskrifstofunni, dagsett 26/3'04, á umsókn Jóhönnu Hannesdóttur, Ernu Hannesdóttur, Árna Hannessonar og Sigríðar Hannesdóttur um að Rangárþing ytra kaupi hluta af jörðinni Tjörvastöðum af ríkinu og selji þeim síðan.

Umsókn þeirra er hafnað samhljóða á grundvelli álitsgerðar Málflutningsskrifstofunnar.

## **9. Bjarni Jóhannsson og Guðný Rósa Tómasdóttir varðandi húsnæði fyrir félagsmiðstöð:**

Lagt fram bréf frá Bjarna Jóhannssyni og Guðnýju Rósu Tómasdóttur, dagsett 29/3'04, varðandi húsnæði fyrir félagsmiðstöð á Hellu.

Lagt er til að framtíðarlausn á húsnæðismálum félagsmiðstöðvarinnar á Hellu, verði vísað til íþróttá- og æskulýðsnefndar til skoðunar og tillögugerðar.

Samþykkt samhljóða.

**10. Landgræðsla ríkisins - leigusamningur um spildu úr Gunnarsholti:**

Lagt fram bréf Landgræðslu ríkisins, dagsett 31/3'04, þar sem óskað er eftir að Rangárþing ytra samþykki leigusamning milli Haraldar Einarssonar og Súsönnu Jónsdóttur annarsvegar og Landgræðslunnar hins vegar um spildu úr landi Gunnarsholts.

Lagt er til að afgreiðslu erindisins verði frestað og óskað verði eftir upplýsingum um forsendur fyrir ákvæðum leigusamningsins um leigufjárhæð og leigutíma.

Samþykkt samhljóða.

**11. Eignavali - sala á spildum úr Svínhaga og að fallið verði frá forkaupsrétti:**

Lagt fram bréf frá Eignavali, dagsett 31/3'04, þar sem óskað er eftir samþykki fyrir sölu á spildu nr. 196044 í landi Svínhaga, að fallið verði frá forkaupsrétti. Seljandi er Heklubyggð ehf. kt. 640603-2750 og kaupandi er Kjartan Guðmundsson, kt. 060749-2219.

Ekki er gerð athugasemd við söluna og fallið er frá forkaupsrétti.

Í sama bréfi frá Eignavali, er einnig óskað eftir samþykki fyrir sölu á spildunum nr. 196025 og 196020 í landi Svínhaga, að fallið verði frá forkaupsrétti. Seljandi er Heklubyggð ehf. kt. 640603-2750 og kaupandi er Viðar H. Guðjohnsen, kt. 140158-4299.

Ekki er gerð athugasemd við söluna og fallið er frá forkaupsrétti.

**12. Margrét Björg Júlíusdóttir og Viðar H. Guðjohnsen - stofnun nýbýlis í Svínhaga:**

Lagt fram bréf frá Margréti Björgu Júlíusdóttur og Viðari H. Guðjohnsen, dagsett 1/4'04, þar sem óskað er umsagnar sveitarstjórnar um stofnun nýbýlis á landspildum nr. ÁS5, RS9 og RS8 í landi Svínhaga, til skógræktar.

Hreppsnefnd gerir ekki athugasemd við að stofnað verði nýbýli samkvæmt umsókninni.

**13. Elsa Þorbjörg Árnadóttir - umsókn um lóðina Borgarsand 9:**

Lögð fram umsókn Elsu Þorbjargar Árnadóttur, dagsett 25/3'04, um lóðina nr. 9 við Borgarsand á Hellu.

Samþykkt samhljóða.

**14. Landbúnaðarnefnd Alþingis - frumvarp til ábúðarlaga og frumvarp til jarðalaga:**

Lagt fram bréf frá landbúnaðarnefnd Alþingis, dagsett 1/4'04, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til jarðalaga, 783. mál og frumvarp til ábúðarlaga, 782. mál.

Lagt er til að sveitarstjóra verði falið að skrifa landbúnaðarnefnd Alþingis bréf þar sem mótmælt er skömmum tíma til umsagna og benda á að sveitarstjórn áskilji sér rétt til þess að gera ítarlegar athugasemdir við frumvörpin.

Samrit bréfsins verði send til SASS og Sambands íslenskra sveitarfélaga

Frumvörpunum vísað til atvinnu- og ferðamálanefndar til umsagnar.

Samþykkt samhljóða.

**15. Einar Sæmundsen og Kristín Þorleifsdóttir - frumkönnun rannsóknar um gæði leikskólalóða:**

Lagt fram bréf frá Einari Sæmundsen og Kristínu Þorleifsdóttur, dagsett 26/3'04, þar sem óskað er leyfis til að gera frumkönnun rannsóknar um gæði leikskólalóða.

Samþykkt samhljóða.

**16. Umhverfisráðuneytið - "Dagur umhverfisins 25/4'04":**

Lagt fram bréf frá umhverfisráðuneytinu, dagsett 24/3'04, varðandi "Dag umhverfisins 25/4'04".

Fram kom að umhverfisnefnd hefur þegar hafið undirbúning að dagskrá dagsins.

**17. Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands:**

Lögð fram tvö bréf frá Íþróttá- og Ólympíusambandi Íslands, bæði dagsett 31/3'04, varðandi hvatningarverkefnið "Ísland á iði" og fyrirtækjakeppnina "Hjólað í vinnuna" 17.-28.maí.

Lagt er til að erindinu verði vísað til íþróttá- og æskulýðsnefndar.

Samþykkt samhljóða.

**18. Fundarboð, námskeið, ráðstefnur, þjónusta og umsóknir um styrki:**

18.1 Stofnráðstefna fyrir ný alþjóðasamtök sveitarfélaga og héraða 2.-5. maí 2004.

18.2 Veiðifélag Rangárvallafréttar 23/3'04 - umsókn um styrk vegna seiðaeldis og grisjunar vatna.

Samþykkt samhljóða að veita styrk að upphæð kr. 200.000.-. Greiðist af liðnum "Atvinnuefningarsjóður" í fjárhagsáætlun.

**19. Annað efni til kynningar:**

19.1 Ársreikningur Sláturhúss Hellu hf. - lagður fram á aðalfundi 31/3'04.

19.2 Töflur frá RHA vegna mats á kostnaðarlækkun í rekstri grunnskóla.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 20:00.

Sigrún Sveinbjarnardóttir, ritari.

# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

## Fundargerð

**30. fundur** hreppsnefndar Rangárþings ytra kjörtímabilið 2002 - 2006, haldinn að Laugalandi, Holtum, þriðjudaginn 30. mars 2004, kl. 16:00.

Mætt: Valtýr Valtýsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Engilbert Olgeirsson, Viðar H. Steinarsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Heimir Hafsteinsson, Eggert V. Guðmundsson, Sigurbjartur Pálsson, Lúðvík Bergmann og Sigrún Sveinbjarnardóttir, sem ritar fundargerð.

Valtýr setti fund og stjórnaði honum.

Breyting á dagskrá; 6. liður fellur niður og færast efni hans undir 2. lið. Aðrir liðir færast sem því nemur.

Samþykkt samhljóða.

### 1. Fundargerðir hreppsráðs:

1.1 Lögð fram fundargerð 40. fundar hreppsráðs 11/3'04, sem er í 13 liðum.

Samþykkt samhljóða.

1.2 Lögð fram fundargerð 41. fundar hreppsráðs 25/3'04, sem er í 10 liðum.

Samþykkt samhljóða.

### 2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til staðfestingar:

2.1 Samráðsnefnd Rangárþings ytra og Ásahrepps, 3. fundur 29/3'04, sem er í 7 liðum.

Við afgreiðslu fundargerðarinnar voru lagðar fram lokatillögur samráðsnefndar um starfsmannastefnu og jafnréttisstefnu fyrir sameiginlegar stofnanir sveitarfélaganna á Lauglandi (2. og 3. liður fundargerðar). Einnig voru lagðar fram lokatillögur samráðsnefndar um samræmingu á kjörum og hlunnindum starfsmanna sveitarfélaganna og lokatillaga að samningi sveitarstjórna og skólastjóra grunnskóla sveitarfélaganna (4. og 5. liður fundargerðar).

4. liður fundargerðarinnar „Reglur um samræmingu á kjörum og hlunnindum starfsmanna Rangárþings ytra og Ásahrepps” borinn upp sérstaklega. Þessi liður samþykktur með 6 atkvæðum, 2 sitja hjá (EO. og IPG.)

5. liður fundargerðarinnar „Samningur sveitarstjórna og skólastjóra grunnskólanna” borinn upp sérstaklega og er hann samþykktur með 6 atkvæðum, 2 á móti (V.H.S. og E.V.G.).

Viðar H. Steinarsson og Eggert Valur Guðmundsson vísa til fyrri bókunar þeirra um sama mál, sbr. fundargerð 28. fundar hreppsnefndar. Heimir Hafsteinsson tekur ekki þátt í umræðum og afgreiðslu vegna vanhæfis.

Fundargerðin að öðru leyti samþykkt með 8 atkvæðum.

2.2 Félagsmálanefnd, 26. fundur 15/3'04, sem er í 8 liðum.

7. lið fundargerðarinnar er vísað til liðar 5.1 á dagskránni.

Fundargerðin að öðru leyti samþykkt samhljóða.

### **3. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til kynningar:**

Héraðsnefnd Rangæinga, 9. fundur 4/3'04.

### **4. Skýrsla RHA um úttekt á grunnskólum í Rangárþingi ytra:**

Skýrsla RHA um úttekt á grunnskólum í Rangárþingi ytra tekin til umræðu.

Úttektaraðilar frá Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri kynntu skýrsluna á fundi að Laugalandi þ. 29. mars 2004 fyrir sveitarstjórnnum Rangárþings ytra og Ásahrepps, fulltrúum í sameiginlegri fræðslunefnd, skólastjórnendum, fulltrúum kennara og foreldra.

Lagt er til að frekari umræðu um skýrsluna og tillögur skýrsluhöfunda verði frestað um sinn og að skýrslunni verði vísað til fræðslunefndar til umsagnar.

Einnig felur sveitarstjórn fræðslunefnd fyrir sitt leyti, að standa fyrir kynningarfundum í skólahverfum sveitarfélagsins um skýrsluna.

### **5. Tillögur að breytingum á starfsreglum og samþykktum og nýjum samþykktum og gjaldskrá:**

5.1 Tillaga lögð fram að breytingum á starfsreglum um veitingu viðbótarlána til íbúðarkaupa - fyrri umræða.

Vísað til síðari umræðu.

5.2 Tillaga lögð fram að breytingum á samþykkt um stjórn og fundarsköp Rangárþings ytra - síðari umræða.

Samþykkt samhljóða.

5.3 Tillaga lögð fram að samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Rangárþingi ytra - fyrri umræða.

Vísað til umsagnar umhverfisnefndar fyrir síðari umræðu í sveitarstjórn.

5.4 Tillaga lögð fram að samþykkt um hundahald í Rangárþingi ytra - fyrri umræða.

Vísað til síðari umræðu.

Sigurbjartur vék af fundi kl. 18:00 og tók Þórhallur Svavarsson við fundarsetu sem varamaður hans.

5.5 Tillaga lögð fram að samþykkt um hreinsun fráveituvatns og reglubundna losun, vinnslu eða förgun seyru - fyrri umræða.

Vísað til umsagnar umhverfisnefndar fyrir síðari umræðu í sveitarstjórn.

5.6 Tillaga lögð fram um samþykkt um holræsi og holræsagjöld á Hellu í Rangárþingi ytra - fyrri umræða.

Vísað til umhverfisnefndar til umsagnar fyrir síðari umræðu í sveitarstjórn.

Engilbert vék af fundi kl. 18:05.

5.7 Tillaga lögð fram um gjaldskrá um gatnagerðargjöld í Rangárþingi ytra - fyrri umræða.

Vísað til skipulags- og bygginganefndar til umsagnar fyrir síðari umræðu í sveitarstjórn.

Einnig var skipulags- og byggingafulltrúa falið að afla gagna um gjaldskrár sambærilegra sveitarfélaga til framlagningar við síðari umræðu í sveitarstjórn.

**6. Héraðsnefnd Rangæinga - um möguleg kaup Héraðsnefndarinnar á húseignum Héraðsskólans að Skógum:**

Lagt fram bréf frá Héraðsnefnd Rangæinga, dagsett 12/3'04, þar sem óskað er eftir afstöðu sveitarstjórnar til hugsanlegra kaupa Héraðsnefndar Rangæinga á húseignum Héraðsskólans að Skógum.

Lagt er til að veita Héraðsnefnd Rangæinga heimild fyrir hönd Rangárþings ytra til viðræðna við menntamálaráðuneytið um hugsanleg kaup á húseignum Héraðsskólans að Skógum. Niðurstöður viðræðna verði lagðar fyrir sveitarstjórnir innan Héraðsnefndar Rangæinga ásamt tillögum um framtíðarnotkun húseigna Héraðsskólans verði af kaupum.

Samþykkt með 7 atkvæðum, 1 situr hjá (V.H.S.).

**7. Unnar Stefánsson - möguleg vinabæjartengsl:**

Lagt fram bréf frá Unnari Stefánssyni, hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dagsett 11/3'04, þar sem kynntar eru hugmyndir um möguleg vinabæjartengsl við sveitarfélög í Þrændalögum í Noregi.

Samþykkt samhljóða að kanna möguleg vinabæjartengsl.

**8. Fundarboð, námskeið, ráðstefnur, þjónusta og umsóknir um styrki:**

Engin erindi liggja fyrir.

**9. Annað efni til kynningar:**

9.1 Ásahreppur 22/3'04, samþykki hreppsnefndar Ásahrepps við drögum að starfsreglum samráðsnefndar.

Samþykkt samhljóða að fresta afgreiðslu fundargerðar til næsta fundar.

Fundi slitið kl. 19:15.

Fundarritari: Sigrún Sveinbjarnardóttir.

# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

## Fundargerð

**29. fundur** hreppsnefndar Rangárþings ytra kjörtímabilið 2002 - 2006, haldinn að Laufskálum 2 á Hellu, fimmtudaginn 18. mars 2004, kl. 16:00.

Mætt: Valtýr Valtýsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Engilbert Olgeirsson, Viðar H. Steinarsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Heimir Hafsteinsson, Þröstur Sigurðsson, varamaður Eggerts V. Guðmundssonar, Sigurbjartur Pálsson og Lúðvík Bergmann.

Valtýr setti fund og stjórnaði honum.

### 1. Afkastageta vinnslusvæða, gjaldskrármál og önnur málefni Hitaveitu Rangæinga:

Lögð fram ýmis gögn varðandi vatnsöflun Hitaveitu Rangæinga og afkastagetu vinnslusvæða hennar sem lögð hafa verið fram á fundum í stjórn veitunnar. Einnig eru lögð fram afrit af nokkrum fundargerðum stjórnarinnar frá síðustu árum til upprifjunar.

Á stjórnarfundum HR þ. 20. febrúar 2004 komu m.a. fram upplýsingar um að afkastageta núverandi vinnslusvæða hefði verið komin nálægt fullri nýtingu í kuldakasti í janúar s.l. og voru m.a. lögð fram gögn frá ÍSOR því til staðfestingar. Fyrir liggja álit sérfræðinga, m.a. sérstaks ráðgjafa HR, um að nauðsynlegt sé að bora eina vinnsluholu til viðbótar að Kaldárholti til þess að tryggja afhendingaröryggi veitunnar í kuldaköstum og til þess að unnt verði að auka við markaðssvæði hennar. Fram kom hjá Wilhelm, verkfræðilegum ráðgjafa HR að mögulegur kostnaður við borun og virkjun einnar vinnsluholu að Kaldárholti, auk uppsetningar á tveimur dælustöðvum til þess að viðhalda þrýstingi á dreifikerfi, gæti numið allt að 50 milljónum króna.

Á fundinum kom fram það álit hitaveitustjóra, að hann teldi ekki fært að auka við dreifikerfi veitunnar frá því sem nú er, a.m.k. mættu ekki bætast við stórir notendur eins og afkastagetan er nú.

Stjórnarmenn í Hitaveitu Rangæinga lýstu yfir undrun sinni á þessari stöðu á framangreindum stjórnarfundum. Upplýsingar stjórnarmanna um vatnspörf veitusvæðisins og afkastagetu vinnslusvæðanna fram að þessu, hafa verið þess eðlis, að þeir hafa mátt ætla, að afkastageta núverandi vinnslusvæða væri meiri en þyrfti til þess að fullnægja þörf svæðisins og til þess að bæta enn verulega við notendasvæði HR. Sömuleiðis lýstu stjórnarmenn því áliti sínu, að ekki væri fýsilegt að þurfa að fara í fjárfestingu fyrir 50 milljónir króna til viðbótar við miklar fjárfestingar síðustu ára með tilheyrandi skuldsetningu.

Hreppsnefnd felur fulltrúum sínum í stjórn Hitaveitu Rangæinga að fylgja eftir eftirtöldum atriðum á næsta stjórnarfundum veitunnar og framvegis:

1. Lagðir verði fram útreikningar á mögulegri vatnspörf núverandi veitusvæðis við meðalaðstæður og sömuleiðis við fullt álag í kuldaköstum. Sömuleiðis verði lagðir fram útreikningar til samanburðar á afkastagetu núverandi vinnslusvæða.
2. Leitað verði eftir ráðgjöf og framangreindum útreikningum frá öðrum aðila en hefur hingað til annast tæknilega ráðgjöf fyrir HR vegna þess ástands sem komið er upp og lýst er að ofan.

3. Skoðað verði hvernig framtíðarrekstri og fjármálastjórnun veitunnar verði best komið fyrir til framtíðar í ljósi hækkandi veltu og meira umfangs.

4. Stjórn HR vinni markvisst að kynningu á málefnum veitunnar fyrir almenningi/notendum og leiti allra leiða til þess að gjaldskrá verði í eðlilegu samhengi við gjaldþol notendanna.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18.00.

# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

## Fundargerð

**28. fundur** hreppsnefndar Rangárþings ytra kjörtímabilið 2002 - 2006, haldinn að Laugalandi í Holtum, miðvikudaginn 3. mars 2004, kl. 16:00.

Mætt: Valtýr Valtýsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Engilbert Olgeirsson, Viðar H. Steinarsson, Sigrún Ólafsdóttir, varamaður Ingvars Péturs Guðbjörnssonar, Heimir Hafsteinsson, Eggert V. Guðmundsson, Sigurbjartur Pálsson, Lúðvík Bergmann og Sigrún Sveinbjarnardóttir, sem ritar fundargerð.

Valtýr setti fund og stjórnaði honum.

### 1. Fundargerðir hreppsráðs:

a) Lögð fram fundargerð 38. fundar hreppsráðs 12/2'04, sem er í 17 liðum.

Samþykkt samhljóða.

b) Lögð fram fundargerð 39. fundar hreppsráðs 26/2'04, sem er í 11 liðum.

Samþykkt samhljóða.

### 2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til staðfestingar:

Lögð fram fundargerð samráðsnefndar Rangárþings ytra og Ásahrepps, 2. fundur 23/2'04, sem er í 7 liðum.

Samþykkt samhljóða.

### 3. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til kynningar:

a) Bygginganefnd íþróttahúss FSu., 13. fundur 24/2'04, sem er í 3 liðum.

b) Sameiginleg barnaverndarnefnd, 18. fundur 19/2'04, sem er í 4 liðum.

### 4. Vinnunefnd um starfsmannastefnu:

a) Fundargerðir vinnunefndar um starfsmannastefnu, skipurit og kjör og hlunnindi starfsmanna frá 3/10'03, sem er í 1 lið, 20/1'04, sem er í 2 liðum, 4/2'04, sem er í 4 liðum og 13/2'04, sem er í 5 liðum.

Samþykkt samhljóða.

b) Drög að tillögu fyrir starfsmannastefnu Rangárþings ytra.

Samþykkt samhljóða.

c) Drög að jafnréttisáætlun Rangárþings ytra.

Samþykkt samhljóða.

d) Drög að skipuriti og starfslýsingu á skrifstofu Rangárþings ytra.

Samþykkt með 5 atkvæðum, 4 sitja hjá (H.H., V.H.S., E.V.G., L.B.).

Lögð fram eftirfarandi bókun vegna tillögu að skipuriti fyrir skrifstofu Rangárþings ytra: Undirritaðir fulltrúar minnihlutans geta ekki með nokkru móti fallist á þá gríðarlegu aukningu sem hér er verið að boða í skrifstofuhaldi. Hér er verið að bæta við stóru stöðugildi við þær 5 stöður sem nú þegar eru á skrifstofunni. Þetta er óásættanlegt miðað við það sem gengur og gerist í sambærilegum sveitarfélögum. Á skrifstofu sveitarfélagsins Ölfuss eru t.d. 3 stöðugildi fyrir utan bæjarstjóra (1700 manns). Í ljósi þess skipulags sem virðist ganga hjá stærri eða sambærilegum sveitarfélögum þá liggur í augum uppi að menn þurfa nú strax að stokka upp spilin hvað varðar skrifstofuhald í okkar ágæta sveitarfélagi. Undirritaðir kalla því strax eftir nauðsynlegum skipulagsbreytingum og einnig því að farið verði yfir stjórnun og starfsemi skrifstofunnar og hún tekin út af fagaðilum. Væntanlega kemur þá í ljós hvað veldur gifurlegu vinnuálagi á einskaka aðila á skrifstofu Rangárþings ytra, álagi sem virðist vera langt umfram það sem gerist á skrifstofum annarra sveitarfélaga. Heimir Hafsteinsson, Viðar Steinarsson, Eggert V. Guðmundsson.

Bókun fulltrúa D-lista á hreppsnefndarfundi þ. 3. mars 2004 vegna bókunar fulltrúa Ó og K-lista um tillögu að skipuriti fyrir skrifstofu sveitarfélagsins:

Ekki er um „gríðarlega aukningu“ að ræða í starfsmannaskipan skrifstofunnar eins og fulltrúar Ó og K-lista fullyrða. Aðeins er um það að ræða, að bætt er við einu stöðugildi til þess að sinna nauðsynlegum verkefnum sem hefur verið sinnt fram að þessu með aðkeyptri vinnu hjónustuaðila og með því að aðrir starfsmenn hafa bætt á sig verkefnum, bæði í reglulegum vinnutíma og yfirvinnu. Auk þess er stefnt að aukinni vinnu við skjalasafn sveitarfélagsins sem nauðsynlegt er að koma í viðunandi horf. Geta má þess að hjá „gömlu“ sveitarfélögnum voru 6,5 - 7 stöðugildi við skrifstofustörf og stjórnun, en á skrifstofu Rangárþings ytra hafa aðeins verið 5,5 stöðugildi fram að þessu við skrifstofustörf og stjórnun. Uppbygging á stjórnsýslu og skrifstofuhaldi sveitarfélaga er að einhverju leyti misjöfn og langt í frá að vera einsleit. Bæði er unnt að finna sveitarfélög með færri starfsmenn sem skilgreindir eru sem skrifstofustarfsmenn og einnig eru til sveitarfélög með fleiri starfsmenn á skrifstofu. Þetta fer eftir aðstæðum og verkefnum á hverjum stað auk þess að skipulag og skipurit eru eðlilega misjöfn. Rétt er að fram komi, að gert er ráð fyrir því, að á móti auknum launakostnaði er gert ráð fyrir að aðkeypt vinna minnki og að yfirvinna starfsmanna sem fyrir er minnki.

Mikið álag hefur verið á starfsmenn skrifstofunnar undanfarin tvö ár vegna breytinga á reikningsskilareglum sveitarfélaga, upptöku tilheyrandi nýs bókhaldsforrits og breyttra vinnuhátta með auknum verkefnum. Með nýju skipuriti er stefnt að því, að dreifa vinnuálagi og verkefnum þannig að skrifstofa sveitarfélagsins verði fjölskylduvænn vinnustaður, að starfsfólki líði vel í vinnunni og hafi ánægju af störfum sínum. Þessi markmið stuðla að góðum afköstum og skilvirkni í starfi. Samþykkt hefur verið starfsmannastefna fyrir sveitarfélagið og falla þessi markmið fullkomlega að henni. Mikið er að öllu jöfnu um að vera í sveitarfélaginu. Bæði fastir íbúar, fristundaíbúar, starfsmenn í öðrum stofnunum sveitarfélagsins og aðrir hafa að öllu jöfnu mörg erindi fram að færa við skrifstofuna og nauðsynlegt er, að unnt sé að mæta þeirri eftirspurn myndarlega og skipulega. Valtýr Valtýsson, Sigurbjartur Pálsson, Engilbert Olgeirsson, Sigrún Ólafsdóttir, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson.

e) Drög að tillögu um samræmingu á kjörum og hlunnindum starfsmanna Rangárþings ytra.

Samþykkt samhljóða að vísa tillögunni til samráðsnefndar Rangárþings ytra og Ásahrepps til umfjöllunar.

f) Drög að tillögum að samkomulagi við skólastjóra grunnskólana um greiðslur fyrir aukastörf.

Heimir tekur ekki þátt í umræðum og afgreiðslu tillögunnar vegna vanhæfis.

Samþykkt með 6 atkvæðum, 2 á móti, (V.H.S., E.V.G.).

Lögð fram eftirfarandi bókun vegna tillögu um samkomulag við skólastjóra grunnskólanna um greiðslur fyrir aukastörf:

Við undirritaðir teljum engar forsendur fyrir þeirri tillögu að samkomulagi sem fyrir liggur við skólastjóra grunnskólanna. Samkvæmt álitum sveitarstjóra fékk frá launanefnd sambands Íslenskra sveitarfélaga falla öll þau störf sem upp eru talin í tillögunni undir gildandi kjarasamning skólastjóra, að undanteknum lið nr.4 í 2.gr. eða svo vitnað sé beint í álit frá Kristni Kristjánssyni hjá launanefnd um málið sem hljóðar þannig:

“Kjarasamningurinn gerir ráð fyrir því að greiðsla fyrir öll þau störf sem skólastjóri sinnir sem slíkur séu innifalin í föstum samningsbundnum launum skólastjóra nema kennsla með þeim takmörkunum sem um getur í kjarasamningi. Enga yfirvinnu aðra en heimilaða kennsluyfirvinnu má reikna frá mánaðarlaunum skólastjóra enda er vart grunnur til slíks þar sem búið er að færa yfirvinnugreiðslur inn í þau. Þótt skólastjóri taki að sér að sinna nemandum í ferðalögum eða við félagsstörf er yfirvinna ekki greidd sérstaklega fyrir það.” Tilvitnun líkur.

*Hvað varðar lið nr.4 í 2.grein tillögunnar sem er um störf skólastjórnenda við almenningsbókasöfn þá teljum við að sveitarfélagið eigi að ráða ódýrari starfskraft en skólastjóra á eftirvinnulaunum til að sinna störfum við almenna vinnu og afgreiðslu í almenningsbókasöfnum sveitarfélagsins.  
Tillagan felur í sér sérstakan kaupauka fyrir nokkra af hæst launuðustu starfsmönnum sveitarfélagsins.  
Gjörningur sem við undirritaðir getum ekki samþykkt, enda á svig við gildandi kjarasamning.  
Undirritaðir: Viðar Steinarsson, Eggert Valur Guðmundsson*

Bókun fulltrúa D-lista á hreppsnefndarfundi þ. 3. mars 2004 vegna bókunar tveggja fulltrúa Ó og K-lista um tillögu að samkomulagi um aukastörf skólastjóra grunnskólanna:

*Það kemur á óvart, að fulltrúar Ó og K-lista skuli setja sig upp á móti eðlilegu samkomulagi við lykilstarfsmenn í fræðslumálum sveitarfélagsins um sannanlega unnin aukastörf sem ekki eru skilgreind í lögum um störf þeirra eða kjarasamningi. Heimild til samkomulags af þessu tagi er skýr í 34. gr. laga um réttindi kennara og skólastjóra. Skólastjórar hafa skilgreint þessi aukastörf sem skilja sig frá samningsbundnum og lögbundnum skylduverkum þeirra og hlýtur að teljast eðilegt að þeir fái umbun fyrir þessu störf sem önnur. Vakin er athygli á því, að ekki er gert ráð fyrir að greiða fyrir þessu störf samkvæmt launaflokkum skólastjóranna, heldur er gert ráð fyrir að notaður verði launaflokkur fyrir kennara. Ekki er gert ráð fyrir raunkostnaðaraukningu fyrir skólana vegna þessa, því ef skólastjórnir ynnu ekki viðkomandi störf, myndu aðrir starfsmenn koma þar að og fá sömu greiðslur eða meiri. Settur er þröngur rammi um störfin sem þetta samkomulag tekur yfir eða 60 klst. á skólaári. Gert er ráð fyrir að samkomulagið falli sjálfkrafa úr gildi þegar tekið verður á þessum atriðum í kjarasamningi fyrir kennara og skólastjóra.*

*Valtýr Valtýsson, Sigurbjartur Pálsson, Engilbert Olgeirsson, Sigrún Ólafsdóttir, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson.*

## **5. Tillaga að breytingum á samþykkt um stjórn og fundarsköp Rangárþings ytra:**

Lögð fram tillaga að breytingum á samþykkt um stjórn og fundarsköp Rangárþings ytra, fyrri umræða:

### **1. málsgrein 7. greinar samþykktarinnar breytist og verði svohljóðandi:**

*Sveitarstjórn heldur reglulega fundi einu sinni í hverjum mánuði, að jafnaði fyrsta miðvikudag hvers mánaðar. Sveitarstjórnarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 16.00. Heimilt er að fella niður fundi í sveitarstjórn í allt að tvo mánuði að sumarlagi.*

### **1. málsgrein 65. greinar samþykktarinnar breytist og verði svohljóðandi:**

*Fyrir lok desembermánaðar ár hvert skal sveitarstjórn afgreiða fjárhagsáætlun sveitarstjóðs, fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins fyrir næsta ár að undangengnum tveimur umræðum í sveitarstjórn. Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun fyrir lok frestsins skal sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.*

### **68. grein samþykktarinnar breytist og verði svohljóðandi:**

*Til viðbótar árlegri fjárhagsáætlun skal sveitarstjórn semja og fjalla um þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál sveitarfélagsins. Þessi þriggja ára áætlun skal vera rammi um árlegar fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins. Skal hún unnin og afgreidd af sveitarstjórn inn tveggja mánaða frá afgreiðslu árlegrar fjárhagsáætlunar.*

*Önnur ákvæði í samþykkt um stjórn og fundarsköp Rangárþings ytra haldast óbreytt.  
Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, sveitarstjóri.*

Vísað til síðari umræðu.

## **6. Karlakór Rangæinga - hugsanleg kaup á Hellubíói og tillaga að leigusamningi:**

Lögð fram tillaga að samningi um leigu á Hellubíói, móttekin 2/2'04.

Lagt er til að viðræðum við Karlakór Rangæinga um hugsanleg kaup kórsins á Hellubíói verði hætt að sinni. Forsendur sem reiknað var með varðandi rekstur skólamötuneytis eru hugsanlega að breytast og því er líklegt að ekki verði grundvöllur fyrir gerð leigusamnings sem drög liggja fyrir um og var skilyrði af hálfu kórsins fyrir kaupunum.

Lagt er til jafnframt að farið verði fram á að menningarmálanefnd og stjórn Eignaumsjónar leggi fram tillögur um framtíðarhlutverk Hellubíós.

Samþykkt samhljóða.

## **7. Gunnar Þorgilsson - um álagningu fjallskilagjalda vegna Holtamannaafreittar:**

Lagt fram bréf frá Gunnari Þorgilssyni, dagsett 27/1 '04, þar sem sótt er um breytingu á álögdum fjallskilum vegna Holtamannaafreittar.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

*Undirritaðir fulltrúar Ó- og K lista í sveitarstjórn Rangárþings ytra leggja til að ekki verði innheimt fjallskil vegna Holtamannaafreittar, þ.e. þess hluta (50%) er áður tilheyrði Djúpárhreppi.*

*Skýringar:*

*Þegar tekjur fóru að berast af afréttinum fyrir ca. 25-30 árum síðan var hætt að innheimta fjallskilagiöld af jörðum í fyrrum Djúpárhreppi. Þ.e. gjöld voru greidd með tekjum sem af afréttinum komu. Það hlýtur eðli málsins samkvæmt að hafa verið skilningur hreppsnefndarmanna í fyrrum Djúpárhreppi að eðlilegt væri að greiða gjöld sem urðu til við smölun afréttarins með tekjum sem hann gaf af sér. Rétt er að benda á það að tekjum hefur alltaf verið skipt í sömu hlutföllum og gjöldum milli eigenda afréttarins þ.e. Ásahreppur 4/7 hlutar og fyrrum Djúpárhreppur 3/7 hluta. Það er því greinilegt að hreppsnefndarmenn beggja hreppanna hafa ekki skilgreint þessar tekjur sem hver önnur "fasteignagjöld". Ef það hefði verið skilningur beggja hreppsnefndanna hefði væntanlega verið skipt til helminga eins og afréttinum var reyndar skipt árið 1936.*

*Heimir Hafsteinsson, Eggert V. Guðmundsson, Viðar H. Steinarsson.*

Lagt er til að afgreiðslu erindisins og tillögu Ó- og K lista verði frestað og að leitað verði eftir umsögn atvinnu- og ferðamálanefndar um málið.

Samþykkt samhljóða.

## **8. Reiðveganefnd Hestamannafélagsins Geysis - umsókn um framlag til reiðvega 2004:**

Lagt fram bréf frá Hestamannafélaginu Geysi, dagsett 23/2 '04, þar sem sótt er um að Rangárþing ytra sendi L.H. loforð um mótframlag vegna úthlutunar á reiðvegafé fyrir 2004.

Afgreiðslu erindisins frestað og oddvita falið að taka málið upp við oddvita Ásahrepps og Rangárþings eystra.

## **9. Landsmót hestamanna 2004 - um fyrirhugaða sýningu og starfrækslu upplýsingamiðstöðvar á mótinu:**

Lagt fram bréf frá framkvæmdastjóra Landsmóts hestamanna ehf., móttekið 2/3 '04, um drög að fyrirhugaðri sýningu á myndverkum um íslenska hestinn og starfrækslu upplýsingarmiðstöðvar á mótinu.

Lagt er til að hreppsráði verði falið að afgreiða umsóknina.

Samþykkt samhljóða.

## **10. Hringtorg og legu þjóðvegur 1 um Hellu - umræða um stöðu málsins.**

Beiðni lögð fram um umræðu og upplýsingar um stöðu mála varðandi gerð hringtorga á þjóðveg nr. 1 og breytta legu vegarins um Hellu.

Sigurbjartur Pálsson fór yfir atburði undanfarinna vikna varðandi tillögugerð sveitarfélagsins að legu hringvegur um Hellu, fyrirkomulagi hringtorga og tengingu gatnakerfis Hellu við veginn. Tillaga sveitarfélagsins um þessa þætti er tengd tillögugerð um nýtt deiliskipulag um miðbæ Hellu.

Meðal annars hafa verið haldnir fundir með fulltrúum Vegagerðarinnar og sveitarstjórnar með aðkomu þingmanna Suðurkjördæmis í húsnaði Alþingis.

Fram kom að ekki hefur miðað nægilega í átt að samkomulagi við Vegagerðina og virðist bera nokkuð í milli aðila.

Fram kom að brýn nauðsyn er orðin á því að ljúka við tillögu um nýtt deiliskipulag sunnan hringvegarins meðfram bakka Ytri-Rangár og því nauðsynlegt að skipta upp tillögugerð um heildardeiliskipulag fyrir miðbæ Hellu vegna þeirrar seiknunar sem orðin er í tengslum við legu þjóðvegar 1 um Hellu. Skipulags- og byggingafulltrúa hefur þegar verið falið að undirbúa framlagningu á tillögu að deiliskipulagi svæðis sunnan hringvegarins meðfram bakka Ytri-Rangár.

Vinnunefnd á vegum Rangárþings ytra er með þessi mál í vinnslu og mun hún skila niðurstöðum sínum um leið og unnt verður.

### **11. 8. deild Félags leikskólakennara - umsókn um að leikskólunum verði lokað vegna haustþings :**

Lagt fram bréf frá 8. deild Félags leikskólakennara, dagsett 12/2'04, þar sem sótt er um að leikskólum Rangárþings ytra verði lokað 24/9'04, vegna haustþings félagsins.

Lagt er til að erindinu verði vísað til fræðslunefndar til afgreiðslu.

Samþykkt samhljóða.

### **12. Jóhanna Hannesdóttir, Erna Hannesdóttir, Árni Hannesson og Sigríður Hannesdóttir - um kaup á spildu úr landi Tjörvastaða:**

Lagt fram bréf frá Jóhönnu, Ernu, Árna og Sigríði Hannesbörnum, mótttekið 25/2'04, þar sem þau óska eftir því að Rangárþing ytra hafi milligöngu um kaup á spildu úr Tjörvastaðalandi.

Lagt er til að leitað verði álits lögmanns um möguleika sveitarstjórna til þess að kaupa land og selja það tilteknum aðilum án opinberrar auglýsingar um sölu, ef málefnaleg rök liggja fyrir um slíka meðferð.

Samþykkt samhljóða.

### **13. Tillögur frá Heimi Hafsteinssyni, Eggert V. Guðmundssyni og Viðari H. Steinarssyni um snjómokstur, hálkuvarnir, viðhaldsverkefni og lén fyrir heimasíðu:**

Eftirfarandi tillögur lagðar fram á fundi sveitarstjórnar Rangárþings ytra 3/3'04:

Tillaga 1. Varðandi snjómokstur og hálkuvarnir:

*Við undirritaðir leggjum til að sveitarfélagið leiti eftir tilboðum í snjómokstur og hálkuvarnir á gangstéttum á þéttbýlissvæðum innan sveitarfélagsins. Leitast verði við að fá fram einingaverð sem miðað skal við. Miðað verði við að verktakar með lögheimili í Rangárþingi ytra verði eingöngu heimilt að taka þátt í útboðinu. Á grundvelli útboðsins skal samið til tveggja ára í senn. Samningurinn taki gildi haustið 2004.*

*Greinargerð:*

*Tilgangurinn með útboði sem þessu er að leitast við að auka þjónustu við íbúa sveitarfélagsins með það að markmiði að snjóhreinsun verði að jafnaði lokið þegar venjulegur vinnudagur hefst. Nýta krafta þeirra aðila sem að jafnaði sinna verkum sem þessum, með hagkvæmni að leiðarljósi fyrir sveitarfélagið. Samhliða mætti huga að því hvort sveitarfélagið gæti selt hluta af tækjum sem notuð hafa verið við snjóhreinsun fram að þessu. Með tillögunni er ekki hugmyndin að fækka starfsmönnum sveitarfélagsins, sem hafa sinnt þessum störfum fram að þessu, heldur væri þeirra hlutverk að sinna öðrum aðkallandi verkefnum og hafa eftirlit með því að verkinu sé sinnt eins og samningur myndi kveða á um.*

Samþykkt samhljóða að vísa tillögunni til sveitarstjóra til athugunar.

Tillaga 2. Varðandi viðhaldsverkefni á fasteignum sveitarfélagsins:

*Við undirritaðir leggjum til að sveitarfélagið leiti eftir tilboðum í einingaverð/tímavinnu vegna smærri viðhaldsverkefna á fasteignum sveitarfélagisins. Önnur stærri verk skulu boðin út sérstaklega eins og verið hefur.*

*Greinargerð:*

*Teljum það ekki vera í verkahring sveitarfélagsins að ráða til sín smíði eða verkamenn í þeim tilgangi að sinna þessum verkum. Hlýtur að vera hagstæðara að semja við þá verktaka, sem eru starfandi í sveitarfélaginu, um tilfallandi viðhaldsverkefni.*

*Hlutverk starfsmanna sveitarfélagsins í þessum tilvikum er þá að hafa eftirlit með verkefnum og sjá til þess að þau séu unnin með réttum og hagkvæmum hætti.*

Samþykkt samhljóða að vísa tillögunni til stjórnar Eignaumsjónar til athugunar.

Tillaga 3. Varðandi kaup á léni vegna heimasíðu sveitarfélagsins:

*Við undirritaðir leggjum til að keypt verði sérstakt lén fyrir heimasíðu sveitarfélagsins.*

*Greinargerð:*

*Óeðlilegt og óaðgengilegt að hafa fyrirkomulagið eins og það er nú þ.e. að fara í gegnum heimasíðu Úrlausna ehf., rang.is, og síðan inn á heimasíðu Rangárþings ytra. Nauðsynlegt þegar til framtíðar er litið að aðgengið sé betra fyrir hinn almenna notanda þannig að leitast sé við að tryggja hagnýtt gildi heimasíðunnar.*

*Eggert V. Guðmundsson, Heimir Hafsteinsson, Viðar H. Steinarsson.*

Samþykkt samhljóða.

#### **14. Magnús Klemensson - um kaup á hluta af landi jarðarinnar Foss á Rangárvöllum:**

Lagt fram bréf frá Magnúsi Klemenssyni, dagsett 23/2'04, þar sem hann óskar eftir því að sveitarstjórn Rangárþings ytra afsali honum 1/5 hluta af landi jarðanna Árbæjar og Foss á Rangárvöllum sem tekin voru eignarnámi árið 1983 og staðfest var með dómi árið 1984. Meðfylgjandi eru gögn varðandi málið.

Lagt er til að afgreiðslu málsins verði frestað og að leitað verði eftir áliti lögmanns á möguleikum sveitarstjórnar Rangárþings ytra til þess að taka málið upp.

Samþykkt samhljóða.

#### **15. Fundargerð 13. fundar Eignaumsjónar og drög að uppgjöri við Styrkingu ehf.:**

Lögð fram fundargerð 13. fundar stjórnar Eignaumsjónar, 18/2'04, til staðfestingar.

Með fylgja drög að uppgjöri við Styrkingu ehf., vegna verkefna að Laugalandi í tengslum við byggingaframkvæmdir, gatnagerð og endurnýjun lagna, til staðfestingar.

Einnig fylgir með framkvæmdaáætlun Eignaumsjónar fyrir árið 2004, til staðfestingar.

Vísað til hreppsnefndar frá 39. fundi hreppsráðs Rangárþings ytra, 26/2'04.

Fundargerðin og drög að samkomulagi um uppgjör við Styrkingu ehf. og aðra sem málinu tengjast, samþykkt samhljóða.

#### **16. Fundarboð, námskeið, ráðstefnur, þjónusta og umsóknir um styrki:**

Engin erindi liggja fyrir.

#### **17. Annað efni til kynningar:**

- a) Afrit af bréfi, dagsett 12/2'04, frá oddvitunum í Rangárvallasýslu til bæjarstjórnar Árborgar vegna þátttöku þeirra í RHS.
- b) Félagsmálaráðuneytið 17/2'04 - um ranga úthlutun framlags vegna sérþarfa fatlaðra nemenda árið 2003.
- c) Félagsmálaráðuneytið 20/2'04 - um birtingu reglna um fjárhagsaðstoð í B-deild Stjórnartíðinda.
- d) Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga 23/2'04 - um málsmeðferð Vinnumálastofnunar við gerð samnings um skráningu atvinnuleysis.
- e) Ferðafélag Íslands 24/2'04 - áform um lagfæringar á skálum, öðrum búnaði og göngustígum árið 2004.

Fundi frestað kl. 20:45, til mánudags 8. mars 2004 kl. 8:00 árdegis.

**Fundi fram haldið mánudaginn 8. mars 2004 kl. 08.00.**

Mætt eru: Valtýr Valtýsson, Guðmundur I. Gunnlaugsson, Sigrún Ólafsdóttir, Heimir Hafsteinsson, Eggert V. Guðmundsson, Engilbert Olgeirsson og Sigrún Sveinbjarnardóttir, sem ritar fundargerð.

a) Farið yfir fyrirleggjandi drög að fundargerð þessa fundar og hún samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 09.00

Fundargerðin prentuð út og undirrituð.

Sigrún Sveinbjarnardóttir, ritari.

# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

## Fundargerð

27. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra kjörtímabilið 2002 - 2006, haldinn að Laugalandi í Holtum, mánudaginn 2. febrúar 2004, kl. 16:00.

Mætt: Valtýr Valtýsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Engilbert Olgeirsson, Viðar H. Steinarsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Þröstur Sigurðsson, varamaður Heimis Hafsteinssonar, Eggert V. Guðmundsson, Sigurbjartur Pálsson, Guðfinna Þorvaldsdóttir, varamaður Lúðvíks Bergmann og Sigrún Sveinbjarnardóttir, sem ritar fundargerð.

Valtýr setti fund og stjórnaði honum.

Borin upp tillaga að breytingu á dagskrá; nýr 4 liður bætist við og færast aðrir liðir aftur sem því nemur. Einnig bætast m) og n) liðir við 13. lið.

Samþykkt samhljóða.

### 1. Fundargerðir hreppsráðs:

Lögð fram fundargerð 37. fundar hreppsráðs 22/1'04, sem er í 14 liðum.

Samþykkt samhljóða.

### 2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til staðfestingar:

a) Samráðsnefnd Rangárþings ytra og Ásahrepps, 1. fundur 26/1'04, sem er í 7 liðum.

Samþykkt samhljóða.

b) Bygginganefnd íþróttahúss FSu., 11. fundur 9/12'03, sem er í 3 liðum.

Samþykkt samhljóða.

c) Fjárhagsráð FSu., 18. fundur 29/1'04, sem er í 4 liðum.

Samþykkt samhljóða.

### 3. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til kynningar:

a) Bygginganefnd íþróttahúss FSu., 12. fundur 20/1'04, sem er í 3 liðum.

b) Sameiginleg barnaverndarnefnd, 17. fundur 22/1'04, sem er í 5 liðum.

c) Heilbrigðisnefnd Suðurlands, 61. fundur 21/1'04, sem er í 4 liðum.

d) Stjórn Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands, 235. fundur 16/1'04, sem er í 8 liðum.

### 4. Tillaga að lækkun á álagningarprósentum vegna óvæntrar hækkunar á fasteignamati:

Lagt er til að álagningarprósentur eftirtalinnna fasteignagjalda árið 2004 lækki frá því sem samþykkt var 1. desember 2003 og verði eftirfarandi:

Fasteignaskattur á húsnæði í A flokki verði 0,36% (í stað 0,4%)

Lóðarleiga verði 0,9% (í stað 1%)

Holræsagjald, sérstakt framkvæmdagjald 0,08% (í stað 0,1%)

Greinargerð:

Samkvæmt ákvörðun Yfirfasteignamatnefndar og fjármálaráðuneytisins hækkaði fasteignamat íbúðarhúsnæðis á Hellu um 15% þ. 31. desember 2003. Fasteignamat íbúðarhúsnæðis annars staðar og útihúsa í landbúnaði hækkaði um 10%. Þessi hækkun á fasteignamatinu var meiri en gert hafði verið ráð fyrir og leiddi til hækkunar tekna af framangreindum gjöldum umfram það sem gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun fyrir árið 2004. Vegna

Þessa þykir rétt að aðlaga álagningarprósentur framangreindra fasteignagjalda að þessari óvæntu hækkun á fasteignamatinu og lækka þær frá því sem áður var samþykkt. Lækkun á ofangreindum álagningarprósentum kemur fasteignaeigendum til góða sem urðu fyrir mestri hækkun á fasteignamatinu og jafnar þeirra stöðu miðað við aðra. Lækkun á álagningarprósentu fasteignaskattsins kemur að auki öllum öðrum eigendum húsnæðis í A flokki fasteignaskatts innan sveitarfélagsins til góða.  
Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, sveitarstjóri.

Samþykkt samhljóða.

Bókun vegna tillögu um lækkun á álagningarprósentum fasteignaskatts í A flokki, lóðarleigu og sérstöku framkvæmdagjaldi á holræsagjald. Undirritaðir fagna því að meirhluti hreppsnefndar skuli sjá að sér og létta af þessum hluta skattaálagna á íbúa og atvinnurekstur í sveitarfélaginu. Einnig viljum við hvetja meirihlutann til að fara að áður framkomnum tillögum okkar og endurskoða einnig aðrar skattprósentur til lækkunar til hagsbóta fyrir íbúa og atvinnurekstur.  
Viðar Steinarsson, Eggert V. Guðmundsson og Þröstur Sigurðsson.

Bókun fulltrúa D-lista í hreppsnefnd Rangárþings ytra sem er svar við bókun fulltrúa K og Ó lista, lögð fram á fundi hreppsnefndarinnar þ. 2. febrúar 2004.

Vegna þess sem fram kemur í bókun K og Ó lista um að meirihluti hreppsnefndar hafi séð að sér vegna ákvörðunar um álagningarprósentur, skal áréttað að aðeins er um eðlilega breytingu á álagningarprósentum að ræða vegna herra fasteignamats en gert hafði verið ráð fyrir. Meirihlutinn hefur að leiðarljósi nú, sem fyrr, að skattbyrði íbúa sveitarfélagsins sé ekki meiri en brýn þörf er fyrir. Minnt skal á að nánast allar álagningarprósentur í Rangárþingi ytra eru vel undir heimiluðu hámarki.  
Valtýr Valtýsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Sigurbjartur Pálsson, Engilbert Olgeirsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson

#### **5. SASS - drög að stefnumótun í menningarmálum á Suðurlandi og drög að samstarfssamningi - ósk um umsögn:**

Lagt fram bréf frá Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, dagsett 14/1'04, þar sem óskað er umsagnar um drög að "Stefnumótun í menningarmálum á Suðurlandi" og "Samstarfssamningi sveitarfélaga á Suðurlandi um menningarmál".

Samþykkt samhljóða að vísa erindinu til menningarmálanefndar Rangárþings ytra til umsagnar.

#### **6. Fulltrúar K og Ó lista - ósk um breytingu á föstum fundartíma hreppsnefndar:**

Lögð fram tillaga frá fulltrúum K og Ó lista, dagsett 16/1'04, um að fastur fundartími hreppsnefndar færist á fyrsta miðvikudag í mánuði.

Samþykkt samhljóða.

Leggja þarf fram tillögu að breytingu á samþykktum um stjórn og fundarsköp Rangárþings ytra og auglýsa breyttan fundartíma.

#### **7. Fundir hreppsnefndar í febrúar:**

Rætt um dagsetningu næsta aukafundar hreppsnefndar sem verður að öllum líkindum í febrúar vegna væntanlegrar afgreiðslu á 3ja ára áætlun.

#### **8. Árhús ehf. - umsókn um kaup á landi:**

Lagt fram bréf frá Árhúsum ehf., dagsett 23/1'04, þar sem sótt er um kaup á leigulandi Árhúsa ehf. við Rangárbakka.

Þröstur Sigurðsson tekur ekki þátt í umræðu né atkvæðagreiðslu.

Samþykkt samhljóða að láta mæla landspilduna og fá verðhugmyndir hjá óvilhöllum aðilum.

**9. Ómar Smári Kristinsson og Nína Ivanova - um framkvæmdir og merkingar á göngusvæðum og tilboð um kaup á skoðanakönnun:**

Lagt fram bréf frá Ómari Smára Kristinssyni og Nínu Ivanovu, dagsett 25/1'04, þar sem lagt er til að sótt verði um styrk til Ferðamálaráðs árið 2005 vegna lagfæringa og merkinga á göngusvæðum í nágrenni Landmannalauga og Landmannahellis.

Samþykkt samhljóða að vísa erindinu til hálendisnefndar og atvinnu- og ferðamálanefndar til umfjöllunar.

Einnig er lagt fram bréf frá Ómari Smára og Nínu, dagsett 2/1'04, þar sem lagt er fram tilboð um kaup á skoðanakönnun um viðhorf til þróunar þjónustu á hálendinu.

Samþykkt samhljóða að ganga að tilboði um kaup á skoðanakönnun á kr. 7.000.-.

Hreppsnefnd fagnar áhuga Ómars Smára og Nínu á framfaramálum á Landmannaafretti.

**10. Hálendismiðstöðin Hrauneyjum - um "jaðarmiðstöð á hálendinu":**

Lagt fram bréf frá Hálendismiðstöðinni Hrauneyjum, dagsett 27/1'04, þar óskað er eftir að Hrauneyjar verði skilgreindar sem jaðarmiðstöð á gildandi skipulagi um miðhálendi Íslands.

Samþykkt samhljóða að vísa erindinu til hálendisnefndar til umfjöllunar.

**11. Leikskólastjóri Heklukots - um ráðningu aðstoðarskólastjóra:**

Lagt fram bréf frá leikskólastjóra Heklukots, dagsett 26/1'04, varðandi ráðningu í stöðu aðstoðarskólastjóra Heklukots.

Samþykkt samhljóða að vísa erindinu til umsagnar fræðslunefndar og síðan til afgreiðslu í hreppsráði.

**12. Fundarboð, námskeið, ráðstefnur, þjónusta og umsóknir um styrki:**

a) Norræna sveitarstjórnarráðstefnan 13.-15/6'04 - upplýsingar og skráningarblöð vegna þátttöku.

Samþykkt samhljóða að greiða kostnað vegna hugsanlegrar þátttöku hreppsnefndarmanna í ráðstefnunni.

b) Veraldarvinir 25/1'04 - boð um samvinnu um sjálboðaliðaverkefni sumarið 2004.

Samþykkt samhljóða að vísa erindinu til umhverfisnefndar, menningarmálanefndar og atvinnu- og ferðamálanefndar til athugunar.

**13. Annað efni til kynningar:**

a) Vegagerðin 20/1'04 - um hálkueyðingu og snjómokstur í Rangárþingi ytra.

b) Hreppsnefnd Ásahrepps 26/1'04 - um skiptingu kostnaðar vegna starfa starfsmanns Eignaumsjónar.

c) Lögmenn Thorsplani 16/1'04 - upplýsingar vegna nauðasamninga Túnfótar hf.

d) Heilbrigðiseftirlit Suðurlands 23/1'04 um setningu samþykktar og gjaldskráa á vegum sveitarfélaga.

e) Félagsmálaráðuneytið 27/1'04 - um rafræn skil á fjárhagsáætlunum.

f) Félagsmálaráðuneytið 20/1'04 - yfirlit um útreikning framlaga, þ.m.t. aukaframlag árið 2003.

g) Nefnd um sameiningu sveitarfélaga 22/1'04 - ósk um tillögur frá landshlutasamtökum og sveitarfélögum.

- h) Samgönguráðuneytið 27/1 '04 - um ályktun sveitarstjórnar Rangárþings ytra um vetrarþjónustu Vegagerðarinnar.
- i) Menntamálaráðuneytið 22/1 '04 - um "Evrópuár menntunar með iðkun íþrótta".
- j) Stjórn BSRB 16/1 '04 - ályktun um mótframlag sveitarfélaga vegna séreignalífeyrissparnaðar.
- k) UMFÍ 12/1 '04 - um aðstöðu aldraðra til iðkunar íþrótta og fegrun umhverfis íþróttamannvirkja.
- l) ÍSÍ Íþrótta og Ólympíusamband Íslands 23/1 '04 - um íþróttaiðkun ungmenna án endurgjalds.

Samþykkt samhljóða að senda afrit af bréfinu til íþrótta- og æskulýðsnefndar til upplýsingar.

- m) Golfklúbbur Hellu 30/1 '04 - kynning á unglíngastarfi 2003.
- n) Samband íslenskra sveitarfélaga 30/1 '04 - niðurstöður könnunar á kjörum sveitarstjórnarmanna og framkvæmdastjóra.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:00.

Sigrún Sveinbjarnardóttir, ritari.

# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

## Fundargerð

**26. fundur** hreppsnefndar Rangárþings ytra kjörtímabilið 2002 - 2006, haldinn að Laugalandi í Holtum, mánudaginn 12. janúar 2004, kl. 18:00.

Mætt: Valtýr Valtýsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Engilbert Olgeirsson, Viðar H. Steinarsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Þróstur Sigurðsson, varamaður Heimis Hafsteinssonar, Eggert V. Guðmundsson, Sigurbjartur Pálsson, Lúðvík Bergmann og Sigrún Sveinbjarnardóttir, sem ritar fundargerð.

Valtýr setti fund og stjórnaði honum.

### **1. Fundargerðir hreppsráðs:**

Engar fundargerðir liggja fyrir.

### **2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til staðfestingar:**

a) Félagsmálanefnd - 23. fundur 30/12'03, sem er í 7 liðum.

Samþykkt samhljóða.

### **3. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til kynningar:**

Engar fundargerðir liggja fyrir.

### **4. Sigurjón Bjarnason, skólastjóri Laugalandsskóla - umsókn um námsleyfi:**

Lagt fram bréf frá Sigurjóni Bjarnasyni, skólastjóra Laugalandsskóla, dagsett 30/12'03, þar sem hann sækir um námsleyfi skólaárið 2004-2005.

Samþykkt samhljóða.

### **5. Vetrarsamgöngur, snjóhreinsun og hálkueyðing :**

Lögð fram tillaga að ályktun um snjóhreinsun og hálkueyðingu á vegum í umsjá Vegagerðarinnar í Rangárþingi ytra.

Ályktun verður send til Vegagerðarinnar og afrit til þingmanna Suðurkjördæmis og samgönguráðuneytis.

Samþykkt samhljóða.

### **6. Fulltrúar K og Ó lista - ósk um breytingu á föstum fundartíma hreppsnefndar:**

Lögð fram tillaga frá fulltrúum K og Ó lista, dagsett 7/1'04, um breytingu á föstum fundartíma sveitarstjórnar Rangárþings ytra.

Afgreiðslu frestað.

## **7. Túnfótur hf. - fundur um fyrirbyggjandi nauðasamningsfrumvarp:**

Lagt fram bréf frá Túnfæti hf., mótttekið 8/1'04, þar sem sagt er frá fyrirhugaðri atkvæðagreiðslu um nauðasamningsfrumvarp á fundi 16/1'04, kl. 11:00 með lánadrottnum fyrirtækisins.

Samþykkt samhljóða að veita Kristni Hallgrímssyni, hrl. umboð til þess að greiða atkvæði og samþykka nauðasamningsfrumvarpið f.h. Rangárþings ytra.

## **8. Tillaga að fjárhagsáætlun 2004 - síðari umræða:**

Lögð fram eftirfarandi tillaga að breytingum á fjárhagsáætlun Rangárþings ytra 2004:

*Liðurinn sameiginlegir liðir - fræðslumál verði kr. 1.700.000,  
listaverkakaup - menningarmál verði kr. 300.000.-,  
jól og áramót - menningarmál hækki um kr. 150.000.-,  
deiliskipulagsmál - skipulags- og byggingamál hækki um kr. 1.278.000.-,  
útgáfustyrkir - sameiginlegur kostnaður verði kr. 260.000.-.*

Samþykkt með 5 atkvæðum, 4 sitja hjá (V.H.S., E.V.G., Þ.S. og L.B.).

Helstu fjárhæðir í fjárhagsáætlun samstæðu Rangárþings ytra fyrir árið 2004 eru:

Rekstur:

Heildartekjur eru áætlaðar kr. 552.310 þús.

þ.a. skatttekjur kr. 464.110 þús.

Heildargjöld án fjármagnsliða eru áætluð kr. 537.556 þús.

Tekjuafgangur fyrir fjármagnsliði er áætlaður kr. 14.754 þús.

Fjármagnsliðir eru áætlaðir kr. 27.022 þús.

Efnahagur:

Eigið fé er áætlað kr. 501.566 þús.

Lífeyrisskuldbindingar eru áætlaðar kr. 12.292 þús.

Fastafjármunir eru áætlaðar kr. 924.710 þús.

Veltufjármunir eru áætlaðir kr. 91.574 þús.

Eignir eru samtals áætlaðar kr. 1.016.283 þús.

Langtímaskuldir eru áætlaðar kr. 396.386 þús.

Skammtímaskuldir eru áætlaðar kr. 106.039 þús.

Skuldir og eigið fé samtals er áætlað kr. 1.016.283 kr.

Bókun vegna afgreiðslu fjárhagsáætlunar Rangárþings ytra fyrir árið 2004.

Lögð fram á fundi sveitarstjórnar mánudaginn 12. janúar 2004.

*Undirritaðir fulltrúar í sveitarstjórn Rangárþings ytra harma þau lausatök sem verið hafa við stjórn sveitarfélagsins til þessa og telja að ekki verði breyting þar á miðað við þá fjárhagsáætlun sem nú liggur fyrir. Það er greinilegt að verið er að hagræða tölum í ýmsum málaflokkum í þeim tilgangi einum að búa til ásættanlega niðurstöðu. Niðurstöðu sem er óraunhæf miðað við þann árangur sem náðst hefur undanfarin ár. Rekstur Rangárþings ytra er hvorki flóknari eða margþættari en annarra sveitarfélaga af sömu stærð eins og fram kemur í greinargerð sveitarstjóra með fjárhagsáætluninni. Sú skilgreining er ættuð úr hugarheimi meirihlutans og lýsir vanmætti hans gagnvart verkefnum sínum.*

*Fyrirliggjandi áætlun sýnir að:*

- Rekstrargjöld eru áætluð 96.66% af áætluðum heildartekjum sem sýnir skort á aðhaldi í rekstri.
- Skuldir samstæðu hækka milli ára þrátt fyrir mjög litla nýffárfestingu og viðhald eigna sé undir þörfum.
- Hvergi örlar á hugmyndum um nýsköpun eða sókn til framsfara.
- Skattahækkningar eru úrræði meirihlutans, vasar skattgreiðenda virðast eina sóknarfærið gegn sjálfsköpuðum rekstrarvanda og miklum skuldum.

*Við undirritaðir viljum benda á nokkur brýn atriði sem að okkar dómi vantar í fyrirbyggjandi áætlun.*

Almennt:

- Einfalt en skilvirkt stjórnkerfi með virku kostnaðaraðhaldi í rekstri.
- Heildstæða framkvæmdaáætlun rökstudda af þarfagreiningu.
- Ná niður kostnaði í rekstri með skilvirkari vinnubrögðum við útbod verkefna.
- Hugmyndir um markaðssetningu fjölmargra vannýtttra eigna sveitarfélagsins.

Einstök verkefni sem að okkar mati vantar í áætlunina:

- Áætlun um vatnsveituframkvæmdir. Afar mikilvægt.
- Áætlun um vegtengingu frá Oddavegi að Bakkabæjarvegi. (Með samningi við vegagerðina.)
- Hugmyndir um úrbætur á stjórnsýsluáðstöðu. Undirritaðir hafa bent á hagkvæmar lausnir sem vinna mætti eftir.

Þá vekur athygli að í fjárhagsáætluninni er gert ráð fyrir að fjárframlög til Þykkvabæjarskóla verði skorin niður um rúmar 3 milljónir króna eða um tæp 10% miðað við framlagða áætlun Þykkvabæjarskóla, án samráðs við stjórnendur skólans.

Í ljósi þeirra skattahækkana og lausungar í rekstri sem fyrirliggjandi áætlun innifelur, þá getum við undirritaðir ekki stutt hana, við höfnum hugmyndaleysi meirihlutans.

Viðar H. Steinarsson, Eggert V. Guðmundsson, Þröstur Sigurðsson.

Bókun fulltrúa D-lista í hreppsnefnd Rangárþings ytra í tilefni af bókun fulltrúa K og Ó lista vegna afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2004, lögð fram á fundi hreppsnefndarinnar þ. 12. janúar 2004:

Við er á bug fullyrðingum fulltrúa K og Ó lista um lausatök og hagræðingu talna í fjárhagsáætlun Rangárþings ytra, enda eru ekki sett fram rök þeim til stuðnings af þeirra hálfu.

Um fjölþættan rekstur er nægilegt að benda á fjölda skóla, íþróttahúsa og sundlauga í rekstri sveitarfélagsins.

Í greinargerð með tillögu að fjárhagsáætluninni er edlilega getið um liði eins og hlutfall rekstrarkostnaðar af heildartekjum en við er á bug, að sú staðreynd beri vott um lausatök í rekstrinum.

Nýfjárfestingar eru edlilegar hjá Rangárþingi ytra og að auki er veruleg greiðslubyrði ennþá vegna mikilla framkvæmda síðustu ára.

Við er á bug ósmekklegu orðalagi um "vasa skattgreiðenda".

Úrræði eða hugmyndir fulltrúa K og Ó lista eru ekki margar en ýmislegt er sett fram með óljósu orðalagi sem auðvelt er að teygja út yfir móa og mela.

Vegna fullyrðingar um að ekki hafi verið haft samráð við skólastjóra Þykkvabæjarskóla um lækkan tillögu um fjárheimild skólans árið 2004, skal tekið fram að hann hefur fengið vitneskju um tillöguna í fjárhagsáætluninni og síðan verður haft edlilegt samráð um úrvinnslu mála í ljósi samþykkrar fjárhagsáætlunar. Ekki hafa komið fram tillögur frá fulltrúum K og Ó lista um auknar fjárheimildir til skólans ásamt rökstuðningi.

Fulltrúar K og Ó lista óska eftir "virku kostnaðaraðhaldi í rekstri" á einum stað í bókun sinni en setja svo hornin í nákvæmlega þann þátt á öðrum stað í bókuninni. Ekki er auðvelt að skilja þessa hringavitleysu af þeirra hálfu.

Valtýr Valtýsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Sigurbjartur Pálsson, Engilbert Olgeirsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2004 samþykkt með áorðnum breytingum með 5 atkvæðum, 3 á móti (V.H.S., E.V.G. og Þ.S.), 1 situr hjá (L.B.).

## **9. Fundarboð, námskeið, ráðstefnur, þjónusta og umsóknir um styrki:**

Minnt er á fund um "Bright start" að Laugalandi þ.14/1 2004, kl. 16:00.

## **10. Annað efni til kynningar:**

a) Félagsmálaráðuneytið 5/1 2004 - samþykkt frestun á skilum á fjárhagsáætlun fyrir 2004.

b) Holtaveitan 19/11'03 - bréf til skipulags- og bygginganefndar um neysluvatn í frístundahús sbr. bókun í fundargerð hreppsnefndar frá 5/1 '04 vegna 1. liðar í fundargerð skipulags- og bygginganefndar frá 22/12'03.

c) Hreppsnefnd Ásahrepps 30/12'03 - skipan í samráðsnefnd Ásahrepps og Rangárþings ytra.

Samþykkt samhljóða að hreppsráð og sveitarstjóri Rangárþings ytra verði í samráðsnefnd með fulltrúum Ásahrepps um sameiginleg hagsmunamál sveitarfélaganna önnur en afréttamál.

- d) Hreppsnefnd Ásahrepps 30/12'03 - samþykki við málaleitan um skil á lokaskýrslu um Ferðamálaverkefni í vesturhluta Rangárvallasýslu.
- e) Skógræktarfélag Rangæinga 29/12'03 - greinagerð um starf félagsins á árinu 2003.
- f) Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands 29/12'03 - upplýsingar um framlög sveitarfélaga á Suðurlandi til Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands 2004.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 21.00.

Sigrún Sveinbjarnardóttir, ritari.

# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

## Fundargerð

**25. fundur** hreppsnefndar Rangárþings ytra kjörtímabilið 2002 - 2006, haldinn að Laugalandi í Holtum, mánudaginn 5. janúar 2004, kl. 16:00.

Mætt: Valtýr Valtýsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Engilbert Olgeirsson, Viðar H. Steinarsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Þröstur Sigurðsson, varamaður Heimis Hafsteinssonar, Eggert V. Guðmundsson, Sigurbjartur Pálsson og Sigrún Sveinbjarnardóttir, sem ritar fundargerð.

Valtýr setti fund, stjórnaði honum og árnaði viðstöddum gleðilegs nýs árs.

### **1. Fundargerðir hreppsráðs:**

a) Lögð fram fundargerð 35. fundar hreppsráðs 11/12'03, sem er í 16 liðum.

Samþykkt samhljóða.

b) Lögð fram fundargerð 36. fundar hreppsráðs 29/12'03, sem er í 17 liðum.

Fundargerðin samþykkt samhljóða að 13. lið fundargerðarinnar undanskildum.

13. liður borin upp sérstaklega:

Samþykkt með 6 atkvæðum. 1 á móti (E.V.G.) og 1 situr hjá (P.S.).

Eftirfarandi bókun lögð fram:

*Undirritaður harmar afgreiðslu hreppsráðs á erindi Smíðanda ehf. þar sem þeir fara fram á leiðréttingu sinna mála vegna framkvæmda við nýbyggingu við Bogatún á Hellu. Að mínum dómi eru það léleg vinnubrögð að hafna slíku erindi án þess að fram komi fagleg og efnisleg rök fyrir afstöðu hreppsráðs.  
Eggert V. Guðmundsson.*

### **2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til staðfestingar:**

a) Atvinnu- og ferðamálanefnd - 14. fundur 13/11'03, sem er í 5 liðum.

Fundargerðin afgreidd með eftirfarandi athugasemdum:

1. liður fundargerðarinnar: Samningaumleitunum við veiðimenn frestað þar til komnar eru niðurstöður frá vinnunefndum á vegum ríkisins um eyðingu minka og refa.

Samþykkt samhljóða.

2. liður fundargerðarinnar: Samþykkt samhljóða að Ómari Smára Kristinssyni og Nínu Ívanovu verði kynnt niðurstaða nefndarinnar um tillögu þeirra um "Suðurfjallaþjóðgarð".

3. liður fundargerðarinnar: Samþykktur samhljóða.

4. liður fundargerðarinnar: Samþykkt að vísa tilmælum nefndarinnar til gerðar fjárhagsáætlunar 2004 og frekari umfjöllunar sveitarstjórnar og Eignaumsjórnar.

5. liður fundargerðarinnar: Til kynningar.

b) Fræðslunefnd - 26. fundur 11/12'03, sem er í 8 liðum.

Einnig er lögð fram greinargerð um ástand húsnæðis leikskólans að Laugalandi 10/12'03.

Fundargerðin samþykkt samhljóða með eftirfarandi athugasemdum.

4. liður fundargerðarinnar: Vísað til fræðslunefndar og Eignaumsjónar til áframhaldandi athugunar og tillögugerðar.

Samþykkt samhljóða.

6. liður fundargerðarinnar: Samþykkt samhljóða að fela sveitarstjóra að auglýsa stöðu aðstoðaleikskólastjóra við Heklukot í samráði við leikskólastjóra.

c) Skipulags- og bygginganefnd - 18. fundur 22/12'03, sem er í 8 liðum.

Bréf frá Holtaveitunni, sem getið er um í 1. lið, verður lagt fram til kynningar á næsta fundi hreppsnefndar.

7. lið fundargerðarinnar frestað þar til nauðsynleg gögn hafa borist.

Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin samþykkt samhljóða að öðru leyti.

### **3. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til kynningar:**

Engar fundargerðir liggja fyrir.

### **4. Hrefna Óskarsdóttir - um staðaruppbot í Þykkvabæjarskóla:**

Lagt fram bréf frá Hrefnu Óskarsdóttur, trúnaðarmanni kennara við Grunnskólann á Hellu, dagsett 5/12'03, um staðaruppbot kennara í Þykkvabæ, vísað til hreppsnefndar frá hreppsráði 11/12'03.

Lögð fram tillaga að svarbréfi til Hrefnu Óskarsdóttur.

Tillagan samþykkt með 5 atkvæðum. 3 sitja hjá (V.H.S., E.V.G., Þ.S.).

Eftirfarandi bókun lögð fram:

*Bókun vegna bréfs frá trúnaðarmanni kennara við grunnskólann á Hellu til sveitarstjórnar Rangárþings ytra dagsett 5. desember 2003.*

*Undirritaðir taka undir þá afstöðu sem fram kemur í bréfinu um að sveitarfélagið skuli gæta jafnræðis í launakjörum starfsmanna sinna.*

*Misræmi í launakjörum fólks sem vinnur sambærileg störf fyrir sama vinnuveitanda veldur ólgu og togstreitu og spillir vinnufriði auk þess sem það kann að vera ólöglegt.*

*Sú staðreynd að starfskjör í nýju sveitarfélagi hafa enn ekki verið samræmd skrifast með fullri ábyrgð á sleifarlag meirihluta hreppsnefndar Rangárþings ytra.*

*Undirritaðir fulltrúar hafa itrekað kallað eftir tillögum um þetta efni frá nefnd sem skipuð var til að vinna að samræmingu á starfskjörum og starfsmannastefnu. Einnig var starfslýsing oddvita í 60% starf sveitarstjóra meðal annars um vinnu við samræmingu starfskjara og mótun starfsmannastefnu. Þær tillögur hafa ekki borist sveitarstjórn enn.*

*Viðar Steinarsson, Eggert V. Guðmundsson, Þröstur Sigurðsson.*

Bókun fulltrúa D-lista í hreppsnefnd Rangárþings ytra sem er svar við bókun fulltrúa K og Ó lista, lögð fram á fundi hreppsnefndarinnar þ. 5. janúar 2004.

*Vegna hugleiðinga í bókun K og Ó lista um að mismunandi kjör kunní að vera ólögleg er bent á, að sveitarfélög um allt land og þar á meðal sveitarfélögin sem sameinuðust í Rangárþingi ytra hafa tíðkað það að veita ákveðnum hópi starfsmanna húsnæðisfríðindi og fleira m.a. til þess að laða að fagmenntað fólk. Með þessu hafa verið mismunandi kjör hjá starfshópum sveitarfélaga til langs tíma og enginn hefur gert athugasemd við það.*

*Ekkert sleifarlag hefur verið við undirbúning að vinnu nefndar um kjör og hlunnindi starfsmanna, en tillögugerð hefur tekið nokkurn tíma, m.a. vegna breytinga á uppsetningu starfsþátta svo sem félagsþjónustu og fleira. Að lokum skal það enn og aftur tekið fram að oddviti er ekki í starfi sveitarstjóra. Valtýr Valtýsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Sigurbjartur Pálsson, Engilbert Olgeirsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson.*

### **5. Endurnýjun samnings við Vinnumálastofnun:**

Lögð fram drög að samningi við Vinnumálastofnun um skráningu atvinnuleysis, dagsett 22/12'03.

Samþykkt samhljóða að ganga til samninga við Vinnumálastofnun að því tilskyldu að greiðsla fyrir skráningu verði uppreiknuð skv. launavísitölu.

Lúðvík Bergmann mætir á fundinn kl. 17:45.

### **6. Örnefnanefnd - álit á örnefnum:**

Lagt fram bréf frá Örnefnanefnd, dagsett 18/12'03, þar sem óskað er álits hreppsnefndar á örnefnum Nýidalur eða Jökuldalur við Tungnafellsjökul, Locksfell eða Lokatindur, norðnorðvestur af Öskju og Wattsfell eða Vatsfell, sunnan við Öskju.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra telur að nafnið "Nýidalur" skuli notað á landakort. Sveitarstjórn telur jafnframt rétt að nota örnefnið Lokatindur og Vatsfell sem eru íslensk heiti.

### **7. Tillaga að reglum um afslætti af fasteignagjöldum til elli- og örorkulífeyrisþega:**

Lögð fram tillaga að breytingu á reglum um afslætti af fasteignagjöldum elli- og örorkulífeyrisþega, vísað til hreppsnefndar frá hreppsráði 11/12'03:

*Elli- og örorkulífeyrisþegum (75% og meira) skal veittur afsláttur af álögdum fasteignaskatti af íbúðarhúsnæði sem þeir búa í sjálfir samkvæmt eftirfarandi reglu:*

*Lágmarksafsláttur af fasteignaskatti til lífeyrisþega er 25% þegar hlutfall tekjutryggingar er á bilinu 1% - 25%.*

*Afslátturinn vex síðan hlutfallslega í samræmi við hlutfall tekjutryggingar og getur mestur orðið 100%.*

*Elli- og örorkulífeyrisþegum (75% og meira) skal veittur afsláttur af holræsagjaldi vegna íbúðarhúsnæðis sem þeir búa í sjálfir samkvæmt eftirfarandi reglu:*

*Lágmarksafsláttur af holræsagjaldinu er 12,5% þegar hlutfall tekjutryggingar er á bilinu 1% - 25%. Afslátturinn vex síðan hlutfallslega í samræmi við hlutfall tekjutryggingar og getur mestur orðið 50% þegar tekjutrygging er 100%.*

Tillagan samþykkt samhljóða.

### **8. Ósk um kaup á Tjörvastaðahólma:**

Lagt fram bréf frá sýslumanninum á Hvolsvelli, dagsett 4/12'03, þar sem fram kemur að embættið gerir ekki athugasemd við að séreign verði stofnuð um Tjörvastaðahólma út úr landi Merkihvols með stofnskjali og að það hljóti venjubundna meðferð. Tjörvastaðahólmi er 3,4 ha. að stærð.

Samþykkt samhljóða að gengið verði til samninga við börn Hannesar Árnasonar um kaup á Tjörvastaðahólma og að söluverð verði kr. 510 þúsund.

### **9. Uppboð á Þrúðvangi 33 - kaup á húsinu:**

Þrúðvangur 33 - frystihús - var á nauðungaruppboði þ. 29/12'03, vegna skulda við Rangárþing ytra. Guðmundur I. Gunnlaugsson, sveitarstjóri kynnti málið.

Samþykkt samhljóða að kaupa húsið samkvæmt gerðu tilboði á nauðungaruppboðinu fyrir kr. 500 þúsund.

#### **10. Fjárhagsáætlun 2004 - fyrri umræða:**

Lögð fram tillaga að fjárhagsáætlun Rangárþings ytra 2004.

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, sveitarstjóri, las greinargerð með fjárhagsáætluninni og fór yfir áætlunina, samstæðureikninga og yfirlit. Um áætlunina sjálfa er vísað í fylgiskjöl.

Fjárhagsáætlun 2004 vísað til síðari umræðu sem áætluð er 12/1'04, kl. 18:00.  
Hreppsráðsfundur, sem áætlaður var 8/1'04, fellur niður.

Samþykkt samhljóða.

#### **11. Fundarboð, námskeið, ráðstefnur, þjónusta og umsóknir um styrki:**

a) Sameiginlegur fundur 14/1'04 með hreppsnefndum og fræðslunefnd Rangárþings ytra og Ásahrepps um verkefnið "Bright start", sem til stendur að taka upp í Laugalandsskóla.

Til kynningar.

#### **12. Annað efni til kynningar:**

- a) Landgræðsla ríkisins 10/12'03 - um þátttöku í landgræðslu á Landmannaafretti.
- b) Vegagerðin 8/12'03 - um tengingar vega og gatna við vegakerfi í umsjón Vegagerðarinnar.
- c) Félagsmálaráðuneytið 29/12'03 - um rafræn skil á fjárhagsáætlunum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 21:00.

Sigrún Sveinbjarnardóttir, ritari.